



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13 janúar 2005 – 11. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Vefang: visir.is – Sími: 550 5000



FIMMTUDAGUR



ALFRED SEGIST EKKI HÆTTA

Alfred Þorsteinsson segir kröfu um að hann víki vegna langrar reynslu í pólitík út í hött og bendir á að hann hafi verið álika lengi að og Halldór Ásgrímsson. Sjá síðu 2

FYLGIJAST VEL MEÐ FERÐUM TIL ÍSLANDS

Upplýsingafulltrúi hjá tollinum í Bremerhaven segir íslensk skip og flugvélar vera undir sérstöku eftirliti í Þýskalandi. Fikniefnin sem tekin voru í Hauki ÍS eru margfalt verðmætari en aflinn sem var landað í Þýskalandi. Sjá síðu 4

MINNI VIÐSKIPTAHALLI

Forstöðu- maður greiningardeildar Landsbankans segir viðskiptahallann fyrstu níu mánuði síðasta árs minni en búist var við. Skýringin er hugsanlega sú að fólk er ekki bara að eyða í neyslu heldur í húsnæði. Sjá síðu 6

VEDRIÐ Í DAG



ROK OG ÚRKOMA Á LEIÐNI

Úrkomulitið í fyrstu. Slydda og síðar riging um sunnan- og vestanvert landið í kvöld og nótt. Hlýnandi veður. Sjá síðu 4

DAGURINN Í DAG



KLASSÍSK TÓNLIST OG PASSÍU-LESTUR

Sinfóníuhljómveit Íslands flytur verk eftir Haydn og György Ligeti klukkan hálf átta í Háskólabíói. Stjórnandi er Ilan Volkov og rithöfundurinn Pétur Gunnarsson les valda kafla úr Passíusálmum Hallgríms Péturssonar.

Kvikmyndir	34	Myndlist	32
Tónlist	30	Íþróttir	26
Leikhús	32	Sjónvarp	36

## Aukinn kvóti gefur sex milljarða í tekjur

Hafrannsóknastofnunin leggur til að loðnukvóti íslenskra skipa verði 780 þúsund tonn í stað 224 þúsund tonna. Útflutningsverðmæti aukningarinnar nemur að minnsta kosti 6 milljörðum króna.


**FISKVEIÐAR** Með aukningu loðnukvótans sem Hafrannsóknastofnunin lagði til í gær gætu útflutningstekjur aukist um að minnsta kosti 6 milljarða króna, að mati Friðriks J. Arngrímssonar, framkvæmdastjóra Landssambands íslenskra útvegsmanna. „Miðað við að allur aflinn veiddist og færi allur í bræðslu,“ sagði hann og kvað útvegsmenn hæsta-nægða með aukninguna. „Þetta skiptir sköpum, því auðvitað var ekki trygging fyrir einu eða neinu fyrr en að loknum mælingum.“

Lagður er til aukinn kvóti til íslenskra skipa upp á 556 þúsund tonn. Rannsóknarskipið Árni

Friðriksson lauk mælingum á loðnugöngu norður og austur af landinu á sunnudag. Heildarkvótinn verður samkvæmt tillögunni 985 þúsund tonn, en samkvæmt því verður hlutur íslenskra skipa 780 þúsund tonn. Útgefinn bráða-birgðakvóti nam einungis um 224 þúsund tonnum. Reglugerð um kvótaaukninguna er væntanleg á næstu dögum frá sjávarútvegsráðherra. Friðrik taldi að menn mættu hafa sig alla við ef nást ætti að veiða allan kvótann. „Þar spilar auðvitað veðurfar inn í,“ sagði hann en í fyrra varð bræla í lok tímabils til þess að ekki náðist að veiða allan kvóta.

Hjálmar Vilhjálmsson, fiski-fræðingur og loðnusérfræðingur Hafrannsóknastofnunar, segir menn hafa verið orðna nokkuð

LOÐNUKVÓTI ÍSLENSKRA SKIPA Á ÁRNUM 2001-2005 Í TONNUM



Heimild: Fiskistofa

svartsýna eftir að hafa í haust komið úr loðnuleit „með öngulinn í rassinum“. Hann taldi hlýrri sjó kunna að hafa valdið breyttri dreifingu loðnunnar á haustin. „En hún er alltaf að koma manni á óvart, nú ánægjulega,“ sagði hann og taldi það góða undantekningu. Alls mældust út af Norðurlandi 1.272 þúsund tonn af kynþroska loðnu.

Hjálmar var um borð í Árna Friðrikssyni í „kolvitlausu veðri“ seinni partinn í gær. „Við liggjum undir Langanesi þar til lægir,“ sagði hann, en skipið er á leið til síldarmælinga austur af landinu.

- óká



MIKILL ER MÁTTUR NÁTTÚRUNNAR Vilhjálmur Jónsson stendur við hlið báts sem flóðbylgjan á Inndlandshafi fleygði upp á land. Vilhjálmur annast hjálparstarf og uppbyggingu í litlu þorpi á Inndlandi sem varð illa úti í hamförunum miklu.

Íslendingur annast hjálparstarf:

## Stýrir uppbyggingu þorps á Inndlandi

**HJÁLPARSTARF** Íslenskur maður, Vilhjálmur Jónsson, stýrir nú hjálparstarfi og uppbyggingu í þorpinu Thazhankuda á austur-strönd Inndlands. Hann segir eyðilegginguna í þorpinu algjöra og íbúana í losti nú mörgum dögum eftir að hamfarirnar dundu yfir á annan dag jóla. Vilhjálmur hefur verið bú-

settur á Inndlandi í tæpan aldar-fjórðung en hann er í forsvari fyrir líknarfélagið The Family International á þessum slóðum. Þegar fregnir bárust af flóð-unum þusti hann ásamt sínu fólki á vettvang. „Hér og þar sátu íbúarnir eða fjölskyldur inni í miðri hrúgu af braki og rusli og stöðdu út í tómið,“

segir Vilhjálmur um aðkomuna. Eins og víðast hvar á hamfarasvæðinu er gifurlegt verk framundan. Reisa þarf ný hús yfir fjölda fólks, bora eftir hreinu vatni en einnig áformar Vilhjálmur að útvega þorps-búum nýja báta í stað þeirra sem fórust.

Sjá bls. 22

## Umhverfisráðuneyti: Dómnum áfrýjað

**DÓMSMÁL** Hjörleifur Guttormsson segir að Reyðaráll hafi ekki lengur starfsleyfi eftir að dómur féll í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær þess efnis að Reyðaráll þurfi að fara í nýtt umhverfismat. Því séu öll leyfi sem byggja á mati á umhverfisáhrifum ógild.

Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóri umhverfisráðuneytisins undrast dóminn og telur hann rangan. Þegar hefur verið ákveðið, í samráði við ríkislögmann, að áfrýja dómnum til Hæstaréttar. sjá síðu 2

- 55

19

DAGAR EFTIR AF JANÚARTILBOÐI TOYOTA

Avensis Tilboðsverð 2.220.000 kr.



TODAY TOMORROW TOYOTA

**2**

Ásberg Pétursson SELUR 200 MILLJÓN KRÓNA HEIMILI SEM ER ÖÐUR TIL HÖNNUNAR OG ARKITEKTÚRS

Íslenskir nútímalistamenn - njóta ekki góðs af göðærinu

Inni í Fréttablaðinu í dag

ÚTSALA Nýtt kortatímabil Kringlan MEÐ BLIT A EINNUM STRÖ





## SPURNING DAGSINS

Sigurjón, ertu drekinn?

Nei, veistu, ég er ekki drekinn.

Útvarpsþátturinn Tvilhöfði með Sigurjóni Kjartanssoni og Jóni Gnarr í forsvári hefur runnið sitt skeið á enda. Þeir ætla að snúa sér að öðrum vettvangi, „öðrum en útvarpi“, samkvæmt Sigurjóni. Segir hann að þátturinn hafi ekki borið sig þrátt fyrir fimmtán til tuttugu þúsund hlustendur.

## Íslenska útvarpsfélagið: Þrjár stöðvar lagðar niður

**FJÖLMIDLAR** Útsendingu þriggja útvarpsstöðva Íslenska útvarpsfélagsins, Skonrokks, X-sins og Stjórnummar, var hætt klukkan níu í gærkvöldi. Þá mun talmál minnka á útvarpsstöðinni LÉTT FM. Gunnar Smári Egilsson, framkvæmdastjóri ÍÚ, segir að um tíu manns hafi verið sagt upp störfum, auk verkta. Aðrir starfsmenn verði fluttir til í starfi. Ástæðan fyrir lokunum sé langvarandi taprekstur útvarpsstöðvanna.

Jóhann Hlíðar Harðarson, trúnaðarmaður Bláðamannafélagsins hjá ÍÚ, hafði ekki heyrnt um málið í gærkvöldi.

Í tilkynningu frá ÍÚ segir að auk útsendingar nýrrar útvarpsstöðvar, verði starfsemi Bylgjunnar og FM957 efl. Þá er ráðgert að hefja fjótlega endurvarp á erlendri fréttarás í útvarpi. - ss

## LÖGREGLUFRETTIR

### HÁLT Í HÚNAVATNSSÝSLUM

Ökumaður rann út af þjóðvegi eitt í Víðidal í Austur-Húnavatnssýslu um ellefu leytið í gærmorgun. Enginn slasaðist. Lögreglan á Blönduósi hvetur ökumenn að fara varðlega. Mjög halt sé á vegum og snjór.

### SNJÓFLÓDAHÆTTU AFLÉTT

Hættu á snjóflóði í Reynishverfi í Mýrdal hefur verið aflétt. Lögreglan í Vík segir síðasta ábúandann á Garði, síðasta bænum sem eftir var á hættusvæði, vera kominn heim.

### BÍLL FASTUR Í SNJÓFLÓÐI

Ökumaður keyrði inn í snjóflóð rétt norðan við Sauðanes í Ólafsfjarðarmúla um hádegi í gær og þurfi aðstoð lögreglu til að losna. Flóðið var um hálfur metri á þykkt og tíu til tuttugu metrar á breidd, samkvæmt lögreglunni á Dalvík.

Bandaríska vopnaleyðarsveitin í Írak:

## Hættir leit að geryðingarpöpum

**ÍRAK** Bandaríkjamenn eru hættir leit sinni að geryðingarpöpum í Írak. Þetta hafa bandarískir embættismenn staðfest við fréttamenn sjónvarpsstöðvanna CNN og BBC. Áfram verður þó farið í gegnum skjöl sem meðlimir þeirra sveita sem leitað hafa að geryðingarpöpum hafa undir höndum.

Meint eign Íraka á geryðingarpöpum var ein helsta ástæðan sem gefin var fyrir innrásinni í Írak en þrátt fyrir mikla leit hafa engin geryðingarpöpun fundist önnur en leifar vopna sem framleidd voru á níunda áratugnum. Fyrri yfirmaður bandarísku

vopnaleyðarsveitarinnar sagði af sér fyrir ári og sagði engin geryðingarpöpun að finna í Írak. Eftirmaður hans sagði í bráðabirgðaskýrslu í fyrra að Írakar hefðu ekki átt nein geryðingarpöpun þegar innrásin var gerð í Írak en leitast við að hafa tök á því að hefja framleiðslu þeirra á ný.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra vildi ekki tjá sig um tíðindin í gær. ■

**BANDARÍSKIR HERMENN Í ÍRAK** Tæpum tveimur árum eftir að Bandaríkjamenn leiddu innrásina í Írak hafa þeir hætt leit að geryðingarpöpum. Þeir hafa engin vopn fundið.



# Alfreð segist ekki hætta

Alfreð Þorsteinsson segir kröfu um að hann víki vegna langrar reynslu í pólitík út í hött og bendir á að hann hafi verið álíka lengi að og Halldór Ásgrímsson. Hann styður áframhaldandi líf R-listans og ætlar að bjóða sig fram.

**STJÓRN MÁL** Alfreð Þorsteinsson ætlar að gefa kost á sér í næstu borgarstjórnarkosningum eftir hálft annað ár og styður áframhaldandi framboð R-listans. Borgarmálaráð Framsóknarflokksins ákvað á fundi sínum í gær að hefja sem fyrst umræður um framboðsmál flokksins fyrir næstu borgarstjórnarkosningar vorið 2006. Umræðurnar hófust raunar á vefsíðu flokksfélagsins í Reykjavík um síðustu helgi þegar Gestur Gestsson, formaður Framsóknarfélagsins í Reykjavík norður, sagðist vilja sérstakt framboð flokksins og sagði Alfreð Þorsteinsson ótrúverðugan: „Við erum að tynast inni í R-listasamstarfinu og ég tel að okkar fulltrúi, ef ég tek sem dæmi Alfreð Þorsteinsson,

hefur haft 35 ár í pólitík til að koma sínu fram.“

Alfreð segir að árafjöldinn skipti ekki máli. „Ýmsir stjórnmálamenn eiga langan og farsælan feril í stjórnmálum að baki eins og Halldór Ásgrímsson.“ Halldór hefur sem kunnugt er verið nær sleitulaust þingmaður og ráðherra í rúm þrjátíu ár.

Anna Kristinsdóttir, hinn borgarfulltrúi Framsóknarmanna í Reykjavík, hefur líka blandað sér í umræðuna. Um gagnrýni á Alfreð Þorsteinsson segir hún: „Enginn er eilífur í pólitík“ en segist sjálf ekki hafa skoðun á því hvort hann eigi að halda áfram: „Hann verður að gera það upp við sig sjálfur.“

Anna segist ekki heldur vilja kveða upp úr um hvort hún fylgi áframhaldandi R-listasamstarfinu en bendir þó á að kjörfylgi flokksins í síðustu alþingiskosningum hefði dugað til að fá einn mann kjörinn en þyrfti að aukast úr um 11,5 prósentum í fjórtán til að fá annan mann kjörinn og óvíst væri hvort flokkurinn kæmist í meirihlutasamstarf.

Alfreð segir að Framsóknarflokkurinn fengi 10 til 15 prósent atkvæða í borginni byði hann fram sér. „Hins vegar myndu atkvæði flokkanna sem

standa að R-listanum nýtast illa byðu þeir fram hver í sínu lagi. Sjálfstæðisflokkurinn hefur af þessum sökum margsinnis fengið meirihluta borgarfulltrúa þótt hann hafi ekki meirihluta atkvæða.“

- as



Mannréttindadómstóll:

## Ríkið áfrýjar dómi

**DÓMSMÁL** Í fyrsta sinn hefur Íslenska ríkið ákveðið að áfrýja dómi Mannréttindadómstóls Evrópu. Fyrir þremur mánuðum komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að íslenska ríkið hefði brotið gegn ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu þegar íslenskir dómstólar staðfestu að Lífeyrissjóði sjómanna væri heimilt að svipta Kjartan Ásmundsson bótum vegna slyss sem hann varð fyrir.

Í fréttum Stöðvar 2 í gær sagði Skarphéðinn Þórisson ríkislögmaður að eingöngu skaðabótahætti málsins væri áfrýjað.

Ekki er víst að Mannréttindadómstóllinn samþykki að taka málið til skoðunar öðru sinni. - ss

Hjörleifur Guttormsson:

## Reyðarál er án starfsleyfis

**DÓMSMÁL** Hjörleifur Guttormsson segir að meta þurfi framkvæmd Reyðaráls upp á nýtt með dómi h é r a ð s d ó m s Reykjavíkur um að Reyðarál þurfi að sæta umhverfismati. Með því þurfi að vinna þær leyfisveitingar sem byggja á mati á umhverfisáhrifum upp á nýtt og Reyðarál sé því í raun án starfsleyfis.

Hann segir dóminn mikilvægan fyrir umhverfisvernd í landinu og sýni þeim sem hafa staðið að þessum ákvörðunum að það sé betra að vanda sig og fylgja settum lögum, en ekki knýja fram ákvörðun með handafla. ■



HJÖRLEIFUR GUTTORMSSON

Héraðsdómur Reykjavíkur:

## Reyðarál í umhverfismat

**DÓMSMÁL** Umhverfisráðuneytið hefur þegar ákveðið að áfrýja dómi héraðsdóms Reykjavíkur sem féll í gær, um að álver Reyðaráls þurfi að sæta umhverfismati. Með dómnum var úrskurð umhverfisráðherra um að álver Reyðaráls, fyrir allt að 322 þúsund tonna ársframleiðslu þyrfti ekki að sæta umhverfismati dæmdur ómerkur, að kröfu Hjörleifs Guttormssonar, fyrrverandi alþingismanns.

Dómurinn vísaði frá dómi þremur kröfum Hjörleifs, af fjórum. Þar á meðal kröfu um ómerkingu útgáfu starfsleyfis fyrir álver Reyðaráls ehf., þar sem Umhverfisstofnun, sem gaf út starfsleyfið var ekki stefnt til varnar.

Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri í umhverfisráðuneytinu, segir ráðuneytið búið að ákveða að áfrýja dómnum. „Þessi



ÓLIJÓST HVORT REYÐARÁL HAFI STARFSLEYFI

Umhverfisráðuneytið ætlar að áfrýja dómi héraðsdóms til Hæstaréttar.

dómur kemur á óvart og við teljum hann rangan. Það var mat Skipulagsstofnunar á sínum tíma að ekki þyrfti nýtt umhverfismat. Það byggði hún á sérfræðimati um að þessi breyting væri það

mikil að það útheimti nýtt mat.“ Magnús segir jafnframt að hann geti ekki séð að dómurinn hafi fellt úr gildi starfsleyfi Reyðaráls, líkt og Hjörleifur Guttormsson heldur fram. - ss

**Tvöfaldir  
Tvöfaldir\***

**Vildarpunktur + ferðaleikur  
= tvöfaldur sparnaður**



14 stöðvar

\*Tvöfaldir Vildarpunktur til 11. febrúar hvort sem þú greiðir með peningum eða Vildakorti.

# Við höfum verið notaðir í að kaupa ýmislegt”



Í fyrra fengu 224 miðaeigendur milljónavinning og gátu eytt honum í hvað sem þeim datt í hug. Sá sem fékk mest fékk 36 milljónir króna í vinning. Samtals greiddi Happdrætti Háskólans 780 milljónir króna til miðaeigenda á árinu 2004 og spurningin er aðeins hvaða miðar fá vinning á þessu ári.

Þú þarft bara að hringja eitt símtal eða fara á vefinn til að eignast miða. Við fylgjumst með miðanum fyrir þig og látum þig vita þegar þú vinnur.

Fáðu þér miða í 800 6611 eða á [www.hhi.is](http://www.hhi.is)



**HAPPDRÆTTI  
HÁSKÓLA ÍSLANDS**  
*vænlegast til vinnings*



## GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 12.01.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	62,95	63,25
Sterlingspund GBP	117,89	118,47
Evra EUR	82,40	82,86
Dönsk króna DKK	11,07	11,14
Norsk króna NOK	10,04	10,10
Sænsk króna SEK	9,11	9,16
Japanskt jen JPY	0,61	0,61
SDR	XDR	95,76
		96,34

Gengisvísitala krónunnar  
113,15 -0,45%

Heimild: Seðlabanki Íslands

## Norskur banki: Milljónir í brotajárn

**NOREGUR, AP** Litlu munaði að norskur banki yrði nokkrum milljónum króna fátækari þegar verið var að taka gamla hraðbanka úr umferð og senda þá í brotajárn og bræðslu.

Talsverður peningur var enn eftir í einum hraðbankanum þegar starfsmenn fyrirtækisins sem áttu að eyða hraðbönkunum komu til að sækja hann. Að því er fram kemur í blaðinu Romsdals Budstikke varð ruglingur í því hvenær átti að sækja hraðbankann og þurfti öryggisvörður bankans að elta flutningamennina upp til að bjarga peningunum. Upphæðin liggur ekki fyrir en sagt er að fyrir hana hefði mátt kaupa einbýlishús, fara í lúxusferðalag og eiga drjúga fjárhæð eftir. ■

## HEILSURÆKT

**FÆRRI Í SUND** Gestum í Sundlaugarmiðstöð Keflavíkur fækkaði um sautján prósent á árinu 2004 frá árinu á undan. Heimsóknir í laugina voru 84.844 á árinu. Á vef Reykjanesbæjar er talið að ástæður minni sóknar hafi meðal annars verið lokun vegna endurbóta á sundlauginni í september. Verkfall grunnskólakennara hafi einnig haft áhrif á aðsóknartölur.

## EVROPA

**MUNADARLEYSINGJAHÆLI BÍTL-ANNA LOKAÐ** Hjálpræðisherinn í Liverpool hefur ákveðið að loka munaðarleysingjahælinu Strawberry Field sem Bítalarnir gerðu frægt í einu laga sinna, Strawberry Fields Forever. Fá börn eru eftir á munaðarleysingjahælinu því flestum börnum er komið fyrir hjá fósturforeldrum.

Allawi viðurkennir vandamál við framkvæmd kosninga:

# Ekki hægt að kjósa alls staðar

**ÍRAK, AP** Iyad Allawi, forsætisráðherra bráðabirgðastjórnar Íraks, hefur í fyrsta sinn viðurkennt opinberlega að ekki verði hægt að kjósa á nokkrum stöðum í Írak vegna óaldarinnar sem ríkir þar.

„Það verða vissulega nokkur afmörkuð svæði sem geta ekki tekið þátt í kosningunum af þessum sökum, en við teljum að það verði ekki víða,“ sagði Allawi og vísaði til þess að óvinveittir vígahópar reyndu að koma í veg fyrir framkvæmd kosninganna.

Lítið hefur verið um kosningaundirbúning í Anbar-héraði



**Á GANGI Í BAGDAD**  
Ahmed leiddi blindan afa sinn fram hjá kosningaveggspjöldum sem höfuð verið limd á vegg í Bagdad, höfuðborg Íraks.

sem liggur vestur af Bagdad og nær til jórdönsku, sýrlensku og sádi-arabísku landamæraanna. Sömu sögu er að segja af borginni Mosul í norðurhluta landsins.

Árásam vígamanna fer fjölgaandi í höfuðborginni Bagdad og er talið að íbúar í nokkrum hverfum sem hafa orðið verst fyrir barðinu á árásam kunni að veigra sér við að fara á kjörstað.

Jórdanski sendiherrann í Bandaríkjunum er öllu svart-sýnni en Allawi og varaði við því að 40 prósent Íraka gætu ekki kosið. „Þetta vekur spurningar um réttmæti kosninganna.“

Anders Fogh Rasmussen:

## Talinn flýta kosningum

**DANMÖRK** Búist er við því að Anders Fogh Rasmussen boði til þingkosninga fljótlega þó að níu mánuðir séu enn eftir af kjörtímabili þingmanna.

Samkvæmt fréttastofu Danske Radio var talið að forsætisráðherrann hefði ætlað sér að boða til þingkosninga í ársbyrjun en að hann hefði orðið að breyta þeim áætlunum vegna jarðskjálftans og flóðbylgjunnar í Asíu. Rasmussen fjallaði ítarlega um mál sem kunna að verða að kosningamálum á blaðamannafundi og þótti með því ýta undir vangaveltur um að hann ætli að flýta kosningum. ■

# Þjóðverjar fylgjast vel með ferðum til Íslands

Upplýsingafulltrúi hjá tollinum í Bremerhaven segir íslensk skip og flugvélar vera undir sérstöku eftirliti. Fíkniefnin sem tekin voru í Hauki eru margfalt verðmætari en aflinn sem var landað í Þýskalandi.

**FÍKNIEFNI** Sérstaklega er leitað í skipum og flugvélum á leið til Íslands, að sögn upplýsingafulltrúa hjá tollinum í Bremerhaven, en tveir Íslendingar sitja í gæsluvarðhaldi í Þýskalandi eftir að sjö kíló af fíkniefnum fundust um borð í Hauki ÍS. Upplýsingafulltrúinn segir Íslendingana ekkert hafa gefið upp í yfirheyrslum sem gæti gert það að verkum að dómurinn yfir þeim yrði þingri en ella.

**Málið stórt á þýskan mælikvarða** Þrjú og hálf kíló af kókaíni og sama magn af hassi fundust í skipasklefum manna þar sem efnunum hafði verið pakkað í ferðatöskur. Hann segir skip og flugvélar á leið til Íslands undir meira eftirlit

eftir að stórt mál kom upp í Þýskalandi á síðasta ári. Fimm til sex sinnum herra verð fæst fyrir fíkniefni á Íslandi en í Þýskalandi. 24 ára karlmaður var handtekinn í Þýskalandi seinni hluta síðasta árs með tíu kíló af hassi í bílaleigubíl sem maðurinn og kærasta hans ferðuðust í. Kærastan fékk að fara heim til Íslands en hann er í gæsluvarðhaldi. Þá sitja Rúnar Ben Maitland og Þjóðverjinn Clause Friehe af sér fangelsisdóma hér á landi sem þeir fengu fyrir innflutning á tæpum 900 grömmum af amfetamíni og tæpu kíló af kannabis. Mál Maitland og Friehe tengdist þýskum smyglhring þar sem höfuðpaurinn Shröder var dæmdur til margra ára fangelsis í Þýskalandi.

Upplýsingafulltrúi tollsins í Bremerhaven segir aðra skipverja á Hauki ÍS ekki liggja undir grun. Þeir sem voru teknir eru 50 ára og 38 ára gamlir og hefur sá yngri áður komið við sögu lögreglu. Mennirnir eru í gæsluvarðhaldi og hafa engin samskipti við aðra fanga en geta þó fengið heimsóknir undir eftirliti og samkvæmt ákveðnum reglum. Upplýsingafulltrúinn segist ekki geta sagt til um hversu lengi mennirnir verða í haldi en það verði þó þar til dómur gengur í málinu. Hann segir málið vera alvarlegt, einkum vegna magns kókaínsins. Málið sé þó ekki í hópi alvarlegustu málanna þar í landi heldur sé það meðalstórt á þýskan mælikvarða.

Hámarksrefsing við brotinu er fimmtán ára fangelsi en upplýsingafulltrúinn segir ólíklegt að mennirnir fái svo þungan dóm. Maður sem var tekinn með eitt og hálf kíló af kókaíni í Þýskalandi hlaut nýverið sjö ára fangelsi en hann hafði margoft brotið af sér áður.

**Fíkniefnin verðmætari en aflinn**

„Ég hef ekkert um málið að segja, mér finnst það bara sorglegt,“ segir Eiríkur Böðvarsson, eigandi Hauks ÍS, og bætir við að honum finnst óviðeigandi að blanda útgerðinni í málið þó að tveir starfsmenn hennar hafi brotið af sér.

Eiríkur segir að ekki hafi fiskast vel að undanförunu. Samkvæmt heimildum blaðsins fór Haukur ÍS með rúm sjötú tonn af karfa og tíu kíló af þorski til Þýskalands. Verðmæti aflans er talið vera á bilinu ellefu til fjórtán milljónir. Reyndur sjómaður sagði í samtali við blaðið að margir teldu hæpið að sigla til Þýskalands með ekki meiri verðmæti en þetta. Mat þýska tollsins er að söluverðmæti fíkniefnanna, sem tekin voru um borð í Hauki ÍS, sé um fimmtíu milljónir ef þau eru seld á Íslandi.

hrs@frettabladid.is  
gudsteinn@frettabladid.is




**HAUKUR ÍS**  
Verðmæti aflans sem landað var í Þýskalandi er samkvæmt heimildum á bilinu ellefu til fjórtán milljónir króna. Söluverðmæti fíkniefnanna er um fimmtíu milljónir.


## Veðrið

**VONSKUVEÐUR Í KVÖLD OG NÓTT**  
Það er að nálgast hlý lægð með sterkum suðaustan streng um sunnan og vestanvert landið í kvöld. Slær líklegast í storm þegar hvassast verður sem verður líklegast nálægt miðnætti en þá verða skilin við suðurströndina. Í nótt hversir á öllu landinu en í fyrramálið dregur úr vindi, fyrst vestan til á landinu en þá verður hvassast austan til og úrkoman þar ýmist slydda eða rigning. Horfur eru á finum laugardegi, hægviðri og víða nokkuð bjart.


## Í dag



## Á morgun



## Laugardagur



Kveðja,  
Sigurður  
Ragnarsson,  
veðurfræðingur

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skýggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



25%  
AFSLÁTTUR

Ekkert fundarherbergi  
getur verið án tússtöflur

# TÚSSTÖFLUR

Skrifstofumarkaður:  
Hallarmúla 2-4, sími 540 2000

Verlanir Pennans:

- Akranesi • Akureyri • Hafnarfirði
- Ísafirði • Keflavík • Kópavogi
- Reykjavík • Selfossi • Vestmannaeyjum

**Penninn**  
www.penninn.is



# Nýtt kredit- kortatímabil

útsalan í fullum gangi

# 30-80%

afsláttur  
af upprunalegu verði.

**500 OG 1000 KR. MARKAÐUR**



allt á 500  
eða 1000 kr.

barnafatnaður, dömufatnaður,  
herrafatnaður og skór.

**Fyrstur kemur fyrstur fær**

**HAGKAUP**





## KJÖRKASSINN

Horfdir þú á þátt The Amazing Race, sem tekin var upp á Íslandi?

Niðurstöður gærdagsins á [visir.is](http://visir.is)

Já	50.43%
Nei	49.57%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú í leikhús á árinu?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](http://visir.is) og segðu þína skoðun



Heilbrigðisráðherra stytta biðlista:

# Ráðherra kaupir 650 aðgerðir

**HEILBRIGÐISMÁL** Hafist hefur verið handa við að stytta biðlista eftir tilteknum aðgerðum. Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, hefur ákveðið að taka tilboði fjögurra heilbrigðisstofnana um kaup á tæplega 650 aðgerðum. Heildarkostnaður er nær 90 milljónum króna.

Um er að ræða hjartaþræðingar, liðskipta- og augnaðgerðir. Stofnanirnar eru Landspítali – háskólasjúkrahús sem tekur að sér 150 augnaðgerðir, 70 hjartaþræðingar og 20 liðskiptaáðgerðir, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri sem tekur að sér



að gera 40 liðskiptaáðgerðir, Sjúkrahúsið á Akranesi en þar verða gerðar 16 liðskiptaáðgerðir aukalega og St. Jósefsspítalinn í Hafnarfirði þar sem gerðar verða 350 augnaðgerðir.

Ákvörðun ráðherra er liður í að draga enn frekar úr bið eftir þessum aðgerðum. Heildarkostnaðurinn við aðgerðirnar er tæpar 87 milljónir króna.

- jss

**JÓN KRISTJÁNSSON** Heildarkostnaður við aðgerðirnar sem stofnanirnar keyptu er nær 90 milljónum króna.

## Átök á Gazaströnd: Fimm féllu

**MID-AUSTURLÖND** Fimm létu lífið í átökum Ísraels og Palestínanna í gær, þeim fyrstu eftir kjör Mahmoud Abbas sem eftirmanns Jassers Arafats.

Ísraelskar hersveitir umkringdu hús í Ramallah-flóttamannabúðunum á Gaza í gær og réðust til innngöngu gegn tveimur palestínskum vígamönnum sem voru þar fyrir. Því lauk með því að báðir Palestínunennirnir lágu í valnum.

Ísraelskur landtökumaður og tveir palestínskir vígamenn létust í árás Palestínunnanna nærri ísraelskri landnemabyggð á Gaza síðar í gær.

Vígamennirnir sprengdu sprengju en voru síðan skotnir af ísraelskum hermönnum. ■

Davíð í mánaðarleyfi:

## Geir fer á tvo fundi

**STJÓRNMÁL** Geir H. Haarde fjármálaráðherra hleypur í skarðið fyrir Davíð Oddsson á tveimur fundum erlendis í forföllum utanríkisráðherra, í Finnlandi og í Tansaníu. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra fer þó formlega með málefni utanríkisráðuneytisins í fjarveru Davíðs.

Davíð verður í mánaðarleyfi frá störfum erlendis að sögn Gunnars Snorra Gunnarssonar ráðuneytisstjóra.

Davíð mun mæta á utanríkisráðherrafund NATO, sem haldinn verður 9. til 10. febrúar, og kemur í framhaldi af því til starfa í ráðuneytinu að nýju.

- ás



## Í BRUNARÚSTUM HEIMILISINS

Trudy Barrowcliffe reyndi að hugga Sue Smith í brunarústum heimilis þeirrar síðar nefndu.

Skógareldar:

## Verstu í tuttugu ár

**ÁSTRALÍA, AP** Níu hafa látið lífið og sex er saknað í kjölfar verstu skógarelda sem geisad hafa í Ástralíu síðustu tuttugu árin. Átta fórnarlambanna létust þegar kviknaði í bílum sem þau reyndu að flýja í. Tvö börn, tveggja og fjögurra ára, eru yngst þeirra sem hafa látist af völdum skógareldanna.

Skógareldarnir hafa brunnið á 145 þúsund hektara svæði á ræktuðu svæði á Eyreskaga í Suður-Ástralíu. Eldarnir brutust út á mánudag í kjölfar mikillar hitastækju þar sem hitinn hefur mælst yfir 44 gráðum á Celsíus. ■

## AFRÍKA

**ÚKRAÍNUHER Á BROTT** Úkraínsk stjórnvöld hafa ákveðið að kalla alla 500 hermenn sína sem eru við friðargæslu í Síerra Leóne heim fyrir lok mars. Ástæðan er að samþykki þingsins fyrir veru hersins í Síerra Leóne er útrunni og aðstæður þar óhentugar hermönnum. Ellefu þúsund friðargæsluliðar eru í Síerra Leóne.



## UPPSKIPUN Í SUNDAHÖFN

Meðalinnflutningur á mánuði í fyrra nam 20 milljörðum króna en var árið 2003 um 17 milljarðar króna. Raunaukning milli ára er því 18 prósent.

# Minni viðskiptahalli

Forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans segir viðskiptahallann fyrstu níu mánuði síðasta árs minni en búist var við. Skýringin er hugsanlega sú að fólk er ekki bara að eyða í neyslu heldur í húsnæði.

**EFNAHAGSMÁL** Viðskiptahallinn fyrstu níu mánuði síðasta árs nam 36,3 milljörðum króna eða 5,6 prósentum af landsframleiðslu sem er 0,6 prósentum meira en fyrstu níu mánuði ársins 2003.

„Það er mikilvægt í þessu sambandi að það er búið að vera að spá miklum viðskiptahalla í langan tíma og því á þetta ekki að koma á óvart,“ segir Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbanka Íslands. „Það sem er í raun merkilegt við tölurnar fyrir fyrstu níu mánuðina er að þær eru lægri en ég átti von á. Þannig að það er útlit fyrir að spá Seðlabankans gangi ekki eftir.“

Edda Rós segir hugsanlegt að skýringin á því að viðskiptahallinn sé minni en spáð var sé að fólk sé ekki að eyða þeim auknu fjármunum sem það hefur í neyslu heldur í húsnæði. Ef peningunum sé varið til húsnæðisakaupa innanlands þýði það að

minni þörf sé á innfluttum vörum.

„Auðvitað er viðskiptahallinn samt alltaf ógn við stöðugleikann



EDDA RÓS

Reiknar með að krónan veikist um mitt næsta ár.

sérstaklega ef vitað er að erfitt er að fjármagna hann. Við vitum hins vegar að þriðjungur af honum tengist stóriðjuframkvæmdum og því búið að fjármagna þann hluta og ég get ekki séð að það verði erfitt að fjármagna restina.“

Edda Rós segist reikna með

því að krónan veikist um mitt næsta ár.

„Það verður samt að hafa í huga að það er alveg vonlaust að spá fyrir um nákvæmar tíma- og fjárhagssetningar í þessum efnunum. Við hjá greiningardeild Landsbankans spáum því samt að krónan verði sterk út þetta ár og veikist síðan um mitt árið 2006. Það þýðir það að verðbólgan getur farið af stað þá.“

Útflutningsfyrirtækin hafa staðið mjög vel undanfarið miðað við það hvað krónan hefur verið sterk og gert þeim erfitt fyrir að sögn Eddu Rósar. Hún segir að sjávarútvegsfyrirtækin hafi náð góðum árangri þó að þau sem flytji til Bandaríkjanna hafi náttúrlega átt mjög erfitt uppdráttar. Þá segir hún hafa haft jákvæð áhrif á viðskiptajöfnuðinn að fyrirtæki eins og til dæmis Actavis hafi í mjög auknu mæli verið að flytja út lyf. Það sé breyting frá því sem áður var.

trausti@frettabladid.is

Rauði krossinn leiðbeinir um aðstoð vegna náttúruhamfara:

## Best að treysta á heimamenn

**GENE, AP** Ríki og samtök sem leggja fram fé til neyðarhjálpar í Asíu í kjölfar náttúruhamfaranna þar ættu frekar að verja því í vel þjálfaðar sveitir heimamanna en að senda erlendar hjálparveitir á vettvang. Þetta sögðu talsmenn Rauða krossins í gær og sögðu að vel þjálfaðir heimamenn væru betur til þess fallnir að bjarga lífum en aðkomumenn.

„Við urðum vitni að því í löndunum sem urðu fyrir flóðbylgjunni að sjálfbodaliðar voru þegar

á fyrstu mínúturnum komnir nágrönnum sínum til hjálpar eftir að flóðbylgjan reið yfir,“ sagði Susan Johnson, aðgerðastjóri Alþjóða Rauða krossins. „Það er nauðsynlegt fyrir ríkisstjórnir heims og aðra þá sem leggja fram fé að gera sér grein fyrir þörfinni á að leggja fé í uppbyggingu viðbúnaðar samfélaganna ef þeir vilja í raun og veru milda áfallið,“ sagði hún.

Johnson sagði að flóðbylgjan hefði sýnt fram á hversu erfitt

væri að koma hjálparveitum á milli landa, ekki væri aðeins við eyðileggingu að eiga heldur einnig tólf ólíkar ríkisstjórnir og tólf tollayfirvöld. ■

## LEITAÐ AÐ LÍKUM FÓRNARLAMBA

Þrátt fyrir að rúmar tvær vikur séu líðnar frá því flóðbylgjan skall á löndum Asíu og Afríku er enn leitað að líkum þeirra sem fórust í Indónesíu vinna hvort tveggja hermenn og sjálfbodaliðar að leitinni.

## FLÓÐBYLGJAN



**HÆTTA Á BROTTREKSTRI** Erlendir hjálparstarfsmenn og fréttamenn eiga á hættu að verða reknir frá Aceh-héraði í Indónesíu ef þeir gera stjórnvöldum ekki grein fyrir ferðum sínum. Embættismenn greindu frá þessu í gær og báru fyrir sig öryggissjórnarmíð vegna áralangs borgarastríðs í héraðinu.

**VARAÐ VIÐ SKJÁLFTA** Taílensk stjórnvöld vara við því að jarðskjálfti geti valdið miklum skaða í höfuðborginni Bangkok. „Í dag getum við ekki hugsað líkt og í fortíðinni. Það sem hefur aldrei gerst getur einhvern tíma gerst,“ sagði Suraphong Suebwonglee upplýsingaráðherra.



**GUÐDÓMLEG FORSJÓN** Trúaðir Indónesar lofa margir Allah og túlka það sem guðdómlega forsjón að moskur skuli hafa staðið af sér flóðbylgjuna 26. desember þrátt fyrir að öll híbýli í kring þurrkuðust út. Aðrir benda þó á að moskurnar eru byggðar úr steini en heimilin sem eyðilögðust voru flest timburbyggingar.

**LÆRA Á LÚXUSHÓTELI** Hluta fjögurra stjörnu hótels á Kamalaströnd í Taílandi hefur verið breytt í skóla. Starfsmenn þess segja lítið um gesti núna og því tilvalið að setja upp námsaðstöðu í stað skóla sem eyðilögðust af völdum flóðbylgjunnar. Börnin læra nú við sundlaug hótelsins og snæða hádegismat í matsalnum.

**FISKSALA HRYNUR** Fisksala hefur dregist saman um helming á eyjunni Penang í Malasíu síðustu daga. Ástæðan er orðrómur um að fiskisali hafi fundið fingur í maga fisks. Lögreglan hefur varað við því að hverjum þeim sem dreifi slíkum sögum verði refsað enda sé þær lygi.





www.sibs.is

Stórglæsilegir skattfrjálsir vinningar 2005:

# 222

## Honda Jazz bílar



**Drögum  
á morgun  
14. janúar**

Veldu þér vinningsnúmer í síma  
**552 2150** eða á **www.sibs.is**

Láttu reyna á heppnina

- þú gætir unnið milljónir í verðlaun  
fyrir að styðja lífsnauðsynlega uppbyggingu að Reykjalundi

**Vertu með**

- þú veist aldrei hvenær röðin kemur að þér

**Meðal vinninga 2005:**

**200 ferðagjafakort**  
frá Úrval-Útsýn að verðgildi  
100 þúsund krónur hvert



**3.750 Kjarvalsþækur**  
kjörgripur sem á engan sinn líka

2005

**20 milljónkrónavinningar**  
dregnir út á morgun

HAPPDRÆTTI



...fyrir lífið sjálft

33.296 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð 900 kr.







## VEISTU SVARIÐ?

1 Í hvaða borg voru skipverjarnir staddir þegar þýska lögreglan og toll-verðir réðust til inngöngu?

2 Hvaða heimili geðsjúkra á að loka um mánaðamót?

3 Hvaða íslenska kvikmynd heitir á spænsku Ojo por ojo?

SVÖRIN ERU Á BLS. 46



### BRESKIR HERMENN

Bretar ætla að fjölga hermönnum í Írak fyrir kosningar í lok mánaðarins.

Innrásin í Írak:

## Stuðningur í lágmarki

**BRETLAND. AP** Innrásin í Írak hefur aldrei notið minni stuðnings meðal Breta en nú um stundir samkvæmt nýrri skoðanakönnun Populus. Einungis 29 prósent aðspurðra sögðu það hafa verið rétta ákvörðun að steypa Saddam Hussein af stóli. Í apríl 2003, skömmu eftir fall einræðisherrans, voru 64 prósent Breta þessarar skoðunar.

53 prósent sögðu það hafa verið ranga ákvörðun að beita hervaldi í Írak og er það tvöfalt hærra hlutfall en í apríl 2003, þegar 24 prósent töldu rangt að beita hervaldi. ■

Forseti ASÍ:

## Gefum þessu tíma

**IMPREGILO** Miðstjórn ASÍ fjallaði í gær um greinargerð sína vegna Impregilo sem send var félagsmálaráðherra um síðustu helgi og segir Grétar Þorsteins-son, forseti ASÍ, að ASÍ velti fyrir sér næstu skrefum meðan beðið sé eftir fundi með ráðherra.

„Ég lít svo á að nefnd ráðuneytisstjóra hafi verið sett á laggirnar vegna þess að ríkisstjórnin telji málið mjög alvarlegt. Ráðherra hefur líka sagt að hann vilji að þetta verði unnið hratt þannig að við gefum þessu einhverni tíma,“ segir Grétar Þorsteins-son.

Í greinargerð ASÍ kemur fram að veiting atvinnuleyfa á grundvelli umsókna Impregilo fari í bága við fjölmörg ákvæði íslenskra laga og reglur, mörg ákvæði EES-samningsins og yfirlýsinga stjórnvalda í tengslum við stækkun EES auk þess sem ekki liggja fyrir formlegar upplýsingar um verklag Vinnuá- stofnunar við meðferð og afgreiðslu atvinnuleyfisumsókna.

Grétar segir að mikil samstaða ríki í miðstjórn ASÍ um málið og afskipti ASÍ af því fyrr og síðar. Áhersla sé á að fylgja málinu eftir af alvöru.

- ghs



GRÉTAR ÞORSTEINSSON

Mikil samstaða er í miðstjórn ASÍ um afstöðuna til Impregilo. Beðið er eftir niðurstöðu nefndar ráðuneytisstjóra og fundi með félagsmálaráðherra.

## EVROPA

### DRUKKINN FLUGMAÐUR

Flugmanni easyJet laggjaldaflugfélagsins hefur verið víkið úr starfi tímabundið meðan rannsakad er hvort hann hafi verið drukinn þegar hann mætti til starfa í Berlín, höfuðborg Þýskalands, þaðan sem hann átti að fljúga til Basel í Sviss. Þetta er í fyrsta sinn sem gripið er til þessa ráðs hjá flugfélaginu.

### HÚSEIGENDUR Í BRETLANDI

Breska stjórnin tilkynnti í gær að hún hygðist ekki auka rétt húseigenda til að verja heimili sín gegn innbrotspjófum. Mikil umræða hefur verið um þetta í Bretlandi en stjórnvöld segja húseigendum einungis óheimilt að beita óheyrilega miklu valdi.

# Spyrja mátti um hernað – ekki lista staðfastra

Ríkisstjórnin segir út í hött hjá Gallup að spyrja um lista staðfastra þjóða. Björn Bjarnason segir að marktækt hefði verið að spyrja um hernað Bandaríkjamanna í Írak.

**STJÓRN MÁL** Mikill ágreiningur hefur blossað upp hérlendis um lista sem Bandaríkjamenn birtu í mars 2003 um þær þjóðir sem studdu innrásina í Írak eftir að ljóst var að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna legði ekki blessun sína yfir þá aðgerð, meðal annars vegna hótunar Frakka um að beita neitunarvaldi.

Ísland varð formlaga hluti af bandalagi staðfastra þjóða samkvæmt yfirlýsingu Hvíta hússins. Þar sagði: „Bush forseti hefur safnað ríkjum í bandalag sem þegar hefur hafið hernaðaraðgerðir til að afvopna Íraka af geryðingarvopnum.“ Þá ætti að reka Saddam Hussein forseta frá völdum.

Tekið var fram að sumar þjóðir legðu bandalaginu lið með herstyrk en einnig var nefndur pólitískur stuðningur, yfirflugsheimildir og aðstoð við enduruppbyggingu. Í ályktun bandarísku öldungadeildarinnar frá 27. mars 2003 var Ísland sett í annan flokk bandalagsríkja af þremur yfir lönd sem hefðu lýst því yfir að hætta stafaði af Írak.

Ríkisstjórnin hefur gagnrýnt

Gallup: „Er Gallup að spyrja um hinn svonefnda lista frá því snemma árs 2003? Eru einhverjar þjóðir lengur á þeim lista?“ spyrr Björn Bjarnason á heimasíðu sinni.

Björn var beðinn að útskýra þau ummæli og spurður hvort hann hefði sætt sig við að spurt hefði verið um hvort fólk stýddi hernað Bandaríkjamanna í Írak: „Sú spurning hefði þó verið marktæk.“

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sagði hins vegar í viðtali við RÚV að spurningin væri ómarktæk: „Ég er alveg viss um það að Íslendingar eru því fylgjandi að við styðjum lýðræðisþróun í Írak, kosningarnar þar og uppbygginguna sem er fram undan og það er að sjálfsgöðu aðalmálið.“

Ísland er hins vegar ekki eina landið þar sem deilt hefur verið hart um umræddan lista. Í þeim löndum sem sendu her til Íraks snerist umrædan að sjálfsgöðu um hvort kalla ætti hann heim. Kosta Ríka hefur engan her frem-



KEPPT Í FÓTBOLTA UNDIR KOSNINGAÁRÖÐRI

Halldór Ásgrímsson telur marktækt að spyrja um stuðning við kosningar og uppbyggingu í Írak.

ur en Ísland og þar fór vera landsins á listanum fyrir stjórnarskrárdómstól. Hann úrskurðaði að það væri stjórnarskrárbot að styðja hernaðaraðgerðir sem ekki nytu fulltingis Sameinuðu Þjóðanna.

Hvíta húsið varð við beiðni stjórnar landsins í kjölfarið. Björn Bjarnason segist ekki þekkja þetta mál: „Ég þekki ekki til afstöðu Kosta Ríka, hvorki nú né áður.“

a.snaevarr@frettabladid.is

New York Times:

## Staðföstu ríkin tækifærissinnuð

**STJÓRN MÁL** Leiðtogar staðfastra ríkja fá ekki háa einkunn í nýlegum greinaflokk Nicholas D. Kristof sem skrifar pistla tvisvar í viku á leiðaraopnu The New York Times. Krystof ferðaðist til nokkurra þessara ríkja og komst að þeirri niðurstöðu að þeir sem á annað borð styddu stefnu Bandaríkjaanna í Írak gerðu það í eiginhagsmunaskyni.

Niðurstaða Kristofs eftir heimsókn til Eistlands í byrjun desember á síðasta ári var sú að Eistar teldu að vera eistneskra hermanna í Írak tryggði að Banda-

ríkin væru síðferðislega skuldbundin til að verja Eista gegn Rússum. Hann bendir á að vinsælt kosningaloford Júsjenkós, nýkjörins forseta Úkraínu, hefði verið að kalla herinn heim frá Írak. „Vandamálið við þetta bandalag okkar er að það samanstendur að mestu af leiðtogum sem treysta á umbun, fremur en raunverulegum stuðningsþjóðum. Tony Blair trúir á Íraksstríðið en önnur bandalagsríki eru að langmestu leyti tækifærissinnar sem eru að koma sér í mjúkinn hjá stjórn Bush.“



GERÐ JARÐGANGA

Tilvonandi jarðgöng eru ekki háð sölu Símans.

Vegbætur:

## Göng óháð Símasölu

**RÍKISFJÁRMÁL** Ráðstöfun peninga sem fást fyrir sölu Símans hefur ekki áhrif á vegbætur sem ákveðið hefur verið að ráðast í, svo sem Héðinsfjarðargöng eða jarðgöng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar, að sögn Bergþórs Ólafssonar, aðstoðarmanns samgönguráðherra.

Bent hefur verið á að í umræðum um sölu Símans hafi stjórnvöld rætt um að nota ætti söluhagnaðinn í vegbætur, en nú er rætt um að eyða peningunum frekar í byggingu hátækisjúkrahúss. „Jarðgangaaætlan liggur fyrir og sala Símans tengist henni ekki,“ sagði Bergþór.

- óká



KVARNAST ÚR HÓPI STAÐFASTRA RÍKJA

Ákveðið var í gær að kalla úkraínska hermenn heim frá Írak á næstu mánuðum eftir mannfall í liði þeirra. Þetta er í samræmi við stefnu Víktors Júsjenkó, nýkjörins forseta Úkraínu.

ÓMAR ÖRVARSSON SKIPSTJÓRI VAR SJÁLFUR  
TEKINN MEÐ 14 KÍLÓ AF KÓKAÍNI 1997:

Kaffeinn  
Kókaín á  
dópskipinu  
Hauki ÍS

Skipstjórnin í héraðs-  
dómi í dag vegna 200  
kannabisplantna

DV – hefur þú séð DV í dag?



Þú vilt gómsæta hollustu og ekkert samviskubit. **Minna mál Ágústu Johnson** er ný vara sem inniheldur engan viðbættan sykur. Í þeim er heldur engin viðbætt feiti. Fituinnihaldið ræðst bara af þeirri náttúrulegu fitu sem kemur úr olíufræjum, svo sem hörfræjum, sólblómafræjum og sesamfræjum. Úr fræjunum fær líkaminn heilnæmar og hjartavænar olíur, svokallaðar einómettaðar og fjölmottaðar fitusýrur. Þannig er fituinnihaldið einstaklega lágt. Þessir gómsætu samviskubitar innihalda lágt hlutfall salts eða þrisvar sinnum minna en í kartöfluflogum, og hátt hlutfall trefja úr mjóli og fræjum (10-13 g/ 100 g) sem hafa jákvæð áhrif á meltingu og geta dregið úr upptöku kólesteróls. Veldu **Minna mál Ágústu Johnson**.



# Prófaðu nýja samviskubitann

## Minna mál Ágústu Johnson

Prófaðu þrjár nýjar mismunandi bragðtegundir við hvaða tækifæri sem er! **Minna mál Ágústu Johnson** hefur að geyma holla og gómsæta samviskubita sem henta við hvaða tækifæri sem er, einir sér eða með áleggi, svo sem osti eða kotasælu. Prófaðu **Minna mál Ágústu Johnson** með *osti og graskerjafræjum*, *ristuðum lauk* eða *„Classic“ 3ja korna*.

Þú þarft ekki lengur að þjást af samviskubiti yfir nartinu því að **Minna mál Ágústu Johnson** eru samviskubitar án alls samviskubits. Þeir eru hollir og bragðgóðir og henta hvar sem er og líka hvenær sem er. Veldu **Minna mál Ágústu Johnson**.

3 bragðgóðar tegundir



**SNÚÐU VÖRN Í SÓKN, PRÓFAÐU NÝJA SAMVISKUBITANN**

Veldu **Minna mál Ágústu Johnson**  
- fæst í næstu verslun!



# MINNA

# MÁL







**FYRIR RÉTTI EFTIR 41 ÁR**  
Edgar Ray Killen, liðsmaður Klu Klux Klan, er nú fyrir rétti, sakaður um að hafa myrt þrjú menn í Mississippi árið 1964 sem unnu að jafnrétti svarta og hvítu í suður-riki Bandaríkjanna.


Breytingar á mótum Suðurlands- og Prengslavegar:

## Gatnamótin færast til norðurs

**SAMGÖNGUR** Gatnamót Suðurlandsvegar og Prengslavegar færast til um 1,5 kílómetra til norðurs þegar byggð verða ný mislæg gatnamót. Þá verður lagður nýr vegkaflí í tengslum við breytinguna, sem verður um þriggja kílómetra langur. „Suðurlandsvegurinn færirst talsvert til við þetta,“ segir Svanur G. Bjarnason, svæðisstjóri Vegagerðarinnar á Suðurlandi. Hann segir til standa að opna útboð vegna gatnamótanna og vegarins 1. febrúar næstkomandi, en verklok eigi svo

að vera í október á þessu ári. Í útboðsgögnum er hins vegar fyrirvari vegna þess að ekki liggur fyrir álit Skipulagsstofnunar á því hvort mislægu gatnamótin séu matskyld, en verði sú raunin geta framkvæmdir tafist um marga mánuði. „Við eigum nú síður von á því að þetta þurfi að fara í umhverfismat, því við vorum búin að fá svar varðandi veginn sjálfan að þess þyrfti ekki, þannig að nú snýr fyrirsurnin bara að mislægu gatnamótunum.“

- ók



**NÝJU GATNAMÓTIN OG ÞAU GÖMLU**

Ný mislæg gatnamót inn á Prengslaveg verða um 1,5 kílómetrum norðar en gömlu gatnamótin, en í tengslum við þau verður lagður um þriggja kílómetra langur nýr vegspotti á Suðurlandsvegi.

Góðkunningi lögreglu:

## Stal fjórum fartölvum

**LÖGREGLUMÁL** Brotist var inn í verslunina Office 1 við Glerárgötu á Akureyri um klukkan hálf þrjú í fyrrinótt. Rúða var brotin í versluninni og fjórum fartölvum hafði verið stolið að verðmæti 700 til 800 þúsund króna.



Lögreglan veitti karlmanni athygli sem var á hlaupum við verslunina. Manninn var veitt eftirför og hann handtekinn á gistiheimili stutt frá. Tölvunum henti hann frá sér á hlaupunum.

Maðurinn hefur oft komið við sögu lögreglunnar. Hann var færður í fangageymslur og þykir málið vera upplýst.

- gag

Sameining sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu:

## Héðinsfjarðargöng forsenda sameiningar

**SAMEININGARKOSTIR** Bæjarstjórn Ólafsfjarðar hefur ákveðið að leggja til að kosið verði um sameiningu allra sveitarfélaganna tíu í og við Eyjafjörð í sameiningarkosningunum 23. apríl næst komandi.

Í umsögn bæjarstjórnar Ólafsfjarðar til nefndar um sameiningu sveitarfélaga segir meðal annars: „Bæjarstjórn Ólafsfjarðar er sammála því sem komið hefur fram í bókunum og skilyrðum sem bæjarráð Akureyrarbæjar, Siglufjarðarkaupstaðar og Dalvíkurbyggðar hafa sett fram þess efnis, að af sameiningu sveitarfélaga við Eyjafjörð geti ekki orðið nema að uppfylltum ákveðnum

skilyrðum. Bæjarstjórn Ólafsfjarðar leggur þunga áherslu á samgöngubætur og þá sérstaklega staðfestingu á framkvæmd við gerð Héðinsfjarðarganga. Þá verður að liggja fyrir samkomulag milli ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um verkefnatílfærslu og tekjustofna sem og trygging fyrir því að ekki komi til skerðingar á tekjum úr jöfnunarsjóði. Bæjarstjórn Ólafsfjarðar fagnar sérstaklega bókun bæjarráðs Dalvíkurbyggðar þar sem fram kemur krafa um stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð og tekur heilshugar undir þá kröfu.“

- kk



**VIÐ KÁRAHNJÚKA**

Fulltrúi sýslumanns á Seyðisfirði segir að ákveðin þættir hafi ekki verið rannsakaðir þegar banaslys varð á virkjunarsvæðinu við Kárahnjúka í mars.

Banaslysið við Kárahnjúka:

## Ríkissaksóknari óskar frekari gagna

**LÖGREGLURANNSÓKN** Að ósk ríkissaksóknara er sýslumannsembættið á Seyðisfirði að afla viðbótargagna vegna banaslyssins á virkjunarsvæðinu við Kárahnjúka aðfaranótt 15. mars í fyrra. Að þeim gögnum fengnum mun ríkissaksóknari taka ákvörðun um hvort ákært verður í málinu.

Sýslumannsembættið á Seyðisfirði fer með rannsókn málsins og sendi embættið ríkissaksóknara rannsóknargögn 5. október síðastliðinn. „Í þeim gögnum bentum við á að ákveðin þættir hefðu ekki verið rannsakaðir. Hefur ríkissaksóknari nú óskað eftir að við

öflum frekari gagna en hvenær þeirri vinnu lýkur get ég ekki sagt til um,“ sagði Helgi Jensson, fulltrúi sýslumannsins á Seyðisfirði.

Hálfþrítugur Íslendingur lést í slysinu þegar hann varð fyrir grjóti sem féll úr Fremri-Kárahnjúk. Vinna á slystað var bönnuð um tíma eftir slysið og í kjölfarið var öryggi starfsmanna aukið.

Viku fyrir banaslysið höfðu eftirlitsaðilar Landsvirkjunar sent Impregilo og undirverktökum skriflegar athugasemdir þar sem varað var við hættu á grjóthruni á vinnusvæðinu.

- kk

Ferðaþjónusta fatlaðra hjá Reykjavíkurborg:

## Umdeildar reglur ekki komnar í gildi

**HEILBRIGÐISMÁL** Umdeildar breytingar á reglum ferðaþjónustu fatlaðra aldraða taka ekki gildi fyrr en settar verða reglur um akstursþjónustu aldraða, að sögn Bjarkar Vilhelmsdóttur borgarfulltrúa.



**BJÖRK VILHELMSDÓTTIR**  
Beðið verður eftir gildistöku reglna um ferðaþjónustu aldraðra.

Hún segir að staðan sé því óbreytt frá því sem var fyrir áramót, þar sem s í ð a r n e f n d u reglurnar öðlist ekki gildi fyrr en í næsta mánuði.

Umræða reis þegar þremur einstaklingum í endurhæfingu á Grensá var á nýju ári synjað um


ferðaþjónustu fatlaðra á vegum borgarinnar þar sem þeir væru orðnir 67 ára. Var þetta sagt byggt á reglum sem tekið hefðu gildi um áramót. Einstaklingarnir þrír sem sóttu endurhæfingu á göngudeild kváðust vera í miklum vanda, þar sem þeir hefðu treyst á ferðaþjónustuna. Guðrún Karlsdóttir, læknir á Grensá, taldi þetta á skjön við þá þróun sem unnið væri að, það er að efla göngu-deildarþjónustu á Landspítala háskólasjúkrahúsi.

„Þessar reglur hafa enn ekki hlotið staðfestingu borgarráðs og eru því ekki komnar í gildi,“ sagði Björk, sem kváðst ekki geta tjáð sig um höfnunarmál einstaklinganna þriggja þar sem hún þekkti ekki nægilega vel til þeirra.

- jss

# Smakkaðu

nýtt sykurlaust Coke



réttu bragðið – sykurlaust

Kynningarverð

**12.999 kr.**

Umboðsaðili:

**Rafport**

Nýbýlavegi 14, Kópavogi. Sími 554 4443. Fax 554 4102.  
rafport@rafport.is www.rafport.is

Umboðsmenn um land allt



## Fljótverkasti miðaprentarinn

- Miðar á bréf, pakka, bréfabindi o.fl.
- Á CD/DVD diska, miðar úr plasti
- Prentar miða úr Word-, Excel- og Outlook
- Prentar merkiborða bæði á pappir og plast, stærðir eftir vali, allt að eins meters langa
- Allt að 62mm breidd
- 50 miðar á minútu\*
- USB tenging
- Windows hugbúnaður
- Sjálfvirk klipping
- Heilar lengjur eða staðlaðar

\*Staðlaðir pósthengamiðar

At your side.  
**brother QL-550**



# Upplifun í U\$A



**\$láðu til! Gengi dollarans hefur aldrei verið hagstæðara!**

Helgarferðir á tímabilinu 20. janúar - 26. febrúar 2005

## Minneapolis.

**Verð frá 43.240 kr.\* á mann**  
í tvíbýli á Holiday Inn Bloomington í 3 nætur.

## Boston

**Verð frá 45.550 kr.\* á mann**  
í tvíbýli á Tremont House í 3 nætur.

## Baltimore

**Verð frá 45.740 kr.\* á mann**  
í tvíbýli á Days Inn Inner Harbor í 3 nætur.

## Washington

**Verð frá 46.690 kr.\* á mann**  
í tvíbýli á Holiday Inn Downtown í 3 nætur.

Nú er tækifæri til að láta „ameríska drauminn“ rætast. Heimborgir Ícelandair á austurströnd Bandaríkjanna eru ævintýraveröld fyrir fólk á öllum aldri.



Verð miðast við að bókað sé á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)  
Ef bókað er á söluskrifstofu bætist við þjónustugjald,  
3.750 kr. á mann.

\* Innfalið í þessum helgarpökkum: Flug, gisting,  
og flugvallarskattar.



Hafið samband við söluskrifstofur Icelandair eða við Fjarsölu Icelandair  
í síma 50 50 100 (svarað mánud. - föstud. kl. 8-18, laugard. kl. 9-17  
og á sunnudögum kl. 10-16).

**út í heim**

**ICELANDAIR**  
[www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)





 **HUNDRUÐ VÖRUTEGUNDA**

**SJÓNVARPSTÆKI  
MYNDBANDSTÆKI  
DVD SPILARAR  
HÁTALARAR  
HLJÓMTÆKI  
OG FLEIRA  
OG FLEIRA**

**ÚTSS**

**40%**

**CD FERÐASPILARI**

VERÐ ÁÐUR kr. 4.990

**TILBOÐ kr. 2.990**

AFSLÁTTUR kr. 2.000

**UNITED** MEÐ  
HRISTIVÖRN

**25%**

**FERÐATÆKI MEÐ CD**

VERÐ ÁÐUR kr. 3.990

**TILBOÐ kr. 2.990**

AFSLÁTTUR kr. 1.000

**UNITED**

**20%**

**SAMSTÆÐA**

VERÐ ÁÐUR kr. 9.990

**TILBOÐ kr. 7.990**

AFSLÁTTUR kr. 2.000

**UNITED** Með geislaspilara, útvarpi með  
stöðvaminnum og segulbandi.

**RAFTÆKI Á  
ÓTRÚLEGU VERÐI!**

**ALLT AÐ 75%  
AFSLÁTTUR**

**TAKMARKAÐ MAGN  FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!**

**OPIÐ LAUGARDAG 10-18 OG SUNNUDAG 13-17**



# MEÐ ROSALEGUM AFSLÆTTI

EKKI MISSA  
AF FRÁBÆRU  
TÆKIFÆRI

**BÍLGRÆJUR  
OG HÁTALARAR**

ALLT AÐ 50% AFSL.

**DVD SPILARAR  
MIKIÐ ÚRVAL**

VERÐ FRÁ KR. 5.990

SPARAÐU  
STÓRFÉ Á  
ÚTSÖLUNNI

**JVC  
STAFRÆNAR  
TÖKUVÉLAR**

FLOTTUR AFSLÁTTUR

**MIKIÐ ÚRVAL  
SJÓNVARPA Á  
FRÁBÆRU VERÐI**

BETRI VERÐ

**ÞRÁÐLAUSIR  
SÍMAR**

ALLT AÐ 40% AFSL.

# ALA

**32%**

**21" SJÓNVARP**

VERÐ ÁÐUR kr. 24.990

**TILBOÐ kr. 16.990**

AFSLÁTTUR kr. 8.000

**GRUNDIG**

**25%**

**HEIMABÍÓ**

VERÐ ÁÐUR kr. 19.990

**TILBOÐ kr. 14.990**

AFSLÁTTUR kr. 5.000

**UNITED**

**33%**

**26" LCD SJÓNVARP**

VERÐ ÁÐUR kr. 299.990

**TILBOÐ kr. 199.990**

AFSLÁTTUR kr. 100.000

**JVC**

**Stafrænar myndavélar með allt að**

**50% afslætti**

 KONICA MINOLTA

**OLYMPUS**

**Skjávarpar með allt að 85.000 kr. afslætti!**

**Örpunn LCD sjónvörp með miklum afslætti!**



# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [www.sm.is](http://www.sm.is)

**SJÁIÐ TILBOÐIN Á HEIMASÍÐUNNI [WWW.SM.IS](http://WWW.SM.IS)**





**EKKI Í PEIRRA NAFNI**  
Breskir Evrópuþingmenn voru meðal þeirra sem mótmæltu á Evrópuþinginu í Strassburg í gær, þegar Evrópuþingið ákvað með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða að styðja fyrstu stjórnarskrá Evrópusambandsins og hvatti ríkisstjórnir ESB að gera hið sama.

## Fljótsdalslínur 3 og 4: Fjórir buðu í stálvírinn

**ÍDNABUR** Fimm tilboð bárust Landsvirkjun í stálvír fyrir Fljótsdalslínur 3 og 4, en þau voru opnuð á mánudag. Hæsta boð kom frá

### TILBOÐ Í STÁLVÍR

fyrir Fljótsdalslínur 3 og 4 frá Kárahnjúkavirkjun í álver í Reyðarfirði.

Bjóðandi	Upphæð tilboðs
Westfälische Drahtindustrie GmbH	71.427.490 kr.
BYKO hf.	62.435.418 kr.
Bridon Internationa Ltd.	55.958.022 kr.
Swedwire, Svíþjóð	54.211.815 kr.
Swedwire, Svíþjóð (frávikstilb.)	50.522.196 kr.
Kostnaðaráætlun ráðgjafa 64.029.000 kr.	

Westfälische Drahtindustrie GmbH upp á 71,4 milljónir króna. Var það eina tilboðið sem var yfir kostnaðaráætlun, sem hljóðaði upp á rétt rúmar 64 milljónir króna. Næsthæst bauð BYKO hf., eina íslenska fyrirtækið sem tók þátt, 62,4 milljónir. Lægst bauð hins vegar sænska fyrirtækið Swedwire, rúmar 54 milljónir og með frávikstilboð upp á rúmar 50 milljónir króna.

Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, segir að Landsnet, sem annast á flutning á raforku, semji við verkfræði- og framkvæmdasvið Landsvirkjunar sem sjái um útbóðið. „En þetta var náttúrlega boðið út í okkar tíð,“ sagði



### FLJÓTSDALSLÍNUR 3 OG 4

Hér má sjá legu Fljótsdalslína 3 og 4 um Skriðdal fram hjá bænum Eyrarteigi á leiðinni frá Kárahnjúkavirkjun niður í Reyðarfjörð.

hann og bjóst við að verkefni tengd Kárahnjúkavirkjun sem byrjað hefur verið á myndu verða áfram á forræði verkfræði- og framkvæmdasviðsins.

Friðrik taldi tilboðin flest hafa verið hagstæð og kvaðst sannfærður um að línurnar yrðu mun ódýrari en ráð hafi verið fyrir gert þegar upp væri staðið. - óká

## Loðnuveiðar: Mokveiða góða loðnu

**AFLI** Loðnuveiðar hafa gengið mjög vel úti af Norðausturlandi síðustu sólarhringa og er mikið magn af loðnu á svæðinu. Að sögn Freysteins Bjarnasonar, framkvæmdastjóra útgerðar Síldarvinnslunnar, er gott hljóð í sjómönnum og útgerðarmönnum eftir að fiskifræðingar gáfu í skyn að kvótinn yrði aukinn verulega. „Loðnan er mjög góð og hafa skipin verið í mokafla en við frystum alla þá loðnu sem berst til Neskaupstaðar,“ sagði Freysteinn.

- kk



**LOÐNUVEIÐAR**  
Vel hefur gefið á miðunum síðustu daga og meira er af loðnu en búist var við.



### BEIÐ BROTTLUTNINGS

Flóð hafa valdið miklum skemmdum í Bretlandi. Þessi maður beið þess að ónýtir innanstokksmunir yrðu fluttir á haugana.

Bretlandseyjar:

## Þrír létust í veðurofsa

**EVROPA** Þrír létust þegar stormur gekk yfir norðanvert Bretland og Norður-Írland í fyrrinótt og gær. Vindurinn reif tré upp með rötum og fellði símastaura. Mestur mældist vindurinn á Vestureyjum Skotlands og náði 198 kílómetra hraða í hvössustu hviðunum í Skotlandi. 60 þúsund Skotar voru rafmagnslausir af völdum óveðursins.

Um tíma var óttast um afdrif nítján skipverja spænsks togara sem var saknað en hann fannst í gær.

Mikið óveður gekk yfir Noreg í gær. Víða á vesturströndinni flæddi sjór um götur bæja og borga og inn í hús, meðal annars í Björgvin og Álasundi. Vindurinn mældist mestur 37 metrar á sekúndu í hviðum. ■



### SNJÓPYNGSLI Í SÚÐAVÍK

Þeir félagar Elmar Garðarsson, Jón Arnór Þorsteinsson, Sigurgeir Garðarsson og Þórir Garibaldi Halldórsson, voru bara hressir með snjókomuna í Súðavík þegar ljósmyndari hitti þá fyrir á mánudaginn. Þá töldu þeir ekki eftir sér að gripa í skófluna og hjálpa til við moksturinn svo greiðfært væri um bæinn.

Fannfergi á Vestfjörðum:

## Órólegur snjór miðað við magn

**SNJÓKOMA** Meira hefur verið um snjóflóð á Vestfjörðum undanfarið en snjódýptartölur segja til um, að sögn Trausta Jónssonar veðurfræðings á Veðurstofu Íslands. „Snjórinn hefur verið órólegur miðað við magn,“ segir hann og bætir við að í þessum efnunum skipti máli lagskipting snjósins og skafrenningur. „Svo getur nú líka verið að meiri snjór sé til fjalla en mælingar í byggð segja til um.“

Trausti segir hins vegar að oft hafi snjóað meira á Vestfjörðum en nú. Þar mældist þó í byrjun vikunnar 60 til 65 sentímetra djúpur jafnfallinn snjór og taldi hann að snjór í slíku magni myndi valda algjöru umferðaröngþveiti á höfuðborgarsvæðinu. „Tölurnar miða við jafnfallinn snjó þannig að búast má við miklum skóflum. Í þorpum er oft minni vindur vegna húsa og aðfenni meira.“ - óká



**ÚTSALAN Í FULLUM GANGI**  
Enn meiri verðlækkun á völdum vörum

**50-80% afsl.**

REGATTA  
GREAT OUTDOORS™

NÝTT KORTATÍMABIL

ÚTIVIST&SPORT

verlanir / hópa- og fyrirtækjapjónusta

Akureyri - Strandgata 3 Sími 464-4450 • Reykjavík - Faxafeni 12 Sími 533-1550 • Keflavík - Hafnarhaga 25 Sími 421-3322

Opið

virka daga 10 - 18  
laugardag 8. jan. 11 - 16



**EVROPA**

**STJÓRNARSKRÁIN SAMÞYKKT**  
Þing Evrópusambandsins samþykkti nýja stjórnarskrá sambandsins með miklum mun í atkvæðagreiðslu í gær. Jafnframt var samþykkt að hvetja ríkisstjórnir landa Evrópusambandsins að gera hið sama. 500 þingmenn greiddu atkvæði með stjórnarskránni, 137 voru henni andvígir og 40 þingmenn sátu hjá.

**HRAKTIST ÚR STARFI** Slóvakískur ráðuneyttistjóri hraktist úr starfi eftir að upp komst að hann hafði aðstoðað leyniþjónustuna í valdatíð kommúnista. Jan Hurny er fyrsti slóvakíski embættismaðurinn til að segja af sér vegna ásákana um samstarf við leyniþjónustuna.

Stofnandi GNU með fyrirlestra:  
**Berst fyrir frelsi hugbúnaðar**

**UPPLÝSINGATÆKNI** Richard M. Stallman, hugbúnaðarfrömuður og baráttumaður gegn einkaleyfisbundnum hugbúnaði, hélt á mánudag og þriðjudag tvo fyrirlestra í Kennaraháskóla Íslands. Stallman er stofnandi „Free Software Foundation“ og stofnandi GNU-verkefnisins. GNU er stýrikerfi sem byggir á hugsjónum svokallaðs „frjáls“ hugbúnaðar, en það þýðir að fólk er frjálst að afrita, dreifa og breyta hugbúnaðinum að vild. Víða eru í notkun GNU-stýrikerfi á Linux-grunni.

Í fyrri fyrirlestrinum fjallaði Stallman um höfundarrétt og hvernig hann hentaði illa í tölvumhverfi nútímans. Hann segir stórfyrirtæki sem hagnast á höfundarrétti berjast fyrir strangari löggjöf um leið og hamlað sé gegn aðgengi almennings að tækni. Stallman segir að til þess að yta undir framfarir þurfi aftur á móti að auka frelsi og aðgengi. Í seinni fyrirlestri sínum ræddi Stallman um hvernig einkaleyfi í hugbúnaði hamli framþróun og hönnun hugbúnaðar, því þau setji í raun hugmyndum skorður. Frekari upplýsingar um Stallman og „frjálsan“ hugbúnað má finna á slóðinni [stallman.org](http://stallman.org).



**RICHARD M. STALLMAN**  
Stallman gerir skýran greinarmun á „frjáls-um“ og „opnum“ hugbúnaði („Free software“ og „Open source software“). Hann segir hugmyndafræðina ólíka þar sem „opinn hugbúnaður“ snúist um hagnýti meðan „frjáls hugbúnaður“ snúist um siðferði.

**LÖGREGLUFRETTIR**

**MEÐ 100 EITURLYFJASKAMMTA**  
Maður var tekinn með 100 grömm af kannabisefnum við umferðareftirlit lögreglunnar í Reykjavík. Stór hluti efnanna var pakkaður í söluumbúðir. Maðurinn ók eldri bíl, á gömlum númerum, sem var vanbúinn. Tekin var skýrsla af manningum. Hann játaði brot sitt og var sleppt.



**HÖFUÐHÖGG VIÐ ÁREKSTUR**  
Ökumaður fékk höfuðhögg við árekstur tveggja fólksbíla á Skólavörðustíg í Reykjavík rétt um klukkan fimm. Hann var fluttur á slysadeild.



**SNJÓTITTLINGAR**  
Fuglarnir létu sér fátt um finnst þó fólk ætti leið um götuna og héldu áfram að gæða sér á ljúffengu kornmeti á Laufásgötunni.

Akureyri:  
**Fuglamergö**  
**FUGLAR** Engu var líkara en taka á nýrri Hitchcock-mynd stæði yfir á Eyrinni á Akureyri þegar hundruð eða þúsundir snjótittlinga voru í kornmeti sem fallið hafði á götuna við innréttingaverkstæði Nomaco. Var ekki laust við að færi um suma sem leið áttu um götuna og dæmi um að fólk gengi úr vegi fuglanna.



**KRISTJÁN AÐALSTEINSSON**  
Áður var hann framkvæmdastjóri Harbour Grace CS á Nýfundnalandi og þar áður sölumarkaðsstjóri Útgerðarfélag Akureyringa og framkvæmdastjóri Sæplasts á Dalvík.

**Norræn samvinna**

**VIÐSKIPTI** Sæplast á Dalvík og dönsku fyrirtækin Neptun Plast og Atlantic Trawl Floats hafa ákveðið að sameina framleiðslu sína á trollkúlum í eitt fyrirtæki. Fyrirtækin þrjú eiga jafnan hlut í nýja félaginu en það heitir Atlantic Floats og er skráð á Íslandi. Ástæður sameiningarinnar má rekja til mikillar hækkunar á hráefnismörkuðum á síðasta ári og óviðunandi afkomu í framleiðslu trollkúla hjá öllum fyrirtækjunum þremur.

Skip SVN:  
**Afli fyrir tvo milljarða**

**AFLI** Heildarafli skipa Síldarvinnslunnar hf. í fyrra var ríflega 154 þúsund tonn að aflaverðmæti ríflega 2.067 milljónir króna. Bolfiskaflinn var rúmlega 8 þúsund tonn, að verðmæti um 1.012 milljónir króna, en heildarafli í uppsjávarfiski var ríflega 146 þúsund tonn, að verðmæti 1.055 milljónir króna.

Sala er hafin á einn vinsælasta sólarstaðinn í Evrópu

Vikulegt beint leiguflug í allt sumar

**Costa del Sol**

Plúsferðir bjóða glæsilegt úrval af vinsælustu gististöðunum í hjarta Torremolinos. Frábær skemmtun og úrval veitingastaða sem á engan sinn líka.

**TILBOÐ**

**10.000 kr.**

**afsláttur á mann**

í fyrstu 400 sætin (Pakkaferðir: Flug og gisting)

Netverð frá

**46.620 kr.**

á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn, 2ja-11 ára, í 7 nætur. Ef 2 ferðast saman, 57.430 kr. á mann.

Innifalið: Flug, flugvallarskattur, gisting í 7 nætur á Santa Clara, íslensk fararstjórn og 10.000 kr. bókuarafsláttur.

EKKI innifalið: Ferðir til og frá flugvelli 1.800 kr. og forfallagjald 1.800 kr. sem er valkvætt.

**Bókaðu strax - besta Plúsferðaverðið!**





# MEIRA FYRIR

Fjölbreytt úrval íhluta og jaðartækja

Öll verð eru staðgreiðsluverð með virðisaukaskatti og birt með fyrirvara um breytingar, prentvillur og myndabreytingar.

**ACER ASPIRE 1363WLM1 FERDATÖLVA**



**15.4" WIDESCREEN**

**ÖRGJÖRVI** • 3000XP Mobile AMD Sempron, Hypertransport  
**VINNSLUMINNI** • 512MB háhraða 333MHz DDR minni  
**HARÐDISKUR** • 60GB Ultra ATA100 harðdiskur 4200RPM  
**SKJÁR** • 15.4" Widescreen WXGA, 1280x800 og TV-út  
**SKJÁKORT** • 64MB DDR Geforce FX Go5200  
**DVD SKRIFARI** • DVD +/-RW skrifari, skrifar einnig CD-RW  
**HÁTALARAR** • Innbyggðir hátalarar og hljóðnemi  
**NETBÚNAÐUR** • Háhraða 10/100 netkort og 56K módem  
**PRÁÐLAUST** • 54Mbps þráðlaust 802.11g netkort  
**STYRIKERFI** • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**Verð 119.900**

**ACER TRAVELMATE 4001LMI FERDATÖLVA**



**1.5GHz DOTHAN**

**ÖRGJÖRVI** • 1.5GHz Intel Pentium M - Centrino - Dothan 2MB  
**VINNSLUMINNI** • 512MB háhraða 333MHz DDR minni  
**HARÐDISKUR** • 60GB Ultra ATA100 harðdiskur 4200RPM  
**SKJÁR** • 15" XGA TFT, 1024x768 og TV-út  
**SKJÁKORT** • 64MB ATI Radeon 9700 Mobility  
**DVD SKRIFARI** • DVD +/-RW skrifari, skrifar einnig CD-RW  
**HÁTALARAR** • Innbyggðir hátalarar og hljóðnemi  
**NETBÚNAÐUR** • Háhraða 10/100 netkort og 56K módem  
**PRÁÐLAUST** • 54Mbps þráðlaust 802.11g netkort  
**RAFHLAÐA STYRIKERFI** • Ending allt að 5 tímar í fullri vinnslu  
**PYNGD** • Windows XP home á íslensku eða ensku  
 Aðeins **2.91kg** og fyrirferðalítill

**Verð 139.900**

**ACER TRAVELMATE 4001WLM1 FERDATÖLVA**



**15.4" WIDESCREEN**

**ÖRGJÖRVI** • 1.5GHz Intel Pentium M - Centrino - Dothan 2MB  
**VINNSLUMINNI** • 512MB háhraða 333MHz DDR minni  
**HARÐDISKUR** • 60GB Ultra ATA100 harðdiskur 4200RPM  
**SKJÁR** • 15.4" Widescreen WXGA, 1280x800 og TV-út  
**SKJÁKORT** • 64MB ATI Radeon 9700 Mobility  
**DVD SKRIFARI** • DVD +/-RW skrifari, skrifar einnig CD-RW  
**HÁTALARAR** • Innbyggðir hátalarar og hljóðnemi  
**NETBÚNAÐUR** • Háhraða 10/100 netkort og 56K módem  
**PRÁÐLAUST** • 54Mbps þráðlaust 802.11g netkort  
**RAFHLAÐA STYRIKERFI** • Ending allt að 5 tímar í fullri vinnslu  
**PYNGD** • Windows XP home á íslensku eða ensku  
 Aðeins **2.95kg** og fyrirferðalítill

**Verð 147.900**

**HARÐDISKAR**

**Western Digital**

**WESTERN DIGITAL**

40GB/8MB/7200RPM 6.990  
 80GB/8MB/7200RPM 7.990  
 160GB/8MB/7200RPM 9.990  
 200GB/8MB/7200RPM 11.900  
 250GB/8MB/7200RPM 16.900

**300W AFLGJAFI**

**FORTRON AFLGJAFI**

Ofur-hljóðlátur aflgjafi með risa 12cm viftu sem tryggir hljóðlausa vinnslu og örugga kælingu. 300W

**VERÐ 4.990**

**VINNSLUMINNI**

**CORSAIR**

**512MB**

Corsair er mest veruláunada minni í heimi, 100% prófað, 100% áreiðanlegt og með lífstíðarábyrgð. 512MB DDR400

**VERÐ 8.990**

**3D SKJÁKORT**

**ATI RX9250 FX 5500 T FX5700 LE-TD NX 6600GT-VTD NX 6600**

MSI ATI Radeon 9250, 128MB DDR400MHz minni, TV-út tengi fyrir sjónvarp. **VERÐ 6.990**  
 MSI GeForce FX5500, 256MB DDR 400MHz minni, 128 bita DVI, TV-út tengi fyrir sjónvarp. **VERÐ 9.990**  
 MSI GeForce FX5700, 256MB DDR 400MHz minni, 128 bita DVI, TV-út tengi fyrir sjónvarp. **VERÐ 16.900**  
 MSI GeForce6 nx6600GT, 128MB DDR3 900MHz, DVI, TV-út tengi, Dual VGA. **VERÐ 26.900**  
 MSI GeForce6 nx6600, 256MB DDR 500MHz, TV-út, PCI-Express 16x, 128 bita DVI. **VERÐ 21.900**

**TURNKASSAR**

**ARTEMIS TURN**

Middle turnkassi, 300W aflgjafi, 2xUSB við framhlá. **VERÐ 4.990**

**DRAGON TURN**

Chieftec Dragon silfur turn, m/hurð að framan og 360W aflgjafi. **VERÐ 9.990**

**DRAGON TURN**

Chieftec Dragon 3 turn, m/gluggahlá, USB & Firewire. **VERÐ 11.900**

**COOLERMMASTER**

CM Stack, ál server turn, svartur/silfur, USB & Firewire. **VERÐ 19.900**

**SOUND BLASTER**

**AUDIGY 2 HLJÓDKORT**

7.1 Sound Blaster Audigy 2 EAX4 frá Creative með digital tengi. **VERÐ 6.990**

**HÁTALARAKERFI**

**CREATIVE INSPIRE**

Glasilegt Creative Inspire P580 hátalarakerfi, 5 öflugir hátalarar og stórt bassabox, 5x6W + 17W. **VERÐ 9.990**

**HARÐDISKHÝSING**

**DRAGON HÝSING**

Glasileg Dragon ál USB2 hýsing fyrir 3.5" harðdiska, staffanleg. **VERÐ 5.990**

**GEISLASKRIFARI**

**MSI 52x SKRIFARI**

52x32x52x geislaskrifari frá MSI, Mount rainier, hugbúnaður fylgir. **VERÐ 3.990**

**MSI COMBO DRIF**

52x24x52x skrifari og 16x DVD drif með útskiptanlegum framhláðum. **VERÐ 5.990**

**DVD±RW SKRIFARI**

**16xDVD± SKRIFARI**

Einstaklega hljóðlátur MSI 16xDVD skrifari, skrifar plus og minus staðla og Dual Layer. **VERÐ 9.990**

**TRAXDATA**

**10STK DVD+R** DVD+R 4,7GB, 4x hraða, 10 stk. áprentanlegir. **VERÐ 2.490**  
**10STK DVD+R** DVD+R 4,7GB, 8x hraða, 10 stk. í spindla pakkningu. **VERÐ 1.990**  
**DVD+R DISKUR** DVD+R 4,7GB, 16x hraða, 1stk í Jewel Case. **VERÐ 390**

**VEFMYNDAVÉL**

**LABTEC VEFMYNDAVÉL**

Labtec Webcam vefmyndavél, USB tengd, fyrir borðtölvur eða fariðólur. **VERÐ 2.990**

## Súperuppfærslur fyrir flestar tölvur



**1330 MHz**

- 1.3GHz ThunderBird örgjörvi
- Hágæða móðurborð
- Tekur DDR266 og 333
- Sound Blaster Hardware true3D
- 3xPCI raufar, 1xAGP rauf
- Innbyggt 10/100 netkort

**VERÐ 9.990**

**2200+**

- 2200+AMD Sempron, 384k
- MSI KM3M-V móðurborð
- Tekur DDR266 og 333
- UniChrome skjákort að 32MB
- 3xPCI, AGP8, 6xUSB2
- 10/100 netkort, 5.1 hljóðkort

**VERÐ 12.900**

**2200+**

- 2200+AMD Sempron, 384k
- MSI K7N2GM2-ILSR m.borð
- 256MB DDR333 Corsair minni
- GeForce 4 nForce að128MB
- 3xPCI, AGP8x, 6xUSB2
- 10/100 netkort, 5.1 hljóðkort

**VERÐ 19.900**

**2800+**

- 2800+AMD Sempron, 384k
- K7N2 DELTA2-LSR m.borð
- 512MB DUAL DDR333 minni
- nVidia nForce2 kubbasett
- DUAL DDR400, AGP8x, 6xUSB2
- 10/100 netkort, 5.1 hljóðkort

**VERÐ 29.900**

**3000 GHz**

- Intel 3.0GHz Prescott, 1MB
- 865PE NEO2-PFS m.borð
- 512MB DUAL DDR400 minni
- Serial ATA 150 stýring
- 5xPCI, AGP8x, 8xUSB2
- Gb LAN, 5.1 hljóðkort

**VERÐ 39.900**



# PENINGANA

www.tolvulistinn.is

## ACE tölvur • Fáðu meira fyrir peningana

**ACE P4 - 2.8GHz PRESCOTT CELERON**



**ACE P4 2.8GHz**

**ÖRGJÖRVI VINNSLUMINNI**

- 2.8GHz Intel P4 Prescott Celeron, 533FSB
- 256MB DDR400 Corsair með lífstíðarábyrgð
- 160GB Western digital 7200RPM, 8MB buffer
- 17" LCD Acer örþunnur skjár, 450:1 og 16ms
- 661FX 3D hraðall með allt að 128MB DDR minni
- **16xDVD +/-** Hágæða DVD skrifari
- 6 Rása Dolby Digital 5.1 hljóðkerfi
- Nett hátalarar sem tekur lítið borðpláss
- Innbyggt 10/100 netkort
- Windows XP Home á íslensku eða ensku

**Verð 99.900**

**ACE SPECIAL EDITION - 3.0GHz PRESCOTT**



**ACE SPECIAL EDITION**

**ÖRGJÖRVI VINNSLUMINNI**

- 3.0GHz Intel P4 Prescott, **1MB, 800FSB + HT**
- 512MB DDR400 Corsair með lífstíðarábyrgð
- 200GB Serial ATA150 7200RPM, 8MB buffer
- 17" LCD Acer örþunnur skjár, 450:1 og 16ms
- 128MB GeForce FX5500-T með TV-út tengi
- **16xDVD +/-** Hágæða DVD skrifari
- 6 Rása Dolby Digital 5.1 hljóðkerfi
- 2.1 hátalarakerfi með öflugu bassaboxi
- Innbyggt 10/100 netkort
- Windows XP Home á íslensku eða ensku

**Verð 134.900**

**ACE ÖFLUG AMD 3400+ ACE TÖLVA Á FRÁBÆRU VERÐI**



**ACE ATHLON 64 3400 K8**

**ÖRGJÖRVI VINNSLUMINNI**

- AMD Athlon64 3400+, 640k, 1600FSB og HT
- **1GB DUAL** DDR400 Corsair með lífstíðarábyrgð
- 200GB Serial ATA150 7200RPM, 8MB buffer
- 17" Samsung Dynafat silfurhlítaður
- 128MB MSI **GeForce 6 NX6600GT**, TV-út
- **16xDVD +/-** Hágæða DVD skrifari frá NEC
- 7.1 Sound Blaster Audigy 2 frá Creative
- 7.1 Hátalarakerfi, 7 hátalarar og stórt bassabox
- Innbyggt 10/100/1000 Gigabit netkort
- Windows XP Home á íslensku eða ensku
- Silfræður ál turn, nær hljóðlaus og ótrúleg gæði

**Verð 169.900**

**ALLT ÞRÁÐLAUST**



**PCMCIA KORT**  
PCMCIA þráðlaust netkort - 54Mbps 802.11g (CB11B)  
**VERÐ 3.990**

**ÞRÁÐLAUST USB**  
USB þráðlaust netkort, ótrúlega lítið og nett, 54Mbps 802.11g  
**VERÐ 3.990**

**ACCESS POINT**  
Planet LAN/WLAN Access Point - 54Mbps 802.11g (WAP-4030)  
**VERÐ 6.990**

**TÖLVUSKJÁIR**



**17" LCD SKJÁR**  
1280x1024dpi@75Hz, 450:1, 16ms, VGA tengi, silfurlitur  
**VERÐ 29.900**

**19" ACER LCD**  
1280x1024dpi@75Hz, 500:1, 12ms, silfurlitur m/hátölurum  
**VERÐ 44.900**

**17" HP LCD SKJÁR**  
HP TFT1730, 1280x1024, 25ms response, 450:1 contrast - Silfurlitur  
**VERÐ 39.900**

**19" SONY LCD**  
17" Sony TFT LCD, X-black tækni 1280x1024dpi@75Hz, 12ms response  
**VERÐ 79.900**

**FRÁBÆRIR BLEKSÞRÁUTPRENTARAR FRÁ CANON**



**CANON i455**  
Frábær heimilisprentari, 4800dpi ljósmyndaprentun.  
**VERÐ 7.990**

**CANON iP3000**  
Prentar A4 með fullri blæðingu. 4 hylki, 4800dpi.  
**VERÐ 17.900**

**CANON iP4000**  
Prentar A4 með fullri blæðingu. 5 hylki, 4800dpi.  
**VERÐ 22.900**

**MINNISLYKILL**



**256MB MINNISLYKILL**  
Sandisk Cruzer Micro er 256MB ótrúlega nettur minnislykill sem er USB 2.0 tengdur fyrir aukinn hraða  
**VERÐ 3.990**

**LOGITECH**



**LOGITECH MEDIA**  
Logitech Media, vandað lykklaborð hlaðið flýtihnöppum, PS2  
**VERÐ 3.990**

**LOGITECH MÚS**



**LOGITECH MX500**  
MX500 Optical Mouse, stórglæsileg og þægileg mús með fullt af tökkum  
**VERÐ 3.990**

**FELLOVES**



**LÍMMIÐAPRESSA**  
Fellows/ Neato limmiðapressa Mini Kit með hugbúnaði og limmiðum (FEL 55455)  
**VERÐ 990**

**SJÓNVARPSKORT**




**KWORLD TV PRO**  
Sjónvarpskort með einstök myndgæði, MPEG 1, 2 og 4, útlarp og fjárfstýring, BT878 kubbasettið.  
**VERÐ 7.990**

# TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ

Opíð alla virka daga frá 9-18 og laugardaga frá 11-16

**MINNISKORT**



**FYRIR MYNDAVÉLAR**

- 128MB Compact Flash 2.990
- 256MB Compact Flash 4.990
- 512MB Compact Flash 7.990
- 128MB Memory Stick 3.990
- 128MB Multimedia Card 2.490
- 128MB Secure Digital 2.990

**MÍKID ÚRVAL**



**BLEKHYLKI OG TÓNER Í FLESTA PRENTARA Á BETRA VERÐI**

## SúperTurnar • Hagkvæm uppfærsluleið

<b>2200+</b>	<b>2500+</b>	<b>3000 Prescott</b>	<b>3400+ ATHLON 64</b>
Örgjörvi Móðurborð Vinnsluminni Harðdiskur Skjá kort Hljóðkort Netkort Turnkassi	2200+AMD Sempron 384K MSI KM3M-V - 4xUSB2 256MB 333MHz DDR 80GB 7200RPM - <b>8MB</b> UniChrome 2D/3D, 32MB Dolby Digital 5.1 10/100 netkort 300W medium turn	Örgjörvi Móðurborð Vinnsluminni Harðdiskur Skjá kort Hljóðkort Netkort Turnkassi	3400+ Athlon64 640K MSI K8N Neo FSR - 8xUSB2 512MB 400MHz DDR 200GB 7200RPM - <b>8MB</b> 256MB GeForce FX5700 Dolby Digital 5.1 10/100/1000 netkort Hljóðlátur Dragon 300W
<b>29.900</b>	<b>44.900</b>	<b>64.900</b>	<b>79.900</b>

SúperTurn tölvurnar eru samsettar og tilbúnar til notkunar með forsníðinn harðdisk.

Það eina sem þarf úr eldri vél er: Geisladrif, diskettudrif, stýrikerfi, skjár, lykklaborð og mús.

Tölvulistinn • Glerárgötu 36 • 600 Akureyri • Sími 464 7400



EFTIRMÁL: SKAÐABÆTUR VEGNA VERÐSAMRÁÐS

## Olúfélögin hafa ekki svarað Vestmannaeyjabæ

Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur engin viðbrögð fengið frá olúfélögunum vegna bréfs sem hún sendi þeim í haust þar sem óskað var eftir því að þau hefðu frumkvæði að því að semja um greiðslur bóta vegna ólögmaets samráðs sem þau viðhöfðu í útboði bæjarins vegna olíuverslunar.

Bæjarstjórnin taldi að verðsamráðið hefði valdið Vestmannaeyjabæ, íbúum bæjarins og fyrirtækjum tjóni. Lúðvík Bergvinsson, oddviti Vestmannaeyjalistans, sagði þá að Vestmannaeyjabær myndi leita réttar síns og hann vonast eftir jákvæðum undirteknum olúfélögunna í samræmi við afsökunarbeiðni þeirra sem birtust í kjölfar úrskurðar samkeppnisráðs um verðsamráð félögunna.

Bergur Elías Ágústsson, bæjarstjóri í



Vestmannaeyjum, segist engin svör hafa fengið frá olúfélögunum, hvorki form-

leg né óformleg. „Við biðum spennt. Við reiknuðum með því að fá svör frá þeim enda buðum við þeim að koma með tillögur um hvernig mætti bæta bænum tjónið. Það er líka að mínu mati lágmarkskurteisi að svara erindum sem þessum. Einhverra hluta vegna hefur staðið á svari.“

Bergur segir greinilegt að það þurfi að ítreka beiðnina. Bæjarstjórnin hefur ekki metið tjónið sem bæjarsjóður varð fyrir vegna samráðs olúfélögunna. Skýr dæmi um samráð eru í niðurstöðu samkeppnisráðs og Bergur segir augljóst að olúfélögin hafi skipt með sér verkum. „Við vildum bjóða olúfélögunum að setjast niður með okkur og gera tillögu um lausn á þessu máli.“ Hann segir hljóðið þungt í bæjarbúum vegna samráðsins.

SVONA ERUM VIÐ



Íslensk heimili kaupa borðbúnað, glös, eldhús- og heimilisáhöld fyrir 18.553 krónur á ári. Íbúar dreifbýlisins verja mun minna fé í slíkan varning en höfuðborgarbúar.



## ÚTSALA ÚTSALA 60 – 80 % Ótrúlega lágt verð

Dæmi um verð:

	Áður	Núna
Rifflað peysa	6.500.-	1.400.-
Rennð peysa	5.900.-	1.900.-
Rúllukragapeysa	6.200.-	1.900.-
Vafin peysa	4.800.-	1.900.-
Peysa m/V-hálmáli	4.700.-	1.400.-
Satín toppur	5.300.-	1.900.-
Bolur m/perlum	6.600.-	1.900.-
Bolur m/áprentun	3.700.-	900.-
Skyrta	4.000.-	1.500.-
Túnikublússa	4.700.-	900.-
Hettupeysa	4.900.-	1.900.-
Sítt píls	6.300.-	900.-
Flauelsjakki	6.400.-	1.900.-
Dömujakki	5.600.-	900.-
Vatteruð úlpa	6.800.-	2.900.-
Leðurbuxur	11.200.-	2.900.-
Kvartbuxur	4.900.-	900.-
Dömuþúfur	5.800.-	900.-

Slá með tveir fyrir einn.

friendtex®

Síðumúla 13  
Opið 10 - 18  
Sími 568-2870

VERÐLAUNIN AFHENT Guðmundur M. Kristjánsson, faðir Arnar Elíasar, tekur við viðurkenningu og farandgrip úr hendi Arnar Torfasonar í Gullauga (til vinstri) og Hálfðans Bjarka Hálfðanssonar, fréttastjóra bb.is.



MYNDIR BB.IS

## Vestfirðingur 2004 valinn

Lesendur bb.is völdu tónlistarmanninn Örn Elías Guðmundsson, sem betur er þekktur undir listamannsnafninu Mugison, Vestfirðing ársins 2004. Plata hans Mugimama (Is This Monkeymusic?), er að margra mati besta plata ársins.

Tónlistarmaðurinn Örn Elías Guðmundsson, sem er betur þekktur undir listamannsnafninu Mugison, er Vestfirðingur ársins 2004 að mati lesenda vefritsins bb.is. Örn Elías hefur staðið sig frábærlega á tónlistarsviðinu á undanförunum árum og sérstaklega á því síðasta, en þá gaf hann m.a. út plötuna Mugimama (Is This Monkeymusic?), sem fjölmargir gagnrýnendur hafa valið bestu plötu ársins. Þá samdi hann tónlistina við kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, Næsland, auk þess sem hann er tilnefndur til fimm verðlauna á Íslensku tónlistarverðlaununum sem veitt verða í næsta mánuði. Örn Elías stóð einnig í samvinnu við föður sinn og fleiri aðila fyrir tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður, sem haldin var á Ísafirði um síðustu páska. Með tónlistarhátíðinni varð hin árlega skíðavika á Ísafirði að eftirsóknarverðum viðburði, sem vel var sóttur. Þá hefur Örn Elías verið duglegur við að kynna

heimaslóðirnar, eða eins og fjölmargir lesendur sögðu: „Mugison er ein besta kynning sem Vestfirðir hafa fengið um langt skeið.“

72 einstaklingar fengu atkvæði í kosningunni, sem stóð frá miðjum desember og fram til áramóta. Atkvæðin voru vel á fjórða hundraðið og fengu þeir sem voru í 1.-4. sæti rúmlega helming þeirra.

Faðir Arnar Elíasar, Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar, tók við viðurkenningu sonarins á laugardag, sem eru eignar- og farandgripir sem smíðaðir eru af Dýrfinnu Torfadóttur, gullsmíð í Gullauga á Ísafirði.

„Þetta er agalega mikill heiður. Ég veit eiginlega ekki alveg hvað ég hef gert svona merkilegt. Persónulega finnst mér það mesta afrek á liðnu ári að hafa barnað unnustu mína,“ sagði Örn Elías er honum voru tilkynnt úrslitin, en Rúna Esradóttir, verðandi barnsmóðir hans, verður að líkindum léttari eftir um mánuð. „Þar á eftir eru það kannski þessar tvær plötur sem ég gaf út. Svo finnst mér mjög gaman að hafa átt þátt í tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður sem haldin var á Ísafirði um síðustu páska.“

Aðspurður segist hann vonast til að titillinn „Vestfirðingur ársins 2004“ gefi tóninn fyrir það sem koma skuli á þessu ári og vísar þar til fimm tilnefninga sem hann hefur hlotið til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem afhent verða í næsta mánuði. „Það væri gaman. Annars er ég furðu lostinn yfir að hafa hlotið þessi verðlaun. Mér finnst Jón Fanndal Þórðarson



Nýr opnunartími  
í verslun RV:

Mánudaga til föstudaga  
frá kl. 8:00 til 18:00  
Laugardaga frá  
kl. 10:00 til 14:00

Bosíus kerti  
24,5 cm, 30 stk.

598.-




Lotus TexStyle dúkarúlla  
1,2 x 50 m

5.696.-



Lotus NexStyle servíettur  
39 x 39 cm, 80 stk.

Verð frá 276.-



## Fyrir þorablótið og árshátíðina

Dúkar, servíettur og kerti í miklu úrvali



Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is





Þorramatur:

# Eistnastaða Íslendinga með ágætum

**LOSTÆTI** Í byrjun þorra fyrir tveimur árum gerðu bandarískir fjölmiðlar létt grín að Íslendingum vegna neyslu á hrútsprungum. Höfðu fjölmiðlar vestra eftir Gunnari Níelssyni, þáverandi aðstoðarsölustjóra Norðlenska, að skortur væri á þungum í landinu og í fyrirsögn á vinsælum bandarískum vefmiðli stóð: Íslendingar þjást af eistnaskorti. Þessi matarvenja Íslendinga þótti svo afbrigðileg að



skrifstofu Ferðamálaráðs í New York barst tilkynning þess efnis að þáttastjórnandinn Jay Leno myndi hugsanlega taka málið fyrir en ekki varð þó af því.

Ingvar Már Gíslason, markaðsstjóri Norðlenska, segir að í ár sé enginn eistnaskortur hjá Norðlenska en heldur enginn afgangur eftir þorravertiðina. „Það er svo mikil eftirspurn innanlands að við erum hætt útflutningi. Að þessu sinni settum við í verkun og vinnslu 12 tonn af þungum, sem þýðir að frá okkur fara um 6 tonn af súrum þungum vítt og breitt um landið. Það er rosalega gott að bíta í súran þung,“ sagði Ingvar Már.



**Í LEIT AÐ FJÖLSKYLDUNNI**

Tíu fórust þegar aurskriða fór yfir hús í bænum La Conchita í Kaliforníu á mánudag. Jimmie Wallet sést hér leita að fjölskyldu sinni í rústum heimilis síns. Þjörgunarmenn fundu lík eiginkonu hans og þriggja dætra snemma í gær.

**MEÐ LÍFIÐ Í LÚKUNUM**  
Óskar Erlendsson, kjötíðnaðarmaður og „yfirþungur“ hjá Norðlenska, Ólöf Eir Guðmundsdóttir og Unnur Jónsdóttir hræra í þungum. Báðar eru dómurur með þungapróf frá Norðlenska.



## ársins

helst eiga að fá þau. Bæði ég og pabbi kusum hann. Ef hægt er að deila verðlaununum, þá vil ég deila þeim með Jóni og pabba og lít svo á að þeir séu ekki minni Vestfirðingar en ég.“

Umræddur Jón Fanndal Þórðarson, verslunarmaður og formaður Félags eldri borgara í Ísafjarðarbæ, varð í öðru sæti í valinu á Vestfirðingi ársins 2004. Hann var einn af forsvarsmönnum Heimastjórnarhátíðar alþýðunnar sem haldin var á Ísafirði á síðasta ári. Í þriðja sæti varð Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður, sem varð í öðru sæti árið 2003, og í fjórða sæti varð Sigmundur F. Þórðarson, húsa-smíðameistari á Þingeyri og formaður Íþróttafélagsins Höfrungs.

Aðstandendur valsins á Vestfirðingi ársins 2004, Gullauga á Ísafirði, hugbúnaðarfyrirtækið Inn hf. í Reykjavík og bb.is, þakka lesendum þátttökuna og óska þeim og Vestfirðingum öllum velfarnaðar á árinu. ■



**VESTFIRÐINGUR ÁRSINS 2004**  
Örn Elías Guðmundsson (Mugison) var valinn Vestfirðingur ársins af lesendum bb.is.




Frábærir myndasímar á góðu verði



Eingöngu fyrir GSM kort frá Símanum.

**Nokia 5140**

Verð aðeins: **25.980 kr.**  
Verð áður: ~~27.980 kr.~~

- 4096 litaskjár með 128x128 punkta upplausn
- Myndavél: VGA, 640x480 punkta upplausn
- 4 MB innbyggt minni
- Innbyggður stafrænn áttaviti og margt fleira



**Nokia 6610**

Verð aðeins: **16.980 kr.**  
Verð áður: ~~18.980 kr.~~

Eingöngu fyrir GSM kort frá Símanum.

- Litaskjár
- 3ja banda
- FM útvarp
- Innbyggð myndavél



**Nokia 3220**

Verð aðeins: **13.980 kr.**  
Verð áður: ~~16.980 kr.~~

Eingöngu fyrir GSM kort frá Símanum.

- Myndavél
- Litaskjár
- Þyngd: 86 g
- Rafhlaða: Li Ion
- Biðtími: Allt að 350 klst.
- Taltími: Allt að 3 klst.
- GPRS
- 2 MB innbyggt minni





Fulltrúar íslensku verkalyðsfélaganna hafa látið til sín taka undanfarið vegna aðbúnaðs, aðstæðna, kjara og ráðninga starfsmanna ítalska verktakafyrirtækisins Impregilo á Kárahnjúkum.

**Hvenær urðu verkalyðsfélögin til?** Á Íslandi urðu fyrstu verkalyðsfélögin til um aldamótin 1900 í kjölfar mikilla breytinga á atvinnulífi þjóðarinnar. Á tímum þegar Ísland var að breytast úr bændasamfélagi í nútímaþjóðfélag, tímum þegar fólk streymdi úr sveitum í þéttbýli og fjölmenn stétt verkamanna varð til. Verkamannafélagið Dagsbrún var stofnað árið 1896 og tuttugu árum seinna var Alþýðusamband Íslands (ASÍ) stofnað. Alþýðusambandið er nú stærsta fjöldahreyfing launafólks í landinu. Félagsmenn þess eru tæplega 90 þúsund.

## FBL GREINING: VERKALÝÐSFÉLÖG

# Gæta hagsmuna launafólks



**Hvert er hlutverk verkalyðsfélaga?** Samkvæmt lögum um stéttarfélag ráða þau málefnum sínum sjálf með ákveðnum takmörkunum. Meginhlutverk þeirra hefur

verið og er að auðvelda baráttu félagsmanna sinna fyrir bættum kjörum. Kjaramál, starfsöryggi, góðar vinnuaðstæður, líkamleg og andleg velliðan á vinnustað

eru með mikilvægustu hagsmuna- og réttindamálum launafólks sem verkalyðsfélögin berjast fyrir.

**Hvers vegna eru verkalyðsfélögin að gagnrýna Impregilo?** Verkalyðsfélögin telja að Impregilo fari ekki að íslenskum lögum hvað snertir kjaramál, réttindi og aðbúnað starfsmanna á Kárahnjúkum. Þá hafa þau líka gagnrýnt ráðningar fyrirtækisins á erlendum starfsmönnum í gegnum alþjóðlegar starfsmannaleigur. Telja þau að með þessum ráðningum sé Impregilo að hlunnfara starfsmenn með því að greiða þeim ekki samkvæmt íslenskum kjarasamningum. Þar sem eitt af meginhlutverkum verkalyðsfélaganna er að gæta hagsmuna launafólks gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum hafa þau látið til sín taka á þessum vettvangi. ■

## SPURT OG SVARAÐ

SENDIHERRAR AÐ STÖRFUM FYRIR STJÓRN MÁLAFLOKKA

### Nokkuð viss um fordæmi

Mörður Árnason alþingismaður lagði á dögum fram fyrirspurn á Alþingi um trúnaðarstörf sendiherra fyrir stjórn málaflokka í tilefni þess að Þorsteinn Pálsson, sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, var skipaður fulltrúi Sjálfstæðisflokks í stjórnarskráarnefnd. Vildi hann fá að vita hvort það til væru fordæmi fyrir slíku og hvort það hefði talist eðlilegt ef aðrir en núverandi stjórnarflokkar hefðu skipað starfandi sendiherra í nefndina. Gunnar Snorri Gunnarsson, ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneytinu, segist nokkuð viss um að til séu fordæmi fyrir nefndaskipan sem þessari.



GUNNAR SNORRI GUNNARSSON

**Eru til fordæmi þess að sendiherrarnir trúnaðarstörfum fyrir stjórn málaflokka?**

Þetta er ekki til á skrá hjá okkur. Meginreglan innan ráðuneytis er hins vegar sú að ef starfandi embættismenn taka að sér trúnaðarstörf utan starfslýsingar, þá þarf leyfi utanríkisráðherra. Ég hef ekki dæmi á hraðbergi, en ég er nokkuð viss um að til séu dæmi um nefndaskipanir sem eru að einhverju leyti pólitískt hugsaðar.

**Hverjar eru skyldur sendiherra?**

Það er talsvert mismunandi eftir því hvar þeir starfa hverju sinni. Umfram allt er það að efla og styrkja samskipti við gistinguverja, verja hagsmuni Íslands og kynna land og þjóð. Hér heima fer það eftir því við hvaða verkefni viðkomandi sendiherra fæst. Það er því erfitt að vera með eina allsherjar kynningu á starfi sendiherra. Almennt er það verkefni utanríkisþjónustunnar að verja hagsmuni landsins og kynna land og þjóð. ■

# Birtan er aðeins brot af því sem hún ætti að vera

**Rannsóknir íslenskra vísindamanna leiða í ljós að tíðni skammdegisþunglyndis er lægri hérlandis en á samsvarandi breiddargráðum enda þótt birta hér sé einungis sextíu prósent af því sem hún ætti í raun að vera.**

Skammdegisþunglyndi á Íslandi er ekki eins algengt og í löndum á svipaðri breiddargráðu og hefur sú staðreynd meðal annars verið útskýrð með endurvarpi af snjó. Ný íslensk rannsókn leiðir hins vegar í ljós að dagsbirta á Íslandi er aðeins sextíu prósent af þeirri birtu sem hér ætti að vera og því er ekki hægt skýra þessa tegund þunglyndis með birtuskortinum einum saman. Flóknari ástæður búa að baki.

Skammdegisþunglyndi er nánast óþekkt við miðbaug enda er birta þar stöðug árið um kring, þótt í raun og veru sé hún minni í heild en á svæðum nær pólunum. Eftir því sem nær heimskautionum dregur hækkar tíðnin vegna þess hve veturnir eru myrkir. Þetta er þungamiðjan í svonefndri breiddargráðukenningu.

Ellefu prósent íslensku þjóðarinnar eru talin þjást af skammdegisþunglyndi, þar af eru 3,6 prósent illa haldin af þessum sökum. Þótt mörgum þyki þetta vera hátt hlutfall er staðreyndin sú að tíðni þunglyndis af völdum birtuskorts er mun lægri hérlandis en á svæðum á svipaðri breiddargráðu, til dæmis í Alaska. Þetta stangast augljóslega á við breiddargráðukenninguna. Til



BRATTUR MIÐAÐ VIÐ BREIDDARGRÁÐU Svona var umhorfs í Reykjavík um hádegisleytið í síðustu viku. Samt sem áður er skammdegisþunglyndi ekki eins algengt eins og það ætti að vera sé miðað við legu landsins.

að koma öllu heim og saman hafa fylgismenn hennar á móti bent á að endurvarp vegna snjós bæti Íslendingum birtuskortinn upp.

Í grein í nýútkomnu hefti vísindaritans International Journal of Circumpolar Health, hnekkja nokkrir vísindamenn við Háskóla Íslands breiddargráðukenninguna, þeir Jóhann Axelsson, Sólveig Ragnarsdóttir, Jörgen Pind og Ragnar Sigurjónsson. Niðurstöður sínar byggja þeir á ljósmælingum í Reykjavík sem sýnir svo ekki verði um villst að birta hérlandis er síður en svo meiri en á samsvarandi breiddargráðum, hún er einungis sextíu prósent af því

sem hún ætti að vera miðað við bestu aðstæður. Myrkrið hérlandis í desember er svo mikið að birtan þann mánuðinn er einungis 2,5 prósent af ljósinu sem við njótum í júní hvað sem snjóþekjunni líður.

Í þessu ljósi er afar athyglisvert að tíðni skammdegisþunglyndis er lægri hérlandis en víðast hvar á svipuðum breiddargráðum, ekki hærri eins og búast mætti við fyrst birtan er okkur skömmtuð svo naumt. Greinarhöfundarnir benda á að vegna legu landsins á norðanverðu Atlantshafinu þar sem lægðakerfi ganga stöðugt yfir þá sé birta afar breytileg hérlandis. Þannig getur ljósmagn verið svip-

að á þungskýjuðum sumardögum og léttskýjuðum vetrardögum og því er sveiflan á milli sumars og veturs ekki eins afdrifarík og hún annars gæti verið.

Það virðist því ljóst að það er ekki einungis skammdegið sem veldur myrkursmæðunni heldur er að líkindum hið gamalkunna samspil erfða og umhverfis hér enn einu sinni að verki, í bland við vetur og sumar, ljós og myrkur. Þótt fræðimenn viti ekki enn hver orsök skammdegisþunglyndisins nákvæmlega er þá færa niðurstöður íslensku vísindamannanna okkur skrefi nær svarinu.

sveinng@frettabladid.is

Breskir vísindamenn:

## Pyntingar notaðar við tilraunir

**TILRAUNIR** Breskir vísindamenn áforma að nota pyntingar til að skilja betur áhrif sársauka og viðbrögð mannlíkamans við honum. Hundruð þátttakenda munu taka þátt í rannsókninni.

Tilgangurinn er að kanna heilastarfsemi fólks þegar það upplifir líkamlegan sársauka á meðan það er við meðvitund. Sársaukinn sem tilraunadýrin þurfa að gangast undir er þó ekki mjög mikill. Hlaupi blönduðu sílipipar verður smurt á handarbök

þeirra og sjóðheitir bakstrar lagðir á húð þeirra. Vísindamenn munu á meðan kvölunum stendur rýna í heilalínurit fórnarlambanna.

Liður í rannsókninni er að kanna hvort trúad fólk bregðist á annan hátt við sársauka en trúleysingjar. Á meðan meðferðinni stendur verða þeim sýndar helgimyndir og ýmis trúar-tákn.

Í viðtali við BBC segir formaður

breska geðlæknasambandsins að ólík stig sársauka ráðist helst af líffræðilegum þáttum eins og hversu stór hluti líkamans er meiddur og hversu mikið endorfín heilinn losar til að slá á sársaukann. „Það er þekkt að trúaðir geta þolað miklar kvalir á meðan þær þjóna ákveðnum tilgangi og ég tel að skýringin felist í endorfínlosun heilans“ segir formaðurinn en að hans sögn geta bænir og hugleiðsla framkallað þetta boðefni. Talsmenn ensku biskupakirkjunnar taka undir þetta viðhorf og segja engan vafa leika á mætti trúarinnar.

Auk vísindamannanna hugsa sérsvéitir breska hersins sér gott til glóðarinnar því með tilraunum telja þeir að auðveldara verði að sigta út nýliða sem kvalist geta með bros á vör.

- shg

25%  
AFSLÁTTUR

Flettitafla á standi er þarfapungur í hverju fundarherbergi


# FLETTITAFLA

Skrifstofumarkaður:  
Hallarmúla 2-4, sími 540 2000


Verlanir Pennans:  
• Akranesi • Akureyri • Hafnarfirði  
• Ísafirði • Keflavík • Kópavogi  
• Reykjavík • Selfossi • Vestmannaeyjum

**PENNINN**  
www.penninn.is






# Vertu klár fyrir daginn!



Settu Cheerioshringi í eyðurnar. Markmiðið er að skora hjá andstæðingnum og þátttakendur skiptast á um að sækja. Sóknin fer svona fram: Skjóta skal þeim Cheerioshring sem er aftastur hverju sinni á milli hinna tveggja og er þetta endurtekið þar til góðu marktækifæri er náð. Þá er hringnum skotið á markið. Eftir að sókn lýkur á andstæðingurinn leik.

Það er vit í að fá sér Cheerios á hverjum morgni. Cheerios er sykurlítið en fullt af hreinni orku og uppbyggjandi hollustu fyrir unga sem aldna. Í hverri skeið eru lífsnauðsynleg næringarefni, mikilvæg fjörefni og trefjar sem auka líkamlega vellíðan. Eftir einn disk af Cheerios erum við hressari og kraftmeiri. Við erum líka skýrari í kollinum. Við erum klár fyrir daginn.



**Cheerios**  
Mikilvægasta máltíð dagsins





THAZHANKUDA RÚSTIR EINAR

Íbúarnir sitja niðurlútir með hendur í skauti enda stendur ekki steinn yfir steini í þorpnu þeirra. Reisa þarf ný hús fyrir rúmlega eitt hundruð fjölskyldur en auk þess þarf að bora eftir hreinu vatni því vatnsból spilltust í flóðunum.

# Íbúarnir sátu og störfðu út í tómið

Vilhjálmur Jónsson frá Akureyri hefur ásamt félögum sínum tekið að sér uppbyggingarstarf í litlu þorpi á austurströnd Indlands. Mikið verk er framundan enda er eyðileggingin þar algjör.

**HJÁLPARSTARF** Uppbyggingarstarf af áður óþekktri stærðargráðu er framundan á hamfarasvæðunum við Indlandshaf. Ríkisstjórnir, alþjóðastofnanir og fjölþjóðleg hjálparstarf leggja nú á eitt við að hjálpa fórnarlömbunum en auk þess hafa smærri samtök og jafnvel einstaklingar látið til sín taka. Vilhjálmur Jónsson hefur verið búsettur í Indlandi um áratuga skeið og nú hefur hann ásamt hjálparstarfsmönnum sem hann veitir forystu tekið að sér uppbyggingarstarf í litlu þorpi sem varð mjög illa úti þegar aldan reið yfir.

## Sálin marín

„Þegar við komum niður á ströndina var ég alls ekki viðbúinn þeirri hrikalegu sjón sem við mér blásti. Máttur flóðsins hafði hreinlega sópað öllu burtu og skilið eftir hrúgur af braki og rusli eftir allri strandlengjunni. Bátarnir höfðu undist utan um tré eða farið í gegnum húsin og leifar af fiskinetum lágu á víð og dreif á margra mílna svæði. Það sem

snerti mig mest var tilfinningin um að vonin væri horfin. Það er mjög erfitt að útskýra þetta en kannski er þetta eins og að vera laminn og barinn en það kemur ekki niður á líkamanum heldur sálinni. Hér og þar sátu íbúarnir eða fjölskyldur inni í miðri hrúgu af braki og rusli og störfðu út í tómið.“ Svona lýsir Vilhjálmur Jónsson aðkomunni að þorpinu Thazhankuda sem er um 160 kílómetra suður af borginni Chennai (Madras) í Indlandi. Hjálparstarfið og uppbyggingin í þorpinu er nú í höndum Vilhjálms og félaga hans í líknarsamtökunum Fjölskyldan eða The Family International.

## Tíu barna faðir frá Akureyri

Vilhjálmur er 51 árs gamall Akureyringur en hefur verið búsettur á þessum slóðum í 23 ár. Hann er giftur indverskri konu og saman eiga þau tíu börn. „Það var bara þráin að gera eitthvað fyrir aðra,“ svarar hann aðspurður um ástæður þess að hann fór af landi brott



fyrir tæpum þrjátíu árum.

Family International eru alþjóðleg regnhlífarsamtök sem starfa á kristilegum grunni en víða um heim eru sjálfstæð svæðisfélög að störfum. „Við stofnuðum okkar félag hérna í Coimbatore og okkar aðalstarf er á vettvangi menntamála og sérstaklega á meðal heyrnarlausra,“ segir Vilhjálmur. „Þótt starfið sé kristilegt þá erum við alls ekki trúboðar í hefðbundnum skilningi þess orðs enda tilheyrum við ekki neinni sérstakri kirkjudeild.“

## Íbúarnir í losti

Coimbatore er um tvö hundruð kílómetra inni í landi en þegar Vilhjálmur og hans fólk frétti af jarðskjálftunum og flóðunum sem þeim fylgdu biðu þau ekki boðanna heldur þustu af stað. Fimm dögum síðar höfðu þau fengið leyfi yfirvalda til að taka

að sér neyðaraðstoð og hjálparstarf í þorpinu Thazhankuda í Cuddalore-sýslu í félagi við nokkra kaþólska presta.

Í þorpinu búa 3.000 manns en þar stóð ekki steinn yfir steini þegar Vilhjálmur kom á vettvang. Eyðileggingin var algjör og eftirlifandi íbúar voru í losti. „Þegar ég kom fyrst inn í þorpið vakti maður nokkur athygli mína sem sat starandi í sandinum. Í kjöltunni var hann með matarpakka og smá brauðhleif sem hjálparstarfsmenn höfðu komið þar fyrir en það var greinilegt að það hafði ekkert að segja fyrir hann.“

## Mikið verk framundan

Fyrstu dagana einbeittu samtök Vilhjálms sér að dreifingu matar og annarra hjálpargagna til íbúanna en nú sjá þau fyrir endann á neyðaraðstoðinni og eru farin að huga þess í stað að uppbyggingarstarfinu. „Aðalverkefnið núna er að útvega fólkinu báta og net því það getur auðvitað ekki sótt sjó-

inn, það getur ekki stundað sína atvinnu án þess að hafa þessa hluti í höndunum,“ segir Vilhjálmur en mestallur útbúnaður þorpsbúa til sjósóknar eyðilagðist í flóðunum. „Maður nokkur sem við töluðum við hafði komið til að ná í lík móður sinnar og mágkonu. Þegar bylgjan skall á var hann að gæta að netum sínum, hann tókst á loft og barst þvert yfir skagann og endaði á ströndinni hinum megin við fjörðinn.“

Samtökin láta ekki þar við sitja heldur áforma þau að reisa þak yfir hundruð fjölskyldur og setja upp jarðbora til að dæla upp hreinu vatni en vatnsból svæðisins spilltust í flóðunum. Allt kostar þetta peninga og því vinnur Vilhjálmur að því að afla fjár til þessara brýnu verkefna. Hann segir framlög frá Íslendingum mjög vel þegin en hægt er að leggja peninga á reikning samtakanna í Íslandsbanka, Kirkjusandi. Númerið er 515-26-3470 og kennitalan 630300-3470.

sveinng@frettabladid.is



GJÖRÓNÝTUR BÁTUR

„Maðurinn tókst á loft og barst þvert yfir skagann og endaði á ströndinni.“



ALDAN BRAUT ALLT SEM FYRIR VARÐ

Í það minnsta hundruð fjölskyldur þurfa ný húsakynni.



BÁTAR BÁRUST HUNDRUÐ METRA INN Í LANDIÐ.

Vilhjálmur Jónsson sést hér í hópi samstarfsmanna sinna.



DEBENHAMS

# Útsalan af enn meiri krafti

Allar útsöluvörur

**50%**  
afsláttur



**Nýtt kortatímabil**

DEBENHAMS

SMÁRALIND



# skoðun

SJÓNARMÍÐ  
HAFLIÐI HELGASON

Getur nokkur verið á móti hátækisjúkrahúsi?

## Snjall er hann

**D**avíð Oddsson setti fram hugmynd á fundi með flokksystkinum sínum um að þeir fjármunir sem fást fyrir sölu Símans verði notaðir til þess að byggja hátækisjúkrahús. Víða hafa menn fagnað þessari hugmynd ráðherrans og talað um hana eins og ákvörðunin hafi verið tekin.

Því fer fjarri, eins og sjá má á viðbrögðum ýmissa þingmanna stjórnarliðsins. Hins vegar er það svo að í huga almennings hefur ákvörðunin verið tekin. Hefð stjórnartíðar Davíðs Oddssonar er með þeim hætti að hann hefur getað sett fram hugmyndir og komið þeim í gegn, þrátt fyrir andstöðu við þær í eigin flokki og hjá samstarfsflokknum. Tök hans og máttur á þingflokknum og lagni við að koma málum sem forsætisráðherra í gegnum ríkisstjórn hafa séð til þess að flest mál sem hann hefur látið sig varða hafa náð alla leið. Undanskilin eru fjölmiðlalögin, sem stoppuðu ekki fyrr en á Bessastöðum.

**„Innan ríkisstjórnarinnar eru enn skiptar skoðanir um sölu Símans; hvað eigi að selja og hvaða kvaðir eigi að fylgja með í kaupunum. Einnig eru skiptar skoðanir um hvernig beri að verja þeim fjármunum sem fást við sölu Símans. Yfirlýsingin gerir úrtöllumönnum erfitt fyrir.**

Áhugamenn um að ráðist verði í byggingu hátækisjúkrahúss geta velt því fyrir sér hvort tök Davíðs séu enn hin sömu nú, eftir að hann sté úr stóli forsætisráðherra. Einnig má velja því fyrir sér hvort sá stjórnunarstill og hefð sem hefur myndast í tíð Davíðs, að hugmyndir settar fram án undangenginnar umræðu séu nánast orðnar að lögum, samræmist almennum hugmyndum um lýðræðisleg vinnubrögð.

Hinu verður vart neitað að útspil Davíðs nú er klókt. Innan ríkisstjórnarinnar eru enn skiptar skoðanir um sölu Símans; hvað eigi að selja og hvaða kvaðir eigi að fylgja með í kaupunum. Einnig eru skiptar skoðanir um hvernig beri að verja þeim fjármunum sem fást við sölu Símans. Yfirlýsingin gerir úrtöllumönnum erfitt fyrir. Andstöðu við sölu Símans og öðrum hugmyndum um hvernig verja beri fjármunum sem losna við sölu verður eflaust snúið upp í andstöðu við byggingu hátækisjúkrahúss.

Davíð slær fleiri flugur í þessu höggi. Hann tekur enn á ný frumkvæðið af Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra. Ákvörðun um að ráðast í byggingu hátækisjúkrahúss er dæmigert útspil forsætisráðherra í áramótaávarpi. Halldór kom ekki með neitt slíkt í sínu ávarpi og skildi eftir autt svæði fyrir leiðtoga samstarfsflokksins.

Hugmyndin sem slík er góðra gjalda verð og verðskuldar það að verða rædd af alvöru. Fyrir liggur að með slíkri byggingu myndi sá kostnaður sem hlýst af núverandi óhagræði í rekstri Landspítala Háskólasjúkrahúss víða um borgina lækka töluvert. Arðsemi byggingarinnar er því augljóslega nokkur. Við þetta bætist að undirbúningstíminn þarf að vera langur og því kæmu áhrif slíkrar framkvæmdar ekki inn í hagkerfið á núverandi þensluskeiði.

Miklu máli skiptir að grunnkerfi velferðarríkisins virki vel og á sem hagkvæmasta hátt. Nýtt hátækisjúkrahús er liður í því að halda þjóðinni í fremstu röð í heilbrigðismálum. Þar eiga við að vera. ■

### Halldór hrifinn

Gagnrýnendur dagblaðanna hökkuðu í sig jólaeikaleikrit Þjóðleikhússins, Öxina og jörðina. Ekki er víst að óbreyttir áhorfendur séu sama sinnis; að minnsta kosti er ekkert lát á aðsókn að sýningunni. Einn úr hópnun var svo ánægður að

hann sá ástæðu til að hringja í nýja þjóðleikhússtjórnann, Tinnu Gunnlaugsdóttur, til að lýsa hrifningu sinni. Það var Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra og hafa skilaboð hans, sem samstundis voru send öllum leikendum, að vonum mælst vel fyrir í húsinu.



### „Petta lið“

Hilmar Jónsson, leikstjóri Axarinnar og jarðarinnar, var erlendis þegar verkið var frumstýnt. Þegar leikdómarnir höfðu birst sendi hann leikendum orðsendingu í tölvupósti, sem virðist hafa farið víðar um netið því hann barst meðal annars til ritstjórnar Fréttablaðsins. Hilmar tekur til varna og kveður fast að orði: „Blaðgreinar þessara fyrrum virtu fjölmiðla eru illa skrifaðar, til háborinnar skammar og dæma sig sjálfar. Við hljótum að eiga heimtingu á því að um verk okkar sé fjallað af virðingu, kurt-eisi og fagmennsku þó að þetta lið telji að okkur hafi tekist illa til. Sú fagmennska er því miður ekki til á fjölmiðlum í dag“.



### Sirkus mætir

Síðar í orðsendingunni til leikaranna segir Hilmar Jónsson: „Úthaldsleysi þeirra sem um sýninguna fjalla er ... aumkunarvert og óskiljanlegt. Steininn tekur þó úr þegar sirkusinn mætir í bæinn með Jón Víðar Jónsson sem notar sinn tíma í að kasta rýrd á verk Ólafs Gunnarssonar sem á allt gott skilið fyrir það afrek sem bókin er. Þetta sá ég ekki fyrir og það hryggir mig. En kæru leikarar látum þetta offors ekki slá okkur út af laginu stöndum með þessu verki okkar minnug hlýlegra orða Ólafs í okkar garð í lok generalprufunnar. Fyrst hann er ánægður erum við að gera eitthvað rétt „þrátt fyrir alla dóma“ eins og maðurinn sagði.“

gm@frettabladid.is

## Augu fyrir auga

Bush Bandaríkjaforseti hefur miklu fleiri mannslíf á samvizkunni en Osama bin Laden. Tölurnar liggja fyrir. Rösklega þrjú þúsund manns týndu lífi í árásum hryðjuverkamanna á New York og Washington 11. september 2001. „Óvinurinn réðst á okkur,“ sagði Bush og sendi Bandaríkjaforseti fyrst inn í Afganistan og síðan inn í Írak, enda þótt Írakar kæmu hvergi nálægt árásum 11. september. John Kerry, frambjóðandi demókrata, lýsti þessu ágætlega fyrir forsetakosningarnar í nóvember: þetta var eins og Roosevelt forseti hefði brugðist við árás Japana á Pearl Harbor í desember 1941 með því að ráðast inn í Mexíkó.

Ög hvernig er nú umhorfs á vígvellinum í Írak? Bandaríkjamenn hafa misst nálega fjórtán hundruð manns auk 10.000 særðra; tölurnar hækka dag frá degi. Um mannfall meðal Íraka er minna vitað með vissu, þar eð hvorki innrásarliðið né bráðabirgðastjórnin í Írak hefur hirt um að safna upplýsingum um það. Brezkir tölfræðingar athugðu málið, þeir fóru hús úr húsi og spurðust fyrir um fjölda fallinna og gizkuðu í eyðurnar með sömu aðferðum og beitt er við skoðanakannanir. Þeir birtu niðurstöðurnar í læknablaðinu Lancet. Stríðið hafði þá kostað um 100.000 óbreyttra borgara lífið, sögðu Bretarnir. Það var fyrir mörgum mánuðum.

Mannfallið meðal Íraka er að vísu að mestu leyti af völdum Íraka sjálfra. Það liggur í hlutarins eðli. Bandaríkjamenn máttu vita það, að stríð við hermdarverkamenn lúta öðrum lögmálum en millilandastríð. Hryðjuverkamenn berjast með því að hræða eigið fólk frá samstarfi við óvininn. Þannig fór t.d. Mau Mau hreyfingin í Kenfu að því að bola Bretum burt úr landinu á

sinni tíð. Hryðjumenn drápu 20 sinnum fleiri innfædda en Evrópumenn 1952-56 og höfðu sitt fram: Bretarnir fóru heim, Kenía fékk sjálfstæði, og friður komst á. Bush forseti ber höfuð-ábyrgð á mannfallinu meðal Íraka nú að því leyti, að innrás Bandaríkjaforsetis og Breta leysti hermdarverkin úr læðingi – með fulltingi Dana, tveggja Íslendinga, Ítala, Norðmanna, Pólverja og fáeinna annarra „staðfastra“ og „fúsra“ bandamanna.

Hvaða vit er í því að hefna

### Í DAG

STRÍÐIÐ Í ÍRAK



PORVALDUR GYLFASON

þeirra rösklega þrjú þúsunda, sem féllu 11. september, með stríði, sem hefur kostað meira en 100.000 manns lífið og ekki sér enn fyrir endann á? Með þessu árásarstríði eru Bandaríkin að kalla yfir sig ófrið eins langt og augað eygir fram í tímann. Þetta hefndarstríð – Bush forseti hefur jafnvel kallað það krossferð – gengur þar að auki í berhöggi við síðferðishugsjón kristinna manna, enda varla við öðru að búast af forseta, sem gengur að eigin sögn til allra verka með guðs orð á vörum. Þetta er þó ekki í fyrsta sinn, sem Bandaríkjamenn gera sig seka um að sjást ekki fyrir í stríði.

Robert McNamara, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna 1961-68, hefur lýst því offorsi, sem Bandaríkjamenn beittu Japana eftir árásina á Pearl Harbor. Vitnisburður hans birtist í kvikmyndinni The Fog of

War (2004), þar sem McNamara talar tárvotur við myndavél í næstum tvo tíma. Hann lýsir loftárásum Bandaríkjaforsetis á japanskar borgir með því að heimfæra eyðilegginguna á sambærilegar borgir í Bandaríkjunum. Talnaflóðið fær hárin til að rísa á höfði manns: loftárásirnar eyðilögðu 56% af Baltimore, 69% af Boston, 35% af Chicago, 40% af Los Angeles, 51% af New York, 36% af Miami, og þannig áfram borg úr borg – og það áður en Hírósíma og Nagasakí voru jafnaðar við jörðu. McNamara lýsir þeirri skoðun, að Bandaríkjamenn hefðu verið dæmdir fyrir stríðsglæpi í hrönnum, hefðu þeir tapað stríðinu. En þeir bættu Japönun skaðann eftir stríð, að svo miklu leyti sem það var hægt, enda hafa þjóðirnar æ síðan verið nánir bandamenn. Það er erfitt nú að gera sér í hugar, að Bandaríkjamenn og Írakar geti náð sambærilegum sáttum innan tíðar. Hitt virðist líklegra, að Bandaríkjamenn hrökklist burt frá Írak eins og þeir hrökkluðust burt frá Víetnam 1975.

Osama bin Laden gengur laus. Honum tókst að egna Bandaríkin til árásar og reka fleyg milli þeirra og Evrópu. Bandaríkjamenn ættu að hugleiða örlög Ísraelsríkis. Sú var tíð, að Ísrael naut óskiptar velvildar víða um heiminn sem saklaust fórnarlamb illra afla. Svo er ekki lengur. Ísraelsmenn hafa með hardýðgi sinni fyrirgert gamalli samúð. Fjölda fólks stendur á sama um mannfallið fyrir botni Miðjarðarhafs: menn horfa undan eins og þeir hafi gengið af slysi fram á tvo fyllirasta af fljúgast á. Bandaríkjamenn eiga það á hættu, að heimsbyggðin horfi undan og hósti, þegar hryðjuverkamenn gera næstu árás á Bandaríkin. ■

**TILBOSSVERÐ**  
**16.900,-**

Dymo LabelWriter Thermal límmiðaprentari sem prentar alla miða á augabragði.

## MÍÐAPRENTARI

Skrifstofumarkaður:  
Hallarmúla 2-4, sími 540 2000

Verslanir Pennans:  
• Akranesi • Akureyri • Hafnarfirði  
• Ísafirði • Keflavík • Kópavogi  
• Reykjavík • Selfossi • Vestmannaeyjum

**PENNINN**  
www.penninn.is

**DÉJA VÍ!** Í sviðsljósinu:  
**DÉJA VÍ!** Hef ég lesið þetta áður?  
Er gátan um hina einkennilegu reynslu sem margir kannast við loksins ráðin?

**SKOÐANIR OG UMRÆÐUR Á VISIR.IS**

**visir**

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: Frétt ehf. RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN, AUGLÝSINGAR OG DREIFING: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík. AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is SETNING OG UMBROT: Frétt ehf. PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871





Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	10.59 13.37	16.15
Akureyri	11.05 13.21	15.38

Heimild: Almanak Háskólans

**FRÉTTABLAÐIÐ**

**Góðan dag!**

Í dag er fimmtudagurinn 13. jan.,  
13. dagur ársins 2005.

**KRÍLIN**

Ég svindlaði  
eiginlega ekkert.  
Mér gengur bara  
betur þegar  
ég vinn!



© BLS 184A

**Smáauglýsingar**  
á 995 kr.  
visir.is

**Smáauglýsingar**  
byrja í dag á bls. 7

**Flokkar & fjöldi**

**Bílar & farartæki** 146 stk.

**Keypt & selt** 21 stk.

**Þjónusta** 35 stk.

**Heilsa** 5 stk.

**Skólar & námskeið** 4 stk.

**Heimilið** 18 stk.

**Tómstundir & ferðir** 4 stk.

**Húsnæði** 21 stk.

**Atvinna** 30 stk.

**Tilkynningar** 6 stk.

**Pú getur pantað**  
**smáauglýsingar á**  
**www.visir.is**



# allt

**heimili o.fl.**  
Ósviknir dýrgripir  
BLS. 3



SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Margeir segist ekki bindast flikum sínum tryggðaböndum en þó á hann Nike-skó og Casio-úr sem eru í miklu uppáhaldi.

## Hipphoppaskór og úr sem lýsir í myrkri

*Margeir Ingólfsson, eða plötusnúðurinn DJ Margeir eins og margir þekkja hann, er í örlitlum vandræðum þegar hann þarf að minnast á uppáhalds-flikina í fataskápnunum.*

„Ég get ekki sagt að ég tengist flikunum í fataskápnunum mínum tryggðaböndum. Í augnablikinu eru það þó kannski tveir hlutir sem ég held svolítið upp á. Það eru annars vegar brúnir leður Nike körfuboltaskór sem eru annað hvort endurgerð af gamalli týpu frá sama framleiðanda eða þá að ég hef verið plataður til þess að kaupa gamlar birgðir. En hvað um það, þeir hrinda ótrúlega vel frá sér öllum vökva og henta því prýðisvel í slabbíð hér í borg. Einnig eru þeir gæddir svokölluðu „Nike Air“ kerfi sem byggist, að ég held, á því að loftþúðum er komið fyrir í

sólanum sem á að veita aukna ánægju þegar þrammað er um göturnar,“ segir Margeir en skórnir rifja upp gamlar minningar. „Þeir minna mig einhverra hluta vegna á ákveðið tímabil í lífi mínu – þegar ég var ungur og reiður hipphoppari í Breiðholti. Þá þótti þetta nokkuð fínt – en í mjög litlum hópum reyndar. Flestum öðrum þótti þetta ekki vera merkilegur skófatnaður.“

„Svo er það tölvustýrða Casio-úrið mitt sem er mörgum finum eiginleikum gætt. Það er úr ryðfríu stáli og þolir neðansjávarköfun, allt að eitt hundrað metra, ásamt því að vera með innbyggðum vekjara og skeiðklukku, sem getur einnig talið niður. Síðast en ekki síst er hægt að yta einum af hnöppunum inn til að lýsa úrið upp – sem er mjög hentugt, til dæmis þegar þú vilt vita hvað klukkan er í myrkri,“ segir Margeir að lokum. ■

## LIGGUR Í LOFTINU

*í ferðum*

Tæplega 1,6 milljónir farþega fóru um Keflavíkurflugvöll á síðasta ári eins og kemur fram á vefsíðunni visit.is. Er þetta ríflega tuttugu prósentu fjölgun á milli ára. Farþegar á leið frá landinu voru 672.196 en voru 572.760 árið 2003, sem samsvarar 16,2 prósentu fjölgun. Farþegum á leið til landins fjölgaði meira, úr 583.832 í 692.505 sem samsvarar 18,6 prósentu fjölgun. Skiptifarþegum fjölgaði um 26 prósent en í desember fjölgaði einnig farþegum sem fóru um Keflavíkurflugvöll um 12,39 prósent, úr 77.450 í 87.044.

ÍT-ferðir bjóða upp á tilboðsferðir á heimaleiki Chelsea í enska boltanum þar sem Eiður Smári spilar stórt hlutverk. Hægt er að gista í eina nótt og fá miða á leik á

21.900 krónur eða gista í tvær næstur og miða á leik á 27.500. Einnig er hægt að fá Chelsea-pakka á 52.500 krónur. Innfalið í honum er flug, skattar, gisting á góðu hóteli í tvær nætur og miði á leik. Þá er hægt að velja um þrjú mismunandi hótél: Victoria Park Plaza, Novotel London Euston og Holiday Inn London-Regents Park. Tilboðið gildir ekki á leik gegn Arsenal en miðaverð miðast við tvo í herbergi.

Heimsferðir munu bjóða upp á gönguferðir á nýjar og spennandi slóðir á Ítalíu og Austurríki í sumar en slíkar ferðir verða sífellt vinsælli. Ferðirnar eru léttar til miðlungs erfiðar og henta flestum sem eru í þökkalegu formi. Um er að ræða fjórar sex til sjö daga ferðir og gista í eina nótt og fá miða á leik á



ferdir@frettabladid.is

sófar • skápar • stólar • borð • sófasett • gjafa

hillur • kommóður

### Dimitri Reysófi



Stóll áður kr. 38.800.- stgr  
nú kr. 27.000.- stgr

2ja sæta áður kr. 68.400.- stgr  
nú kr. 47.800.- stgr

3ja sæta áður kr. 85.500.- stgr  
nú kr. 59.800.- stgr

## Útsala

á völdum vörum

**15-50%**  
afsláttur

**LÍNAN**  
H Ú S G Ö G N

SUBURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is



Tekk 20 skúffu kommóða  
áður kr. 44.600.- stgr  
nú kr. 29.900.- stgr



**Borðdúkar**

Veldu borðdúk sem auðvelt er að þrifa eða setja í hreinsun, þá þarf enginn að fara á taugum þó það fari á hann sósuslettur eða smá rauðvín og kaffi. Dúkar með miklu mynstri geta einnig verið hentugir því ef blettirnir nást ekki alveg úr, þá falla þeir jafnvel bara inn í mynstrið.



**Stigar, allar gerðir  
Innihurðir  
Parket**

Verkstæðisþjónusta  
Tésmiði og lákun

Imex ehf.  
Lyngháls 3  
Ártúgavegur  
Sími 567 1300  
www.imex.is

**Mikið úrval  
af viðarörnum og  
eldstæðum**

**Arinbúðin**  
Stórhöfða 17 v/Gullinbrú (fyrir neðan húsið)  
Sími 567 2133 - www.arinn.is

**Pottar og pönnur  
20% afsláttur**

Vandaðar heimilis og gjafavörur

**DUKA**  
Kringlunni - sími : 533 1322

**Íslenskar lopapeysur  
hreinþýraskinn  
mokkavörur  
ullarvörur  
glerlist  
leirlist**

**ICELAND  
GIFTSTORE  
RAMMAGERÐIN**

Hafnarstræti 19 • S.551-1122

**LISTASMÍÐJAN  
KERMIK OG GLERGALLERÝ**

Kothúsum, Garði, s: 422-7935  
Opíð alla daga: Mánudaga- föstudaga 10-18  
Laugardaga og sunnudaga 13-18

**Námskeið að hefjast í glerbræðslu og  
keramikmálun. Einnig fyrir hópa**

**Útsalan  
enn í fullum gangi**

**30%  
afsláttur  
af öllum vörum**

**DOREMÍ**

Glerártorgi • Sími 461 4906



Elisabet Ásgeirsdóttir er starfsmaður í versluninni Nútíma gluggatjöld.

**Nýr heimur í gluggatjöldum**

Nútíma gluggatjöld á Suðurlandsbraut 8 í Reykjavík býður upp á gríðarlegt úrval gluggatjalda sem sum hafa ekki sést áður.

„Gluggatjöldin okkar koma frá hollenska fyrirtækinu Hunter Douglas sem er gríðarstórt fyrirtæki. Það má segja að það sé eiginlega eini risinn í gluggatjalda-bransanum. Þeir framleiða Luxaflex-gluggatjöld sem við seljum. Þetta er afskaplega vönduð vara og mikið úrval, hvort sem um ræðir efni eða lit,“ segir Ólafur Kr. Sigurðsson, eigandi Nútíma gluggatjalda og Nútíma húsgagna.

Og ekki vantar úrvalið í Nútíma. „Við erum með rúllugardínur, rimlagardínur úr áli, strimlagardínur, felligardínur og svokölluð screen-gluggatjöld. Þetta er nýr heimur í gluggatjöldum því sjaldan hefur sést eins mikið úrval í útfærslum, litum og efni og þvílík gæði. Uppsetningin er líka aðgengileg og afskaplega góð.“ Nútíma hefur selt gluggatjöld í um tvo til þrjú mánuði og hefur verslunin fengið gríðarlega góðar viðtökur. „Ég hef verið í verslunarbransanum ansi lengi og hef aldrei haft eins ánægða viðskiptavini. Við seljum líka skrifstofuhúsgögn í Nútíma húsgögn í sama húsnæði og sú vara er líka skemmtileg og vönduð og fólk hefur tekið henni afskaplega vel,“ segir Ólafur að lokum.



Hélene Magnússon hefur búið til fallegar ljósaseríur með blómum úr þæfðri ull.

**Nothæfar allt árið**

Fallegar ljósaseríur Hélene Magnússon hafa vakið athygli en utan um perurnar eru túlpanablóm úr þæfðri ull.

„Ég er oft spurð að því hvort það kvikni ekki auðveldlega í blómum,“ segir Hélene og hlær en vill meina að það sé enginn eldhætta á ferð, að minnsta kosti ekki meiri en á seríum með pappa og plasti utan um ljósin. Fallegu seríurnar hennar sástu fyrst á jólasýningu Handverks og hönnunar en nú eru þær einnig til sölu í Iðu húsinu og í Jólahúsinu á Skólavörðustíg og kosta 3.500 krónur.

„Það eru um tvö ár síðan ég bjó til þessar seríur og þær hafa bara hangið í glugganum hjá mér þangað til ég kom þeim loksins í sölu,“ segir Hélene og tekur fram að hún láti þær hanga allt árið og þær séu ekkert sérstaklega hugsaðar fyrir jólin. „Ég bjó í risi og fólk spurði

mig oft hvaða sérstöku blóm ég væri með í glugganum, en þetta leit út fyrir að vera einhverskonar blómstrandi klifurjurt,“ segir Hélene sem segist þó aldrei kveikja á seríunni á sumrin því þá sé að sjálfsgöðu of hjart.

Hélene þæfir aðeins íslenska ull en hún er sérstaklega hrifin af henni. „Íslenska ullin er svo lifandi og hefur svo fallegan glans í sér sem næst ekki fram þegar erlend ull er þæfð,“ segir Hélene sem stefnir á að vinna enn frekar með þæfðu ullina en síðasta verk hennar var úlpa á dóttur hennar. „Hún er búin að vera í henni í allan vetur og henni er aldrei kalt,“ segir Hélene.

kristineva@frettabladid.is

**Hvernig líður þér á heimili þínu?**

Litavalið skiptir máli.

Litavalið ræður sennilega mestu um það hvernig andrúmsloftið er í hverju herbergi í húsinu. Best er að nota hlýja og róandi liti í herbergjum þar sem fólk á að dvelja eins og í stofunni, borðstofunni og fjölskylduherberginu. Ef fjölskyldan á að komast í gang á morgnana er sniðugt að hafa bjarta pastelliti í eldhúsinu. Svefnherbergi er svo best að hafa í daufum og hlutlausum lit svo að fólk nái þeirri slökun þar sem æskileg er. Það er líka hægt að notast við mismunandi yfirbreiðslur og púða til að skapa öðruvísi andrúmsloft, einkum þegar von er á gestum eða eitthvað sérstakt stendur til. Þó er vert að hafa það í huga hvernig húsið er í laginu svo fólk upplifi ekki óþægilega mörg geðbrigði milli herbergja.

Sterkir litir geta hjálpað fjölskyldunni í gang á morgnana







Spegill frá því um þarsíðustu aldamót, kr. 45.000.



Skápur frá 1880, kr. 128.000.



Kristalsljósakróna frá 1920, kr. 110.000.

**F2**

Með Fréttablaðinu  
alla fimmtudaga

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir

**Tannlæknir Birgir Ólafsson**



hef opnað Tannlæknastofu í  
**Læknastöð Vesturbæjar**  
Melhaga 20-22, 107 Reykjavík.

Símar: 557 7791 - 562 8090  
Farsími: 862 7791  
Viðtalstímar: virka daga 9-18

# Ósviknir dýrgripir

Antíkmunir eru óháðir tiskustraumum.

Antíkhúsgögn eru óháð tiskustraumum og eiga alltaf sinn fasta aðdáendahóp þó að þau séu misvinsæl á meðal manna. Antíkmunir geta verið algerir dýrgripir: smíðin sé einstök, handverkið ómetanlegt eða efniviðurinn með öllu ófánlegur í dag.

Nokkrar búðir í Reykjavík selja ósvikna antík og við litum inn til mæðgnanna í Antíkhúsinu við Skólavörðustíg og fengum að rýna aðeins í þessa sögulegu muni og festa þá á filmu. ■



Kollur með rósaútsaum, skrautstóll frá 1910, kr. 10.000.



Pínulítill útsaumaður fótskemill frá 1880, ætlaður þreyttum húsmæðrum að hvíla lúin bein eftir húsverkin, kr. 7.500.



Postulínsdiskur frá 1860, með fyrstu framleiðslu frá Bing og Gröndal, handmálaður smákökudiskur.



Stóll með örnum, frá 1920, afar fágætur í dag, kr. 38.000.



Kommóða frá 1930, sænsk gæðasmíði, ótrúlegt handverk, kr. 128.000.



Blaðagrind frá 1950, kr. 12.000.



**Hirzlan**

Smiðsbúð 6 Garðabæ Sími 564 5040



Dúkurinn er úr gulu vaðmáli og er alsettur rósum og fíðrildum, auk þess sem tvö sælleg englabörn prýða hann og tvær fagrar konur. Dúkurinn er almenningi til sýnis á Þjóðminjasafninu.

## Álfkonudúkurinn fagri

Rétt mynd.

Í grein um gersemar frá álfum sem birtist á þrettándanum urðu þau mistök að mynd birtist af röngum dúk. Hér kemur rétta myndin af álfkonudúknum fagra frá Burstarfelli í Vopnafirði sem sýslumannskona fékk að launum fyrir að hjálpa sængurkonu í nauðum. Frá dúknum segir í bókinni Hundrað ár í Þjóðminjasafni. ■

Keramik fyrir alla

**Barnanámskeið**

6 vikna námskeið fyrir 6 - 15 ára hefjast vikuna 23. - 29. jan. Teikniæfingar og eigin myndur máluð á keramik. Námskeiðsgjald kr. 8.500. - Allt innifalið. Keramik fyrir alla, sími 552 2882, Laugavegi 48b. Sjá lýsingu: [www.keramik.is](http://www.keramik.is)

» FASTUR

**birta**

» PUNKTUR

**SMS LEIKUR**

**299kr.**

2 bíómiðar  
9. hver vinnur

Sendu SMS skeytið **JA OBF** á númerið **1900** og þú gætir unnið

Fyrstu 300 sem vinna fá miða fyrir 2 á myndina

**Vinningar eru:**  
Miðar fyrir 2 á oldboy  
DVD myndir  
Margt fleira

**Oldboy**

Vinningar verða afhendir hjá Office 1, Skeifunni, Reykjavík. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS Klúbb. 99 kr/skeytið



**SKÓBURSTUN** Þurrkaðu óhreinindi af skónum með rökum klút. Settu klípu af skó-áburði í skóbursta eða klút og berðu á skóna með hringlaga hreyfingum. Leyfðu áburðinum að þorna í 15 mínútur og burstaðu vel með skóbursta. Að lokum skaltu nudda skóna með hreinum bómullarklút til að ná fram gljáa.




**HÁRBÖND**

Ný sending af breiðum hárböndum

**Margir litir**

Sendum í póströfu

**SKARTHÚSIÐ**  
Laugavegi 12, s. 562 2466



Gwen Stefani



Sarah Jessica Parker



Margherita Missoni

Fatnaður Lampar Búsahöld Snyrtivörur  
Skartgripir Leikföng  
Fæðubótarefni Dúndur útsala! Golfvörur  
Gjafavara Hárskraut

**Verzlun Kays**  
**Dúndur útsala!**

**B. Magnússon**  
Austurhrouni 3 Gbæa/ Hlj.  
Opíð 10-18 og lau 11-14

www.bmagnusson.is

## Best klæddu stórstjörnurnar

Nú þegar nýtt ár er gengið í garð er við hæfi að líta um um öxl í tískuheiminum og kíkja aðeins á divurnar úti í heimi sem kunna að klæða sig. Samkvæmt helstu tískuspekúlöntum standa nokkrar klassakonur upp úr fyrir árið 2004 hvað varðar fatastíl og sjarma. Engan skal undra að Sex and the City-skutlan Sarah Jessica Parker er þar efst á lista, sögð kunna öll trixín, tekur sig vel út í hverju sem er, jafnt gallabuxum og galakjól.

Leikkonan Charlize Theron fær þrik fyrir að vera alltaf óaðfinnleg þegar hún skartar síðkjól við hátíðleg tækifæri og söngkonan Gwen Stefani er með flottasta persónulega stílinn, fer sínar eigin leiðir, er svöl og sexi.

Aðrar sem komust á blað voru ungstirnir Scarlett Johansson sem klæðir sig alltaf í réttu litina og Kate Winslet sem er frambærilegasti fulltrúi bresku hátískunnar.

Ítalska kornunga belladonna Margherita Missoni, sem er erfinngi Missoni-tískuveldisins, er talin hafa afar fágaðan og kvenlegan stíl sem gengur fullkomlega við hvaða tækifæri sem er hvar sem er í heiminum.

Nú er bara að kíkja á kvensurnar og sjá hvað þær geta kennt okkur um flottan stíl og fallega framkomu. ■



Scarlett Johansson, Charlize Theron og Kate Winslet.

**igma**  
verzlun

Útsalan hafin  
**40-70% afsláttur**

Kleppanjaravogi 8, 104 Rvk. (gegnit Bónus Skatavogi)  
Opíð mán - föst frá 11-18 og laug 10-14, sími: 553-1144, www.igma.is

**Janúartilboð**

Heimagallar • Stórar stærðir 40%  
Jólaútsaumur 20% • Bútasamsbolur 10%

**Diza** Ingólfsstræti 6 • S. 561-4000  
Opíð 11-18, laugard. 11-14



Útsalan í fullum gangi

konurogbörn

Kringlunni | 2. hæð gegnt Íslandsbanka | sími: 588 1881

**Finnur þú fjársjóð undir regnboganum???**

- Regnbogadagarnir halda áfram – núna er hægt að gera frábær kaup á nýlegum vörum!
- 10-50% afsláttur af völdum vörum.
- Vorum við að bæta við fullri slá þar sem allt er á 1000 kr. skyrtur, bolir, buxur og pils.

**RÉTTU STÆRÐIRNAR**

Opíð: Mán -fös 11-18 • Laug 11-15

**belladonna**

Hlíðarsmára 11 • Kópavogi • sími 517 6460 • www.belladonna.is

**F2**

Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga

**FRÉTTABLAÐIÐ**  
Við segjum fréttir





## Afmælis- útgáfa af Superstar

Til í mörgum útfærslum.

Nú í janúar verða Adidas Superstar 35 strigaskór settir á markað í tilefni af því að upprunalegu Superstar-strigaskórnir urðu 35 ára gamlir á síðasta ári. Adi Dassler hannaði skóna árið 1969, upprunalega fyrir körfuboltamenn, en þessir strigaskór voru hinir fyrstu sinnar tegundar með gúmmítá. Síðan þá hafa Superstar-strigaskór orðið meðal þeirra vinsælustu í heiminum.

Snemma á níunda áratugnum urðu Superstar-strigaskórnir mjög vinsælir meðal stráka og skipulögðu þeir stundum heilu fataskápana í samræmi við rendurnar á skónum. Framleiðsla á skónum var hætt seint á níunda áratungnum en eftirspurn eftir skónum varð til þess að framleiðsla var hafin aftur árið 1991 og urðu skórnir mjög vinsælir meðal hjólabrettaðkenda.

Aðeins sjö tegundir af upprunalegu Superstar-skónum sem Adi Dassler hannaði verða framleiddar að þessu sinni og einöngu sjö hundruð eintök seld, á um átján þúsund krónum parið. Auk þess verða svokallaðir „city series“ skór eða borgarstílsskór framleiddir. Það eru skór sem tileinkaðir eru hverri borg fyrir sig en á þessu afmæli eru þeir tileinkaðir Berlín, London, Tókyó, París, Buenos Aires og Boston og verða þeir seldir á um átta þúsund krónum stykkið. Hægt er að skoða alla línuna á adidas.com. Adidas-skór á Íslandi fást til dæmis í Gallery Sautján, Smash, Deres, Inter-sport og Adidas Concept Store.

## Nýtt raka- og meðferðarkrem

Tvær nýjungar frá Helenu Rubinstein.

Frá snyrtivöruframleiðandanum Helenu Rubenstein er komið nýtt raka- og meðferðarkrem sem heitir Hydro Genius Skin Perfector. Það vinnur að því að jafna húðtóninn og laga misfellur ásamt því að gefa húðinni raka. Kremið losar um dauðar húðfrumur og örvar endurnýjun húðþekjunnar með því að ýta undir frumuskiptingu djúpt í húðlögnum. Kremið hentar öllum húðgerðum og er ekki bundið við neinn aldur.

Annað nýtt frá Helenu er maskarinn Lash Queen sem gerir augnhárin lengri, þykkari, breiðari og aðskildari. Augnhárin verða silkikennð, fyllt og glansandi og aldrei klesst. Enginn maskari í sögu fyrirtækisins hefur fengið jafn góða dóma og þessi.



Kremið og maskarinn frá Helenu Rubinstein.



**sjón**  
glæraugnaverslun

**Linsutilboð**  
aðeins **3.500,-**

- 3-ja mán. skammtur
- linsuvökví
- linsubox

Laugavegi 62  
sími 511 6699

Glæsibæ  
sími 511 6698

Garðatorgi  
sími 511 6696

www.sjon.is  
sjon@sjon.is

F2

**Með Fréttablaðinu  
alla fimmtudaga**

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir

## Útsala á hannyrðavörum, 35 - 70% afsláttur

- ➔ Fræðsluefni
- ➔ Tómstundavörur
- ➔ Föndurvörur
- ➔ Myndlistarvörur
- ➔ **Hannyrðavörur**
- ➔ Skólavörur
- ➔ Skrifstofuvörur
- ➔ Búnaður
- ➔ Húsgögn

## Skólavörubúðin

Smiðjuvegi 5, Kópavogi • S. 58 50 500 • www.skola.is



## SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum. Eining sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett. Við eigum líka fægilög, fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.

**SENDUM Í PÓSTRÖFU.**

**Gullkistan** - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.



# ÚTSALA

Útsalan er byrjuð og hægt að gera góð kaup.

**BabySam**



Skeifan 8 - s. 568 2200 - Smáralind - s. 534 2200  
www.babysam.is

# ÚTSALA

15% - 50% afsláttur á úrum og skartgripum.

**Jon Sigmundsson**

Nýtt korta-tímabil

Laugavegi S. 551 3383


skartgripaverslun

Spöngin • Grafarvogi S. 577 1660



**Handfarangur**

Hafðu ætíð með þér tannbursta og nauðsynlegar snyrtivörur í handfarangri, auk nærfata. Farangurinn getur stundum týnst eða komið með næstu vél á eftir, auk þess sem stundum getur flug frestast og þá getur biðin á flugvelli verið löng. Þar að auki getur verið gott að bursta tenur og hressa upp á sig í löngu flugi.



# Golf

í Túnis 2005

Eigum enn laust í ferðina 4. febrúar. Búið er við kjöraðstæður á fyrsta flokks hótélum, golfið leikið á góðum og fallegum völlum.

**Kannski fáum við að sjá íslensku strákana „brillera“ í lokaumferðum HM í handbolta 5. og 6. febrúar.**

**Brottför 4. febrúar:** Verð kr. 142.300 á mann í tvíbýli.

**Brottför 18. mars:** Verð kr. 151.800 á mann í tvíbýli.

Innifalið í verði er flug, flugvallarskattar, fararstjórn, akstur, gisting á fyrsta flokks hótélum í 10 nætur með morgunverði og kvöldverði, 8 vallargjöld á góðum golfvöllum, ein skoðunarferð.

Fararstjóri er Sigurður Pétursson, golfkennari

Bókanir og nánari upplýsingar hjá Ferðaskrifstofu Vesturlands í síma 437 2323 eða með netpósti til fv@fv.is.

Sími 437 2323, fax 437 2321. Netfang fv@fv.is



Þreytta fætur er hægt að hvíla með ferð í gamaldags sporvagni sem þræðir göturnar og er sérstaklega skemmtilegt að ferðast í honum upp og niður svimandi brattar götur sem einkenna borgina.

## Stórborgin San Francisco

**Áætlanaflyg til San Francisco hefst í mars.**

San Francisco er ein af þekktari borgum Bandaríkjanna og ein af fáum þar sem hægt er að komast leiðar sinnar fótgangandi í gegnum borgina, þar sem mannlíf er iðandi og skemmtilegt. Þreytta

fætur er hægt að hvíla með ferð í gamaldags sporvagni sem þræðir göturnar og er sérstaklega skemmtilegt að ferðast í honum upp og niður svimandi brattar götur sem einkenna borgina. Hús-

in í borginni eru mörg hver mjög gömul og hefur þeim verið forðað undan eyðileggingu en byggingarnar ásamt gömlum skröltandi sporvögnum gefa borginni hlýlegan svip. ■

### Nokkrir áhugaverðir staðir í San Francisco:

**Fisherman's Wharf** er við höfnina og sennilega einn vinsælasti ferðamannastaður borgarinnar. Þar er að finna heilmikið af veitingastöðum, skemmtistöðum og verslunum auk þess sem þar er vaxmyndasafn og fleira. Þaðan er hægt að fara í siglingu og hvalaskoðun auk þess sem pelikanar og sæljón eru skammt undan.



**Golden Gate brúin** er eitt af kennileitum San Francisco en byggingu hennar var lokið árið 1937. Hún hefur verið rómuð fyrir fagran art deco stílinn og rauði liturinn gerir hana óneitanlega áberandi og sérstaka. Hægt er að ganga yfir brúna og horfa þaðan yfir borgina og á góðum degi má sjá skútur leika sér á hafinu.



**Ghirardelli Square** er tileinkað súkkulaðiverksmiðju Ghirardelli, sem kynnti borgarbúa fyrir súkkulaði. Þar er hægt að setjast niður og fá sér guðdómlega gott súkkulaði af öllum tegundum sem hægt er að renna niður með heitu súkkulaði. Saga súkkulaðisins og súkkulaðigerðarinnar er rekin auk þess sem torgið hefur að geyma skemmtilega veitingastaði og litlar búðir.



**Alcatraz-fangelsið** fræga stendur við strönd San Francisco og er í daglegu tali kallað the Rock, eða Kletturinn. Alcatraz stendur á ör-litilli klettaeyju þar sem aðeins pelikanar bjuggu áður, en Alcatraz þýðir pelikani á spænsku. Margar ferðir eru farnar með ferðamenn til Alcatraz á dag þar sem þeim gefst kostur á að skoða fangelsið og fá kynningu á sögu staðarins.



## Bandaríkjaferðir á frábæru verði

# Netsmellur til USA

**Verð frá 36.900 kr.\***

\*Innifalið: Flug, flugvallarskattar og eldsneytisgjald

Bókaðu á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)

ICELANDAIR [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)

## Heimsreisa

BRYNJA DÖGG FRÍÐRIKSDÓTTIR  
SENDIR PISTLA ÚR HEIMSREISU SINNI

### Eyðieyjur og sægrænn sjór

Það var kærkomin tilbreyting að sjá sólna á ný í Brisbane eftir rigninguna í Nýja-Sjálandi. Eftir stutta viðkomu í Brisbane var ferðinni heitið til Whitsunday-eyjanna með viðkomu í strandbænum Airlie Beach. Eyjarnar eru annálaðar fyrir mikla náttúruferðir en sægrænt hafið og hvítar sandstrendur er nokkuð sem marga dreymir um að komast í tæri við. Af þeim 90 eyjum sem myndu eyjaklasann eru þó aðeins örfár byggðar, flestar í tengslum við ferðamennsku. Eyjaklasinn telst til Kóralrífisins mikla og er á heimsminjalistanum en kóralrífið telst eitt af helstu náttúruundrum veraldar. Það er jafnframt eina lífveran sem er sjáanleg úr geimnum en það er um 200 km að lengd frá norðri til suðurs. Kóralrífið er annálað vegna litafegurðar og fjölbreytileika en það er mynduð af um 400 kóraltegundum. Allt fram til 1981 var ekki vitað hvernig kóralinn fjölga

sér en nú er vitað með vissu að það gerist tveimur til sex dögum eftir fullt tungl í nóvember ár hvert. Cairns er helsti áningarstaður þeirra sem ætla í ferð út á rífið, sem telst með bestu stöðum jarðarinnar til að kafa og „snorkla“. Skilyrðin eru alla jafna mjög góð eða um 15-25 metra skyggni og sjórinn 28 gráða heitur yfir sumarið. Það er óneitanlega upplifun að fara út á rífin og því um margt skiljanlegt að margir sem prófa að kafa á þessum slóðum verði hugfangir af náttúru hafsins. Köfun er þó ekki allra og margir kjósa frekar að „snorkla“ um í sjónum, lausir við allan útbúnaðinn sem fylgir köfuninni. Fyrir stuttu var kafari bitinn af hákarli og hann lést síðar af áverkunum. Mjög sjaldgæft er að hákarlar ráðist á kafara á þessum slóðum en slíkar árásir skapa óneitanlega smá ugg meðal flestra og minna okkur á vanmeta ekki hættur hafsins.

Margir sækjast eftir hvítum ströndum og sægrænu hafi Whitsunday-eyjanna.

Ólífur eru algengari í martiniglögum en demantar.

## Einfaldur martini fyrir 10.000 dollara

**Demantur fylgir með**

Hótelgestir á hinu sögufræga hóteli Algonquin í New York geta nú pantað sér einfaldan martini fyrir 10.000 dali. Það eru þó ekki guðaveigarnar sjálfar sem kosta slíka formúu heldur demantur á botni glassins. Boðið er upp á drykkinn til að heiðra minningu frægra gesta sem dvöldu á hótelinu eins og rithöfundarins Dorothy Parker, leikritahöfundarins George S. Kaufman og stofnanda The New York Magazine, Harold Ross. Dorothy Parker var afar hrifin af martini og vitnað er í hana á munnþurrkum hótelsins: „Ég elska martini, en bara tvo. Eftir þrjá er ég komin undir borð, eftir fjóra undir þjóninn,“ er haft eftir Parker. Hótelstjórinn segir að enn hafi enginn pantað drykkinn en hann hafi þó vakið mikla athygli ferðamanna. „Við treystum því að einhver rómantísk sál komi innan tíðar og kaupir drykkinn.“ Engin hætta er á að fólk panti drykkinn óvart því pöntun þarf að berast með 72 tíma fyrirvara.

## Viltu vinnna?

Sendu SMS skeytið **BT UTS** á númerið **1900** og þú gætir unnið. Við sendum þér spurningu. Þú svarar með því að senda SMS skeytið **BT A, B** eða **C** á númerið **1900**.

Aðalvinningur er **MEDION XXL** tölva með 17" flatskjá!

99 kr/skeytið





2. TBL. 2. ÁRG. 13. 1. 2005



**Ásberg  
Pétursson**  
**SELUR 200 MILLJÓN  
KRÓNA HEIMILI  
SEM ER ÓÐUR TIL  
HÖNNUNAR OG  
ARKITEKTÚRS**

**Íslenskir  
nútímalistamenn**  
- njóta ekki góðs af góðærinu

Menningarsetrið Bæjarútgerð Hafnarfjarðar kveður ■ Göturnar í lífi Elvu Óskar leikkonu ■ Helgi Björns eldar ítalskt Matgæðingurinn Ellý Ármannsdóttir ■ Sjónlistahjónin Brian Griffin og Brynja Sverrisdóttir ■ Fótboldahatur



## Þetta og margt fleira

- 04** Menningarsetrið Bæjarútgerð Hafnarfjarðar jafnað við jörðu.
- 06** Ólafur Þórðarson hönnuður og New York-búi er til heimilis milli guðs og skrattans.
- 08** Göturarnar í lífi Elvu Óskar leikkonu.
- 10** **VIÐTAL**  
**Ekkert óþarfa þrjá**  
Ásberg Pétursson býr í húsi sem er metið á um 200 milljónir og er sannkallað augnakonfekt. Marta María Jónasdóttir fékk að svipast um húsið með eigandanum.

- 12** **ÚTTEKT**  
**SAMTÍMALIST ER LÁGT VERÐMETIN**



Þrátt fyrir góðari og aukinn kaupmátt í samfélaginu hefur verð á íslenskri samtímalist lítið hækkað undanfarin ár.

- 14** Helgi Björnsson poppari og leikari eldar bolognese sér til hita.
- 16** 3 dagar: Það sem ber hæst.
- 18** Íslenskar fótboltaþullur – Brian Griffin sýnir í Hafnarhúsinu.



**F2** alltaf í Fréttablaðinu á fimmtudögum.

**Útgefandi**  
Frétt hf.

**Ritstjórn**  
Jón Kaldal

**Höfundar efnis í þessu hefti**  
Borghildur Gunnarsdóttir, Freyja Gíga Gunnarsson, Kristján Hjámarrson og Marta María Jónasdóttir.

**Ritstjórn, auglýsingar og dreifing**  
Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík  
Aðalsími: 550 5000  
Netfang: f2@frettabladid.is

**Auglýsingar** Auglýsingadeild Fréttablaðsins, Jón Laufdal, Einar Logi Vignisson, Ólafur Brynjólfsson.

**Forsíðan** Ásberg Pétursson á glæsiheimili sínu, sjá grein bls. 10.  
Ljósmynd: Teitur Jónasson

Íbúðirnar í Skuggahverfinu að seljast upp

# Vinsælastar hjá miðaldra fólki

Senn stýttist í að farið verði að afhenda íbúðir í fyrsta áfanga Skuggahverfisins. Alls eru 90 íbúðir í þessum fyrsta hluta og eru aðeins um fimmtán íbúðir eftir. Að sögn Magneu Sverrisdóttur, fasteignasala hjá Eignamiðlun, hefur sala gengið vel. Hún segir jafnframt að minnstu íbúðirnar hafi selst allra fyrst en þær eru um 70 fermetrar. Íbúðirnar eru allar með mikilli hljóðeinangrun og eru flestar þeirra með þrjá útveggi en fjórða vegginn að sameign. Íbúðirnar eiga það allar sameiginlegt að mjög er vandað til allrar hönnunar og frágangs á

þeim. Íbúðirnar eru bjartar og með stærra gluggum en almennt tíðkast og lofthæðin er einnig meiri. Allar íbúðirnar eru með háhraðatengingu fyrir síma, tölvur, útvarp, sjónvarp, breiðband, gervihnattamóttöku og fleira. Sérstakt rekstrarfélag mun sjá um allan daglegan rekstur og íbúar munu njóta góðs af traustu aðgangs- og öryggiskerfi með myndavélum. Að sögn Magneu er stór hluti af kaupendum miðaldra fólk sem er að minnka við sig og vill hafa sömu gæði og ef það byggir í einbýlishúsum.

„Kaupendahópurinn er mjög breiður og það hefur líka töluvert af ungu fólki keypt íbúðir í Skuggahverfinu,“ segir Magnea. F2 hefur heimildir fyrir því að margir úr fjármálaheiminum hafi fest kaup á íbúðum í Skuggahverfinu og einnig sé vinsælt meðal fólks sem býr erlendis að eiga íbúð þar.



Íslenska fyrirtækið Magnet slær Símanum og Orkuveitunni við

# Fara bakdyramegin að Bretlandi

Fjölmíðlafyrirtækið Magnet, sem starfar á Írlandi, býður upp á þjónustu sem samanstendur af fjöruúti sjónvarpsstöðvum, 100 Mbit interneti og símaþjónustu í gegnum ljósleiðaranet. Hjá fyrirtækinu starfa um fimmtíu manns og segir Lárus Páll Ólafsson, markaðsstjóri hjá fyrirtækinu, hlutina hafa gengið mjög vel og nú um páskana mun fyrirtækið bjóða upp á 120 sjónvarpsstöðvar auk annarrar margvíslegrar þjónustu. „Kerfið er reyndar hannað fyrir 400 stöðvar sem við ætlum að taka í notkun á næstu misserum,“ segir Lárus.

Það er fyrirtækið Industria sem sér um tæknilegar hlíðar málsins og hannar netið, en bæði fyrirtækin eru algjörlega í eigu Íslendinga. „Hjá Industria starfa 65 manns í þremur löndum; Írlandi, Danmörku og Íslandi, sem er nokkuð góður árangur eftir eins árs starfsævi,“ segir Lárus Páll og bætir því við að fyrirtækið sé búið að koma upp þjónustu og fá notendur að netinu, sem bæði Orkuveita Reykjavíkur og Síminn eru að byggja upp, hvor í sínu lagi.

Meðal annarra verkefna sem Industria er að vinna að er lagning ljósleiðaranets sem á að tengja saman um 125 þúsund heimili á Jótlandi. „Þetta er fyrsti hlutinn af þremur sem við erum að vinna fyrir *Tré-FOR*, sem er ein af þremur stærstu orkuveitunum í Danmörku. Þó að enn sé ekki komið á hreint hverjir munu vinna tvo næstu hluta er þetta mikill sigur fyrir svona ungt fyrirtæki.“

Lárus segir þó að forsvarsmenn Industria forðist að vera með of háleit-



Bjóða 120 stöðvar og fleiri á leiðinni  
Íslensku fyrirtækin Magnet og Industria eru orðin umsvifamikil í fjölmíðlarekstri á Írlandi.

ar yfirlýsingar, sérstaklega í ljósi þess hvernig fórnir fyrir netfyrirtækjunum fyrir nokkrum árum. „Við látum verkin tala, og þess vegna hefur kannski farið lítið fyrir þessari útrás að undanfögnu.“

Hann segir það ekkert launungarmál af hverju fyrirtækið sé að hasla sér

völl á Írlandi. „Umhverfið á fjarskiptamarkaðinum hérna er eins og það var á Íslandi fyrir þremur árum. Það má kannski segja að við séum að fara bakdyramegin að Bretlandi.“

Þess má geta að meðal helstu hugmyndasmiða á bak við þessa nýjus-

tu útrás eru Guðjón Már Guðjónsson, sem lengi var kenndur við OZ, og Kenneth Peterson í Columbia Ventures sem var áður einn af stærstu eigendum Og Vodafone og Norðurlás en hann seldi hlut sinn í báðum fyrirtækjum á síðasta ári.

Stórútsala á húsgögnum

Otrúlegt verð, nú á allt að seljast td. leðursófasett, sófaborð, skenkir, leðurhornsófar, borðstofustólar, skemlar, innskotsborð, nuddstólar, sjónvarpsskápar, myndir, tungusófar, borðstofufuborð, skrifborðstólar, glerborð, tausófasett, hægindastólar, glerskápar, mottur, svefnsófar, eldhúsborð og stólar, stakir stólar, lampaborð, legubekkir, kommóður, nautshúðir á gólf, sjónvarpsborð, hornborð, speglar ofl.

**GP** gæðahúsgögn

Bæjarhraun 12 opið mán.-fös. 10-18 og lau. 11-16 sími 565 1234

**F2** **Velur**

Hoffman verður frum-sýnd á morgun. Hún segir frá kynnum J.M. Barrier af fjölskyldunni sem seinna varð uppsett þekktustu skáldsögu hans, *Peter Pan*. Hefur fengið frábæra dóma vestanhafs.

**Morgunverkið** Fátt er eins gott þegar kroppurinn er nývaknaður og að taka þátt í morgunleikfimi Halldóru Björnsdóttur sem er á dagskrá RÚV hvern virkan dag klukkan tíu mínútur í tíu. Kemur blóðrásinni af stað, án mikilla átaka.

**Sjónvarpið** *The Zookeeper* með Sam Neill. Er á dagskrá Ríkissjónvarpsins á sunnudagskvöldið. Segir frá dýragarðsverði í stríðshrjáðu landi, sem verður einn eftir með dýrunum eftir að meirihluti þjóðarinnar er flúinn.

**Bió** *Finding Neverland* með Johnny Depp, Kate Winslet og Dustin Hoffman.

Pétur Gunnarsson. Bókin fjallar um Natan Fróðason sem er uppi á tímum svarta dauða á Íslandi. Bókin er hluti af bókaflóknum *Skáldsaga Íslands* þar sem Pétur sýnir enn á aftur hversu skemmtilegan söguksíling hann hefur.

**Geisladiskurinn** Þetta er öllu heldur stór pakki, en nýverið kom út þriggja diska safn ásamt DVD-disk með grunge-hljóm-sveitinni Nirvana. Fáar hljómsveitir hafa verið jafn umdeildar og áhrifamiklar og Nirvana og því er þetta safn kærkomið fyrir aðdáendur sveitarinnar.

**Bókin** *Vélar* tímans eftir



# ÚTSAKA

Pett er aðeins brot af úrvalinu

**20"**

**18% afsláttur**

**13.995**

Verð áður 16.995

**ELFUNK 2009**  
20" sjónvarp með textavarp. Scart tengi. Allar aðgerðir á skjá. Fullkomin fjarstýring.

**25% afsláttur**

**5.995**

Verð áður 7.995

**PCD-910PLLMP**  
MP-3 ferðageislaspilar með útvarpi og hristivörn

**44% afsláttur**

**8.995**

Verð áður 15.995

**XP-ER800R**  
Ferðageislaspilar með útvarpi og hristivörn

**Frábært verð!**

**28"**

Verð áður 28.995

**25.995**

**CTV-2834KTNB**  
28" sjónvarp. Isl. textavarp. 2 Euro scart tengi. Heyrnatólatengi. Allar aðgerðir á skjá. Fullkomin fjarstýring.

**Spilar öll kerfi**

**38% afsláttur**

**4.995**

Verð áður 7.995

**DVS-550** DVD spilar sem spilar öll svæði. Spilar: DVD/VCD/SVCD DVD+RW/DVD+R/DVD-R/DVD-R/JPG/MP-3/KODAK diska. Dolby Digital.

**ZX-T30F**  
Hljómtæki með geislaspilara, útvarpi og viðarhátölurum.

**30% afsláttur**

**6.995**

Verð áður 9.995

**20.000 afsláttur**

**20" LCD**

**69.995**

Verð áður 89.995

**ELFUNK LT-2001**  
20" LCD sjónvarp. Upplausn 1280X768. Nicam stereo. AV inngangur. PC inngangur. 2 scart tengi. S-Video. Heyrnatólatengi. Gengur fyrir 12 og 200 Voltum.

**23% afsláttur**

**9.995**

Verð áður 12.995

**PremAIR 2000W**  
70044 2000 watta ryksuga

**14"**

**9.995**

**Komin aftur**  
ELFUNK 1433 14" sjónvarp með textavarp.

**80.000 afsláttur**

**27" LCD**

**119.995**

Verð áður 199.995

**ELFUNK LT-27**  
27" LCD sjónvarp. Breiðtjaldssjónvarp. Upplausn 1280X768. Nicam stereo. AV inngangur. PC inngangur. 2 scart tengi. S-Video. Heyrnatólatengi.

**20% afsláttur**

**7.995**

Verð áður 9.995

**MWO2390GD**  
23 lítra örbylgjuofn með grilli. Stafrænn 900/1000 wött

[www.radio.is](http://www.radio.is)

**RADIÓBÆR**

ÁRMÚLA 38 • SÍMI 553 1133



## Hvernig halda þau sér í formi? Göngutúrar vinsælastir

Guðrún Ögmundsdóttir þingkona

**Hvernig er þínum leikfimum háttáð?** „Ég hef aldrei verið hefðbundin líkamsræktartýpa. Ég dríf mig yfirleitt í eitthvað þegar veturinn fer að léttast. Mín líkamsrækt er að labba eins mikið og ég get. Ég tek til dæmis aldrei lyftu eða neitt svoleiðis. Mér finnst gaman að labba og svo er það góð hugleiðsluáferð. Á næstunni er ég að hugsa um að skella mér í eitthvað skemmtilegt í Kramhúsinu. Ég vil helst vera þar og hef verið í öllu mögulegu á þeim stað eins og jóga og afróðönsum. Nú langar mig mest í Tai Chi sem er kínversk jafnvægisleikfimi. Ég þarf bara að athuga hvort tíminn henti mér.“



Þórunn Lárusdóttir leikkona

**Hvernig er þínum leikfimum háttáð?** „Ég fer alltaf í áttak eftir jólin eins og alþjóð. Þessa dagana er ég að æfa fyrir leikritið Klaufar og kóngsdætur og það er mín leikfimi núna enda er leikritið mjög líkamlegt. Annars fer ég mikið í göngutúra upp í Heiðmörk eða við Ægisíðu þegar ég hef tíma. Stundum tek ég Krumma hundinn minn með eða labba með vinum mínum, en oft fer ég bara ein.“



**Ferðu í líkamsræktarstöðvar?** „Já, ég geri það stundum. Mér finnst skipta máli að hreyfingin sé sem fjölbreyttust svo ég verði ekki leið. Yfirleitt kaupi ég mér einn og einn mánuð í líkamsræktarstöðvum og svo er ég dugleg við að sækja laugar.“

Egill Sæbjörnsson listamaður

**Hvernig er þínum líkamsræktarmálum háttáð?** „Ég fer stundum út að skokka, eða eiginlega frekar sjaldan, og svo geri ég jógaæfingar. Ég hef lært jóga í gegnum árin og geri æfingar upp úr blöðum heima fyrir. Mér finnst það alveg rosalega gott.“



**Hefur þú komið inn í líkamsræktarstöð?** „Já, ég æfði töluvert í líkamsræktarstöðvum á árunum 1997 til 1998, en ég hef ekkert farið eftir það. Ég gafst upp á því og flutti til útlanda og þá breyttist lífsrytminn. Svo fer ég mikið í sund. Mér finnst allar sundlaugar skemmtilegar í Reykjavík nema Sundhöll Reykjavíkur, mér finnst hún ekki góð.“



**Þórunn Erna Clausen** er þessa dagana önnur kafin við leik í söngleiknum *Óliver Twist* á Akureyri. Einnig leikur hún í

leikritinu *Þetta er allt* að koma í Þjóðleikhúsinu en fær sýningar eru eftir af því frábæra stykki.

### Gæludýrin mín

Eru mér bráðnaðsynleg. Við fjölskyldan eigum tvo hesta og tvo hunda. Það er fátt gleðilegra en að láta hund eða hest taka á móti sér. Það er svo yndislegt að finna þessa skilyrðislausu ást.



**Bíll** Á þessu landi er erfitt að vera bíllaus. Ég



## Gæludýr og golfsett

Leikararnir **Þórunn Erna Clausen** og **Gunnar Hansson** völdu þrjá hluti sem þau geta ekki verið án.

finn mikið fyrir þessu þegar ég er að vinna á Akureyri og er bíllaus, þá finnst mér það rosalega erfitt. Mér er eiginlega alveg sama hvaða bíll það væri, bara einhver bíll.

### Tannbursti og tannkrem

Ég ákváð að setja mig í spor Survivor-keppenda og athuga hvað það væri sem ég myndi síst vilja missa ef ég væri í þeirra sporum.

Hreinlætisvörur eru nokkuð sem mér þætti erfitt að missa.

**Gunnar Hansson** má sjá á sviðinu í *Híbylum vindanna*, *Línu Langsokki* og *Héra Hérasyri*. „Svo er það eitt og annað sem ég er að gera þessa dagana og bráðlega taka við æfingar fyrir nýja leiksýningu.“ segir hann.



Fyrst og fremst er það **fartölvan** mín sem er ómissandi. Í henni er ég með allt mitt plan, alla mína tónlist og fullt af ljósmyndum. Ég vinn líka vinnuna mína að miklu leyti í tölvunni

og í henni kemst ég í samband við umheiminn. Ég vil líka taka það fram að ég á PowerBook-tölvu en ekki eitthvað PC drasl.

**Golfsettið** er sá hlutur sem ég myndi aldrei selja. Golf er alveg sjúklegt sport. Ég hef stundað golfið síðan ég var níu ára gamall og þá var það hún amma mín sem fór með mig í golf. Hún spilar ennþá í dag, áttæð og blæs ekki úr nös!



Sá sem sér um að koma mér og mínum á milli staða á öruggan hátt er **bíllinn mín**. Hann er mjög góður bíll og þjónar sínu hlutverki gríðarlega vel. Hann er rúmgóður og heldur vel utan um fjölskylduna. Ég vildi samt stundum óska að hann hefði helmingi meiri kraft. En annars er hann mjög fin.



Bæjarútgerðin í Hafnarfirði kvödd:

## Fiskvinnsla, leikhús og rokksetur

Þeir sem keyra í gegnum miðbæ Hafnarfjarðar komast ekki hjá því að sjá stóran og ljótan steypuklump sem stendur við norðurbakka Hafnarfjarðarhafnar. Það sem hins vegar færri vita er að í þessu húsi hefur verið ein aðallífæðin í menningarlífi Hafnarfjarðar undanfarin ár, og áður var þar til húsa Bæjarútgerðin, einn helsti máttarstölpur hafnfirskis atvinnulífs. Nú hefur húsið loks sungið sinn svanasöng og verður byrjað að rífa innanstokksmuni úr því eftir helgi. Af því tilefni verða margvíslegar upptökur á næstu dögum sem tengjast húsinu og svæðinu í kringum það.

„Margir Hafnfirðingar bera sterkar taugar til þessarar byggingar, enda rúmaði það í tæp fimmtíu ár Bæjarútgerðina í Hafnarfirði,“ segir Lúdvík Geirsson bæjarstjóri og bendir í léttum dúr á að hér áður hafi varla verið til sá maður í Hafnarfirði sem ekki hafi að minnsta kosti unnið eitt ár í Bæjarútgerðinni. „Maður var ekki Hafnfirðingur nema hafa fæðst á Sólvangi og unnið í Bæjarútgerðinni.“

Lúdvík segir að húsnæðið hafi verið notað undir allt sem íbúum bæjarins datt í hug eftir að eiginleg útgerð og fiskvinnsla lagðist af í húsinu. Það mun því hver og einn kveðja það með sínu nefi. „Þarna voru meðal annars hafnarskrifstofur bæjarins, golfklúbburinn Keilir var með aðstöðu í gömlu kaffistofunni og æfingahúsnæði fyrir ungar hljómsveitir var í gamla frystiklefanum.“ Þá var leikhúpurinn Hermóður og Háðvör með leikhúsið sitt í húsinu á frá árinu 1995 til ársins 2004 og setti þar upp margar af sínum vinsælustu sýningum, meðal annars *Himnaríki* og *Birting*.

Þess má svo til gamans geta að svæðið mun ekki glata mikilvægi



Bæjarútgerðin í Hafnarfirði

„Margir Hafnfirðingar bera sterkar taugar til þessarar byggingar.“

sínu, enda mun þarna rísa nýtt og glæsilegt íbúðarhverfi með útsýni yfir höfnina.

Á laugardaginn munu þeir listamenn sem hafa haft aðstöðu í húsi Bæjarútgerðarinnar undanfarin ár halda því kveðjuhátið. Þeir sem koma fram eru meðal annarra Kristbergur Þétursson listmálari, Valur Grettisson ljóðskáld, sem nýverið gaf út sína fyrstu ljóðabók, og þá troða upp nokkrar af þeim hljómsveitum sem hafa haft aðstöðu í húsinu. Meðal annarra má nefna hafnfirsku rokkhljómsveitirnar Úlpu og Botnleðju.

### Ilmandi vetrardrykkur

**Ragnheiður Gísladóttir** kaffibarþjónn á Kaffitári fékk verðlaun fyrir drykkinn Gust á Íslandsmeistaramóti kaffibarþjóna 2004. Hugmyndin var að búa til hlýjan og þéttan vetrardrykk sem hentaði bæði til sjávar og sveita og myndi ylja hverju mannsbarni í vetrarkulda. Drykkurinn smakkast ógurlega vel og yljur svo sannarlega. Í honum er 1 stykki lítið 70 prósent súkkulaði og einfaldur expressó, 1 matskeið mascarpone-ostur, 2 matskeiðar rjómi, 2 matskeiðar nýmjólk, 1 teskeið hunang og 1/2 teskeið malað múskat. Expressóíð er látið leka yfir súkkulaðið og því blandað saman. Svo er osturinn, rjóminn og mjólkinn hitað upp og blandað saman og hellt yfir kaffið. Drykkurinn er borinn fram í staupi. Þeir sem eru mjög ævintýragjarnir í eldhúsinu geta haft bak við eyrað að Ragnheiður vann út frá sjávarþema á Íslandsmeistaramótinu og notaði meðal annars roð og varning úr sjónum til að skreyta drykkinn.



**DIESEL** 1000 8000000000000000

**DIESEL** upp í 16 ára **CARS** á unglíngana

Útsalan hafin

**RÓBERT BANGSI** ...og unglíngarnir

HEILIBARMSMÁKI 11 - N. 555 9448  
HYVRAFOLD 1.1 - N. 567 0111

Frá borginni minni **Mílanó**

## Tíska, hönnun og skemmtun

Áki Harðarson stundar mastersnám í viðskiptafræði og hefur dvalið í Mílanó síðustu misserin. „Mílanóbúar fara mikið á barinn eftir vinnu og það eru allir staðir fullir milli sjö og níu á kvöldin. Flestir fá sér drykk og eitthvað snarl með. Það er líka hægt að fá sér fulla máltíð en þegar maður er námsmaður lætur maður snarlið oft duga,“ segir Áki. Það koma þrír staðir upp í huga hans þegar hann er beðinn um að nefna bestu barina í Mílanó. „NOBU bar er hipp og kúl enda í eigu Armani. Það er til sams konar staður í Lundúnum. NOBU bar er til húsa í Armani-byggingunni í Mílanó og hann er oft sjálfur að tjilla á barnum. Það er mjög góður matur þarna. Hann er ítalskur með austurlensku tvísti og svo er mikið úrval af góðum drykkjum. Í sumar var Bar

Milano opnaður og er það einn flottasti staður sem ég hef komið á. Hann er risastór og innréttaður eins og húsgagnaverslun. Það er hringlóttur bar á miðjum staðnum og húsgögnunum er ráðað upp þannig að staðurinn er eins og margar litlar stofur. Öll húsgögnin eru eftir frægustu og flottustu hönnuðina. Staðurinn Il Gattopardo café er einnig mjög glæsilegur. Hann er til húsa í gamalli kirkju sem býið er að



breyta í bar. Þarna er hægt að fara eftir vinnu og fá sér drykk og snarl og svo breyttist hann í klúbb þegar liða fer á kvöldið. Þetta er mjög trendi staður.“



# Það fá **allir** námsmannavexti af tölvulánum hjá S24



Aðeins  
**9,0%**  
vextir

## ~~alla~~ Hagstætt tölvulán fyrir násmenn

- Betri vextir, aðeins 9,0%\*
- Ekkert lántökugjald
- Lán til allt að 48 mánaða (4 ár)
- Léttari greiðslubyrði
- Þú þarft ekki að byrja að borga af tölvunni fyrir en eftir 3 mánuði, þú ræður
- Engin lágmarksupphæð
- Tilboðið gildir til 15. febrúar 2005
- Hagstæð tölvutilboð!



*Vertu viss um að þú sért að hagnast  
á þínum bankaviðskiptum...*



Sæktu um kort... **WWW.S24.IS** Sími 533 2424 – Kringlan



# Býr milli Guðs og skrattans

**Ólafur Þórðarson, myndlistarmaður og hönnuður, hefur verið búsettur í Bandaríkjunum í meira en tuttugu ár.**

**Freyr Gígja Gunnarsson sló á þráðinn til hans í New York og ræddi við hann um borgarskipulag, arkitektúr og stríðið í Írak.**

Ólafur býr sunnan við það svæði þar sem World Trade Center, Turnamir tveir, stóðu eitt sinn, í miðju fjármála-hverfi New York-borgar. Hann segist þó sjálfur búa milli Guðs og skrattans því íbúðin hans liggur mitt á milli Trinity-kirkjunnar og klámbúllna.

Þrátt fyrir þessa löngu dvöl í Bandaríkjunum segir Ólafur það ekki hafa verið fyrir fram skipulagt. „Aðstæðurnar og örlögin höguðu því einfaldlega þannig að ég er búinn að vera lengi hérna,“ segir hann en Ólafur starfar í dag sem kennari við *Rhode Island School of Design* samfara því að vera listamaður og hönnuður.

Hann reynir að fylgjast vel með því sem er að gerast heima á Íslandi í arkitektúr og hefur mjög sterkar skoðanir á skipulagsmálum og þá ekki síst borgarskipulaginu. „Það er verið að gera marga góða hluta í húsnæðisarkitektúr og innanhússarkitektúr á Íslandi. Hins vegar hefur borgarskipulagið staðnað svolítið.“

Hann segir eina ástæðu þess vera að vegir og bílar fái of miklu ráðið við gerð borgarskipulags á Íslandi. „Íslendingar hafa ef til vill ekki skilið hvað hugtakið „lifandi gata“ þýðir. Gata er ekki bara fyrir bíla, heldur er samblanda af mörgum þáttum. Í fyrsta lagi er það gatan sjálf, þar sem umferðin er, svo gangstéttin fyrir gangandi vegfarendur og loks hliðarnar að byggingunum sem liggja að gangstéttunum. Miðbærinn í Reykjavík er því í raun það eina sem kemst næst því að vera borg.“

## Að skilja hugtökin

Ólafur segir Íslendinga ef til vill ekki hafa alist upp við alvöru borgargötu en margir hafi kynnst þeim í ferðum til evrópskra borga. Við gerð borgarskipulags hafi vegagerðin forgang. Þessu til stuðnings nefnir Ólafur til-lögur Vega-gerðarinnar um byggingu nýrrar brúar á Selfossi. „Þegar keyrt er austur er yfirleitt farið í gegnum Selfoss, og öll verlsun sem liggur við aðalgötuna treystir á þessa umferð. Samkvæmt tillögum á hins vegar að færa veginn út fyrir bæinn, þannig að enginn keyrir lengur í gegnum bæinn og

Selfoss verður óvirkur og deyr. Það er í það minnsta mín spá, ef þessi tillaga nær fram að ganga.“

Hann líkir þessu við vöðva sem hættir að fá blóðflæði og hættir þannig að virka. „Þegar ný hverfi eru byggð á Íslandi er lögð hringslaufa í kringum þau og umferðin fær ekki að flæða í

gegn. Þetta verður til þess að hverfið fæðist andvana, það er, án virkrar götumyndar.“

Ólafur segir að þrátt fyrir þessa miklu vakningu sem hafi átt sér stað í áhuga á arkitektúr á Íslandi sé spurning hvort Íslendingar skilji hvað er að gerast og bendir til dæmis á að flestir viti að það þurfi að þétta byggðina í Reykjavík. Þeir séu hins vegar fátíðir sem viti hvað hugtakið „þétt byggð“ þýði. „Þétting byggðar er ekki bara ákveðin nýting á landsvæði, þetta er ekki einhver tala. Eitt málið við þéttingu byggðar er að leyfa henni að þróast innbyrðis og þéttast þannig í gegnum innbyrðis fjölbreytni.“

## Arkitektúr nýting á rými

Muninn á hönnun og listskópun segir Ólafur vera að hönnuður vinni með einhverja hluti sem hafi virkni og séu praktískir á einhvern máta. List geti líka á vissan hátt líka hagnýt, en hún byggir tilvist sína á einhvers konar hugmyndum. „Arkitektúr er í raun samspil hönnunar og listar. Ef þú horfir á listaverk sérðu einhverja rýmisnotkun. Þegar þú

## Bukowski

„Þetta er fimmtán cm hátt mjúkt klukkuboddi sem er í senn skráning á dagsins viðburðum í lífi bóhemlistamannsins og óður til skáldsins Charles Bukowski.“

nærð að færa samskonar rýmisnotkun út fyrir listaverkið og inn í byggingu eða hönnun, þá ertu kominn með arkitektúr.“ Gott dæmi segir Ólafur vera listasafnið í Bilbao á Spáni. „Safnið sem Frank Gehry hannaði er hálfgerður skúlptúr og þar var ekki byrjað með hagnýtingu heldur skúlptúr. Við bygginguna skiptir skúlptúrinn mestu máli enda er hann áhugaverðastur, en þar með er ekki sagt að ekkert sé lagt upp úr verkfræðinni, þó að myndir af loft-ræstikerfinu í safninu séu ekki aðaláherslan í blöðunum.“

## Halda með sínu liði

Ólafur reynir að drekka í sig fréttir og fylgist vel með. Hann býr enda við staðinn þar sem stríð Bandaríkjamanna gegn hryðjuverkum byrjaði. „Innrásin í Afganistan var ef til vill eðlilegur hlutur og afleiðing, en stríðið í Írak er allt annar handleggur.“ Hann segist ekki geta fylgst með bandarískum fréttum af stríðinu, enda séu þær mjög einhæfar, þetta sé auglýsingaskrum og æsifréttamenska. „Þetta er svona svipað eins og að vera KR-ingur, og vilja bara heyra af góðu skotunum, en ekki hvernig leikurinn fór.“

Ólafur segist því sækja sínar fréttir af netinu. „Ég hafði ekki séð neitt graf yfir látna bandaríska hermenn, þannig að ég bjó mér til eitt slíkt sjálfur, sem er hangandi fyrir framan mig. Þegar spítalinn í Fallujah var að ná í lík voru 550 af þeim, börn, gamalmenni og konur. Þetta var ekki mikil frétt í Bandaríkjunum.“

Hann segist skynja aukna andstöðu við stríðið, en því miður sé þetta svona svipað eins og fótboltaleikur. „Þú heldur með þínu liði, sama hversu mikið það kostar.“ Honum finnst Bandaríkja-



## VOLVO S40 BÍLL ÁRSINS Á ÍSLANDI

Bandalag íslenskra bílablaðamanna valdi Volvo S40 bíl ársins fyrir 2004. Komdu í Brimborg. Skoðaðu bíl ársins og þú upplifir hrifandi hönnun Volvo S40. Kynntu þér frábæra aksturseginnleika, vélarnar og aðra yfirburða tækni. Komdu þér fyrir í einstöku rýminu. Þreifaðu á yfirborði innréttinganna, hallaðu þér aftur í sætinu og reyndu sigurvegarann Volvo S40. Kynntu þér lágt verð frá 2.395.000 krónum. Lifðu í lúxus. Veldu Volvo S40.

Sigur Volvo S40 sem bíll ársins á Íslandi 2004 bætist við flöru viðurkenninga Volvo S40 en nýverið verðlaunaði Euro NCAP öryggisstofnunin Volvo S40 með bestu einkunn eða 5 stjörnum - einnig US NCAP! Breska bílablaðið Auto Express metur Volvo S40 sem besta bílinn í sínum flokki lúxusbíla; betri en BMW 3 series og Jaguar X-type. Volvo S40 er besti kosturinn að mati umferðaröryggisstofnunar Bandaríkjanna, IIHS og sænska tryggingarfélagið Folksam verðlaunar Volvo S40 með bestu háls- og bakhnykksvörnina. Veldu Volvo!

Bíll ársins Volvo S40 er efstur á óskalista bílablaðamanns Morgunblaðsins. Hann segir einnig: „Volvo hefur nefnilega tekist það sem margir hafa áður reynt og flestir án árangurs; að smíða gæðabil án þess að slá nokkuð af kröfunum en um leið að stilla verðinu í hóp“. Skoðaðu ótrúlegt verð á Volvo S40:

Lúxus Volvo S40 kostar frá: 2.395.000 krónum!



Komdu og skoðaðu nýtt stjórnborðið sem ekki átti að vera hægt að framleiða og er að finna í Volvo S40. Skoðaðu góða hönnun, nýjan Volvo S40 og finndu tegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans.



## VOLVO S40:

1,6 bensín  
Krónur 2.395.000

1,6 dísel  
Krónur 2.695.000







**Kaffibolli nýfrjálshyggjunnar**  
„Þetta er pródukt-skúlptúr úr hreinni steypu. Stór bolli að utan en lítill að innan.“

**Ég er Íslendingur**

Þrátt fyrir þessu löngu dvöl segist Ólafur ekkert hafa gleymt hvaðan hann sé. „Ég er Íslendingur, og það breytist ekkert. Kannski má segja að ég sé Íslendingur sem hafi ílengst í New York,“ segir hann og hlær. Hann hafi eins og svo margir íslenskir listamenn notfært sér uppruna sinn og náttúru heimalandsins í fyrstu og verið mikið með gíga og hver í sínum verkum. Það fari hins vegar minna fyrir því í dag. „Núna er ég með skissubækur og reyni að teikna jafnóðum og eins mikið og ég get. Í gegnum þær þróa ég síðan mínar hugmyndir og bækurnar eru heimurinn minn.“

Ólafur hefur mikið álit á löndum sínum. „Íslendingar eru sérstakt fólk, viðsýnir og sjá í rauninni enginn takmörk. Þetta sjáum við á útrásinni, sama hvort hún eigi við fjármálasviðið, listasviðið eða öðru,“ segir hann og bætir því við að honum finnst íslenska þjóðarsálin vera með gott sjálfstraust og góða sjálfsmynd. „Ísland er besti staðurinn til þess að búa á, þegar allt kemur til alls. Ef ég gæti ekki verið jafn mikið heima með barninu okkar og ég get myndi ég flytja heim, því þar er miklu betra uppeldisumhverfi.“


**Ólafur Þórðarson**

„Kannski má segja að ég sé Íslendingur sem hafi ílengst í New York.“

menn vera þrískipt þjóð, þar sem einn sé íhaldssamur trúrækinn hópur, annar sé í meiri nálægð við evrópska hugsun og sá þriðji sé sá sem flakki á milli. „Það er í raun þessi miðjuhópur sem ræður úrslitum þegar hann hættir að sjá tilganginn í öllum þessum fórnunum.“



**WMD Ísbakki**  
Þetta er anti-pródukt í laginu eins og Írak og stept úr sveigjanlegum eitruðum resin-efnum. Eitrið er því nær þér en þig grunar. Ísmolar í laginu eins og W, M og D.



MYNDRAR ERU FENGNAÐ AÐ LÁNI ÚR SAFNI ÓLAFS ÞÓRÐARSONAR



**VOLVO**  
for life

Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú litir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!



Öruggur staður til að vera á



Fyrirmyndareiginmaður:

## Hannaði hólf undir gleraugu frúarinnar

Birgir Blöndal, eiginmaður Sigrúnar Bergsteinsdóttur í Linsunni, ákvað að koma henni á óvart á dögnum. Hann hannaði sérstakar hirslur undir gleraugu hennar og fékk Eirík H. Kjøluf til að smíða gripinn fyrir sig. Hirslunni kom Birgir svo fyrir í náttborðs-skúffu frúarinnar. Hirslurnar eru úr krossviði en í botninum er eins sentimetra þykkur svampur. Þetta kom sérlega vel þar sem Sigrún á gleraugu til skiptanna en í nýju hirslunni rúmast 30 gleraugu.

„Hún var alltaf í vand-



ræðum með að koma gleraugunum fyrir og það þurfti að finna einhverja lausn á þessu. Þá datt mér í hug að búa til hólf fyrir gleraugu svo þau væru ekki úti um allt,“ segir Birgir. Hann segir þó að það sé kannski ekki algengt að fólk eigi jafn mörg gleraugu og eiginkonan en bendir þó á að fólk megi ekki líta á gleraugu sem hækju heldur fylgihlut og ekki sé verra að eiga þau til skiptanna.

## Ekki láta draga þig á asnaeyrunum

Margar einhleypar þokkadísir strengja eflaust þau áramótaheit að láta karlmenn ekki draga sig á asnaeyrunum á nýja árinu, enda lífið allt of stutt til að eyða því í eitt-hvert rugl. Margar stelpur lenda í þeirri gryfju að verða alltaf skotnar í röngum mönnum og skilja ekkert í því af hverju karlpeningurinn er svona áhugalaus og alls ekki eins og hugur þeirra. Fyrir áttaviltar stelpur er komin út bókinn He's Just Not That Into You.

Hún er skrifuð af handritshöfundum hinna geysivinsælu Sex and the City-þátta, Greg Behrendt og Liz Tuccillo. Í bókinni er farið rækilega yfir samskipti kynjanna og hvernig má lesa í hegðun karlmannna þegar fólk er að kynnast. Liz talar fyrir hönd kvenþjóðarinnar en Greg tekur upp hanskan fyrir strákana og gefur góð ráð og bendir konum á að vera ekki blindar þegar kemur að mönnum. Bókin er í anda fyrrnefndra sjónvarpsþátta, drepfyndin og skemmtileg dægradvöl og eflaust má læra síthvað um karlpeninginn. Megininntak bókarinnar er samt það að það fer ekki framhjá neinum þegar ást-



in bankar upp á. Ef menn eru spenntir þá sýna þeir áhuga. Bókin er væntanleg í bókaverslanir hér-landis en fyrir þær sem ekki geta beðið fæst hún inni á [www.amazon.com](http://www.amazon.com) og kostar í kringum tíu dollara.

- Ef hann er virkilega spenntur fyrir þér þá býður hann þér á deit.
- Ef hann er skotinn í þér hringir hann eða sendir sms.
- Ef hann er skotinn í þér langar hann að fara í sleik við þig.
- Ef hann er skotinn í þér þá sefur hann ekki hjá neinni annarri.
- Hann er ekki skotinn í þér ef hann vill bara hitta þig þegar hann er fullur.
- Hann er ekki skotinn í þér ef hann vill ekki giftast þér.
- Hann er ekki sérlega spenntur fyrir þér ef hann hættir með þér.

### HERRA HAFNARFJÖRÐUR

# 50% - 80%

## AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM!

# Herra hafnarfjörður

Firði Hafnarfirði • Sími 565 0073

## GÖTURNAR Í LÍFI Elvu Óskar Ólafsdóttur leikkonu



Elva Ósk Ólafsdóttir „Það er mér nauðsynlegt að hafa fólk í kringum mig.“

## Renndi sér á sleða eftir öskunni

**Elva Ósk Ólafsdóttir leikkona er alin upp í Vestmannaeyjum og þurfti að flytjast í Kópavoginn 1973, þegar gosið hófst. Það var einhver verstí tími í lífi hennar. Hún er núna komin í 101 og finnst eins og hún hafi alltaf búið þar.**

**Kirkjuvegur 82, Vestmanneyjar, 1964–1965**

Ég fæddist í Vestmannaeyjum, og mitt fyrsta heimili var á Kirkjuvegi 82 í húsi sem heitir Breiðuvík. Ég bjó þar reyndar ekki nema í nokkra mánuði.

Amma mín bjó niðri og pabbi byggði hæð ofan á hennar íbúð. Þetta var svona 70 til 80 fermetra íbúð, og þarna voru mamma og pabbi með sex börn. Þetta var allt of lítið og við þurftum að byggja stærra.

**Heiðarvegur 68, Vestmannaeyjar, 1965–1981**

Heiðarvegurinn er aðeins ofar í bænum. Þetta var gott leiksvæði og ég lék mér mikið úti á fótboltavellinum. Svo voru þarna líka klettur og álfasteinar allt í kring.

Mín besta minning er samt frá stærsta herberginu í húsinu, sem var eldhúsið og var alltaf stútfullt af skemmtilegu fólki. Þetta hús var því miður selt úr fjölskyldunni og þegar ég kem til Vestmannaeyja fæ ég pínulítið nostalgíukast þegar ég sé húsið, enda á ég þaðan góðar minningar.

**Reynihvammur 6, Kópavogur, 1973**

Þangað fluttumst við í nokkra mánuði eftir að gosið hófst í Eyjum 1973. Þetta voru einhverjir allra leiðinlegustu mánuðir sem ég hef nokkurn tímann upplifað.

**Heiðarvegur 68, Vestmannaeyjar, 1973–1981**

Við vorum ein af tíu fyrstu fjölskyldunum sem fluttust aftur út í Eyjar og þá var gosið ennþá í gangi, þrátt fyrir að búið væri að lýsa yfir að því væri lokið.

Þakið á húsinu hafði þá hrunið, og við þurftum að byggja það aftur upp. Það var frekar skrytið að koma þangað aftur, og við krakkarnir fórum með sleðana okkar og renndum okkur ofan á húsapökunum enda allt í ösku.

**Bjarkarbraut 5, Dalvík, 1981–1982**

Ég eignaðist kærasta og fluttist með honum norður í land. Þetta var rosalega skemmtileg tilbreyting, og ég man eftir því hvað mér fannst mikill snjór, sást ekkert í bera jörð nema rétt yfir sumarmánuðina. Þarna bjó ég í eitt ár og var útgerðarfrú. Eignaðist mjög góða vini sem ég á enn þann dag í dag.

**Brimhólbraut 31, Vestmannaeyjar, 1982–1985**

Þetta var fyrsta íbúðin sem ég keypti og pabbi minn þurfti að skrifa undir kaupsamninginn, af því að ég var ekki orðin átján ára. Ég var svolítið að flýta mér.

Þetta var rétt hjá sundlauginni í Vestmannaeyjum og ekkert langt frá Herjólfsdalnum, sem kom sér vel á Þjóðhátíð.

Í Vestmannaeyjum er allveg rosalegur gestagangur, og það var ekkert frábrugðið hjá mér, enda hluti af mínu uppeldi og það er mér nauðsynlegt að hafa fólk í kringum mig.

**Búðargerði, Reykjavík, 1985**

Ég fór að leigja með Ósk vinkonu minni í Reykjavík, enda áttum við okkur þann draum að leigja saman, vinkonurnar tvær. Vorum báðar að vinna á veitingastað, og ég var þarna í inntöku-prófunum í Leiklistarskólanum. Það var mikið brallað á þessum fáu mánuðum sem þetta stóð yfir.

**Rekagrandi, Reykjavík, 1985–1994**

Þarna eignaðist ég mín börn og varð tveggja barna móðir í vesturbænum. Þetta var lítil og sæt íbúð á jarðhæð, sem varð of lítil og við þurftum að selja hana.

**Hlégerði, Kópavogur, 1994–2003**

Þetta var rólegur og barngóður staður, efri hæð og börnin kynntust Kópavogi og urðu Kópavogsbúar.

**Trigecentervej, Árósar, Danmörk, 1996–1997**

Barnsfaðir minn fór í sérnam til Árósa, og við leigðum íbúðina í þetta ár. Þetta var stórkostlegt og mér fannst frábært að finna muninn á árstíðunum, finna fyrir vorinu og haustinu auk þess sem ég náði að kúpla mig niður í neyslu og brjálæði, eins og svo margir sem fara í nám erlendis.

Á þessum tíma var ekki komið jafn mikið af Íslendingum og í dag, heldur voru þarna aðallega Tyrkir og Sómar. Við vöknudum því oft við bænasöng á morgnana.

Eins og við Eyjamenn upplifum þegar svartflugseggin koma á vissum ártíma og allir sækja í, þá kom bíll með sérstöku skro, og allir sömölsku og tyrknesku karlarnir hlupu upp til handa og fóta til þess að ná sér í.

Það voru þarna fjórar íslenskar fjölskyldur í sama hverfi og því varð mikill samgangur. Þetta kom í staðinn fyrir fjölskyldu

fólk leitar til hvers annars með hjálp. Ég held að allir þeir sem hafa farið í nám erlendis segi að það sé besti tíminn, þó maður eigi ekki mikinn pening.

**Mánabraut, Kópavogur, 2003–2004**

Þetta er æðislegur staður með útsýni yfir hafið, og mér fannst það frábært að geta séð sjóinn aftur. Þetta var nokkuð sem ég vildi upplifa á nýjan leik, enda von því að hafa sjóinn fyrir augum

**Ásvallagata, Reykjavík, 2004**

Hingað kom ég í fyrri, og þetta er hæð og ris, mikil lofthæð, en enginn sjór. Það er frábært að vera komin á þetta svæði, og mér finnst eins og ég hafi alltaf búið hérna. Núna get ég gengið í vinnuna í Þjóðleikhúsinu.

Það kom mér á óvart hversu rólegt það er hérna, en maður getur líka sótt í menninguna, kaffihúsin og notið þess að ganga en ekki alltaf vera háð bílnum. Svo lætur ég mig bara dreyma um æskuheimilið í Eyjum og reyni eflaust í framtíðinni að láta verða af því að kaupa það aftur.



# Hljóð & mynd renna saman

BeoVision 5 er hannað þannig að hljóð og mynd renna saman í eitt. Hönnun sjónvarpsins jafnast á við besta listaverk, burstaður álfurmi utan um 42" plasmaskjá með innbyggðum hátölurum.

Skjáinn má hengja á vegg eða setja á gólfstand. Hægt er að bæta við aukapari af BeoLab 5 hátölurum. Njóttu nýrrar víddar í afþreyingu.

Komdu og ögraðu skilningavitunum.

BANG & OLUFSEN

Síðumúla 21. Reykjavík. Sími 581 1100.

B&O



Innlit í 200 milljóna húsið í Arnarnesinu:

# EKKERT ÓPARFA PRJÁL

Húseignin **Blikanes 20** í Garðabæ hefur fengið gríðarlegt lof fyrir fallega hönnun og var tilnefnt til Mies van der Rohe verðlaunanna 2004. Einnig hafa myndir af húseigninni birst í erlendum fag-tímaritum eins og *Plaza Magazine* og *Wall-paper*. Heiðurinn á arkitektinn **Pálmar Kristmundsson**, sem fékk algerlega frjálsar hendur við hönnun hússins. Eigandinn, **Ásberg Pétursson**, setti honum þó nokkur skilyrði, húsið yrði að vera mínimalískt og laust við allt óparfa prjál. **Marta María Jónasdóttir** heimsótti Ásberg og kynnti sér innviði hússins.



Flottheitaeldhús Eldhúsið er hjarta heimilisins og sérhannað fyrir húsbóndann, sem vinnur mikið heima. Hann er með sérstakan tölvuskjá festan við borðplötuna og undir henni er vel fallið lykklaborð. Innréttingin er sérsmíðuð hér heima og er úr eik. Ásberg segir þó að eldhúsið sé ekki sérlega mikið notað við matreiðslu því hann borðar yfirleitt niðri í þjónustuíbúðinni. Þegar hann heldur veislur kemur þetta myndarlega eldhús að góðum notum.

Ásberg er afslappaður þegar hann tekur á móti blaðamanni og ljósmyndara. Hann býður upp á kaffi úr rauðappelsínugulumbollum sem eru alveg í stíl við stólana í stofunni. Húsið hefur verið mikið í umræðunni upp á síðkastið en það var auglýst til sölu á dögnum. Í grein sem birtist í DV rétt fyrir jól var sagt frá því að um væri að ræða eitt dýrasta heimili Íslandssögunnar og það fengist fyrir 200 milljónir með innbú og öllu. Ásberg vill nú ekki meina að þetta sé dýrasta heimili landsins enda færast það í vöxt að fólk kaupir sér dýrar húseignir. Í hans huga er þetta bara venjulegt hús. Hann segir jafnframt að hann hafi eytt töluverðum fjármunum í það og muni ekki láta það nema fyrir rétt verð. Húsið er óselt en Ásberg er ekki farinn að örvænta og er sannfærður um að það sé markaður fyrir slíkar eignir hér á landi.

„Ég verð einn í heimili í lok janúar því sonur minn er að flytja að heiman. Mér finnst alger óparfi að hafa þetta stóra húsnæði fyrir mig einan. Þar fyrir utan dvel ég mikið erlendis,“ segir Ásberg, sem er ættaður að vestan. Hann var með útgerð á Ísafirði en flutti í bæinn fyrir tíu árum. Nú starfar hann við gjaldveisviðskipti ásamt því að vera með fiskvinnslu í Kópavogi.

**Hátt til lofts og vítt til veggja**  
Blikanes 20 er 470 fermetrar en þar af er 52 fermetra bílskúr. Húsið er steinsteypt, þússað og málað að utan en hluti framhliðarinnar er klæddur

líparítrendingum. Sólvarngler gefur gluggunum sérstakt yfirbragð. Þegar Ásberg festi kaup á húsinu var það fokhelt og það kom aldrei neitt annað til greina en að láta arkitekt hússins, Pálmar Kristmundsson, ljúka verkinu. Húsið er á þremur pöllum. Á jarðhæð er anddyri, gestabáðherbergi, þvottahús, bílageymsla og þjónustuíbúð. Á miðpalli er stofa, borðstofa, eldhús og miðjurými með þakglugga. Á efsta palli eru svefnherbergin, baðherbergi og fjölskylduherbergi. Heimilið er gríðarlega tæknivætt. Það hefur að geyma Instabuss-stýrikerfi, en Helgi í Lúmx hannaði lýsinguna. Tæknileg hljómflytningstæki frá Bang og Olufsen fá að njóta sín en alls eru níu sjónvarpstæki frá sama merki. Hljóðkerfið í húsinu er allt tengt saman. Húsið er kynt með geislahitun, þannig að ofnarnir eru undir gólfinu. Geislahitunin gerir það að verkum að ljótir ofnar þurfa ekki að eyðileggja fegurðarskynið.

Áður en loftið var hannað var rýmið hljóðmælt og því er hljómurinn í húsinu stórgóður.

„Þótt það sé hátt til lofts bergmálar ekki neitt. Á Þorláksmessu var ég með skötuveislu og þá kom mormónakór í heimsókn og söng. Það hljómaði mjög vel. Í svona rýmum eins og þessu, þar sem er mikið af hörðu efni eins og gleri, flisum og stáli, hefur það heilmikið að segja að loftið sé rétt hannað,“ segir hann.

Það vekur athygli að það eru engin

gluggatjöld í húsinu nema í herbergjunum en þar eru myrkragardínur.

„Það sést ekki mikið inn um gluggana á daginn en það sést örlítið betur inn á kvöldin. Ég hef prufað að hafa gluggatjöld en mér fannst það breyta svip hússins algerlega og kunnir ekki við það.“

## Hjartað slær í eldhúsinu

Eldhúsið er hjarta heimilisins enda einn af uppháldsstöðum Ásbergs í húsinu. Þar spilar eik stórt hlutverk í bland við granít, burstað stál og sandblásið gler. Borðstofuborðið er alveg í stíl við innréttinguna úr granít en stólarnir við borðið eru úr E-xó.

„Þar sem ég er í gjaldveisviðskiptum get ég nánast unnið hvar sem er svo framarlega sem nettenging, GSM-sími og tölvu eru til staðar. Ég vinn mikið heima og þá finnst mér einna best að vinna í eldhúsinu,“ segir Ásberg, sem er með flatan tölvuskjá áföstan við eldhúsinnréttinguna. Undir innréttingunni er hægt að draga út lykklaborð.

Veglegur glerveggur aðskilur stofu og borðstofu. Hann er yfirleitt opin og það er hægt að loka glerhurðunum þegar það hentar og þá er hann algerlega hljóðeinangrandi. Í húsinu eru tvær tegundir af gólfefnum; sandsteinn og gegnheilt eikarparkett. Hurðirnar ná allar upp í loft og eru ýmist sprautulakkaðar eða úr eik. Í húsinu eru þrjú baðherbergi og eru þau öll í sama stíl; marmaramósaíflísar á veggjum og sandsteinn á gólfunum. Á baðherbergjunum er mikið lagt í öll



smáatriði. Þrátt fyrir að sturtan á efsta pallinum sé úr gleri sjást hvernig sjampóbrúsar því þeir eru faldir í sérstökum hirsnum og við klósettið er flottur blaðarekki. Í húsinu er lögð mikil áhersla á skápa og í borðstofunni eru til dæmis sérhannaðir skápar fyrir öll hleðslutæki, myndavélar og tölvur. Það er sem sagt ekkert sem truflar auga fagurkerans.

Aðspurður um áhuga á hönnun og arkitektúr segist Ásberg fyrst og fremst vera fagurkeri.

„Mér finnst betra að arkitektar og fagmenn vinna verkið. Þetta hefði ekki komið svona vel út ef það hefði verið húsmóðir sem hefði verið að skipta sér af,“ segir hann og glottir út í annað. Hann vill meina að konur séu verstu

Myndarlegt rými Hægt er að horfa niður í anddyrið af pallinum á þriðju hæð. Hrái veggurinn setur svip sinn á rýmið.

Allt sérsmíað Sturtuklefinn er sérsmíaður hérlandis. Á veggjunum eru marmaramósaíflísar en á gólfinu er sandsteinn eins og í stofunni og eldhúsinu.



vinir arkitektanna því þær hafi alltaf svo sterkar skoðanir á öllu.

„Ég hef mjög góða reynslu af því að gefa arkitektum frjálsar hendur og myndi gera slíkt hið sama ef ég myndi byggja aftur. Það eina sem ég myndi fara fram á væri að hafa stóran bílakjallara í húsinu.“





**Þægilegir stólar** Ásberg hafði ekki trú á að stólarnir frá Moroso væru þægilegir þegar hann sá þá fyrst. Annað átti þó eftir að koma á daginn.

**Hlýlegt svefnherbergi** Hjónaherbergið er vel búið öllum græjum. Inni af því er myndarlegt fataherbergi.



**Horft yfir af svefnherbergispallinum** Sandsteinninn á gólfunum fer vel með eikarparkettinu. Þegar staðið er á þessum palli er hægt að sjá í báðar áttir, bæði til austurs og vesturs.



**Stílhrein stofa** Horft úr eldhúsinu inn í stofuna. Fremst á myndinni er veglegt borðstofuborð úr graníti. Stólarnir við borðið eru frá Exó. Húsgögnin í stofunni eru öll frá ítalska hönnunarfyrirtækinu Moroso. Myndirnar tvær við endavegginn eru eftir Sigtrygg Baldvinsson.



**200 milljón króna húsið** Húsið er steinsteipt, þússað og málað að utan en hluti framhliðarinnar er klæddur líparítstrendingum. Sólvarnargler gefur gluggunum sérstakt yfirbragð. Arkitektinn Pálmar Kristmundsson hannaði einnig lóð hússins. Í garðinum er heitur pottur, saunaherbergi, glerskáli og búningsherbergi með nuddbekk.



**Yfirmáta þægilegt** Er það ekki draumur flestra að geta horft á upphaldsþónarþáttinn sinn í baðinu? Í húsinu er hugsað fyrir öllu.



**Þægindin í fyrirrúmi** Á miðpallinum er æðislegur hægingastóll frá Moroso þar sem gott er að hvíla lúin bein. Hann er það breiður að hann rúmar auðveldlega tvo fullorðna. Vasarnir í gólfinu eru frá Exó.



**Bíladellukarl** Ásberg er mikill bíladellukarl og hefur smekk fyrir lúxusbifreiðum. Ef hann myndi byggja aftur myndi hann vilja bílakjallara svo hann þyrfti ekki að vera með húsnæði annars staðar fyrir bílaflofan.



# SAMTÍMALIST LÁGT VERÐMETIN

Dýrari bílar, dýrari hús, ódýr list? Það virðist ekki vera mikið samræmi á verði íslenskrar myndlistar og því góðæri sem verið hefur.

**Íslensk samtímalist** er of lágt verðlögð miðað við það sem gengur og gerist erlendis, gömlu meistararnir hafa verið saltaðir og skiptar skoðanir eru um áhrif málverkafölsunarmálsins. Að þessu komst Freyr Gígja Gunnarsson þegar hann skoðaði íslenska myndlistarmarkaðinn.

„Það er mikil gróska í íslenski myndlist“ segir Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor við Listaháskóla Íslands. „Forseti Íslands benti á það í ræðu sinni við opnun myndlistarsýningar að íslensk list er að verða útflutningsvara,“ segir Guðmundur Oddur enn frekar. Hann segir listina vera orðin mjög fjölskrúðuga og ekki bundna við neitt eitt form, heldur birtist hún í myndböndum, gjörningum og innsetningu.

Jón Proppé myndlistargagngrýnandi segir umhverfi íslenskra listamanna í dag vera þeim mjög hagstætt. „Það er mjög mikið líf og fjör í kringum listamenn í dag og þeir hafa miklu fleiri sýningarmöguleika.“ Hann segist til dæmis hafa talið sextán opnanir á einni viku í fyrra. „Þetta er öðruvísi en fyrir tuttugu árum, þegar hér voru eingöngu Kjarvalsstaðir og örfáir sýningasalar.“

Ungir listamenn hugsa ekki lengur eingöngu um Ísland sem sinn markað heldur virðist útrásin hafa gripið um sig meðal íslenskra myndlistarmanna. Fleiri listamenn hugsa því stærra, en áður var gert og margir listamenn hafa náð að skapa sér nafn erlendis. „Einu tækifærin sem listamenn höfðu hér áður fyrir voru norrænar samsýningar en núna er myndlistarmarkaðurinn mun virkari og opnari. Engu að síður er þetta mjög erfiður markaður, og listamennirnir þurfa að hafa mikla hæfileika til þess að geta staðið upp úr því kraðaki sem þetta er.“

Edda Jónsdóttir, eigandi I8 Gallerí, segir mjög mikilvægt fyrir íslenska myndlistarmenn að geta komið sér á framfæri erlendis. Þar njóti þeir góðs af galleríum sem komi þeim að. „Um leið og galleríin selja verk listamanns erlendis hækka það verð hans hér heima.“ Útrásin hafi því ekki eingöngu jákvæð áhrif á frama þeirra heldur geti einnig þrýst verðinu upp. Tryggvi P. Friðriksson hjá Gallerí Fold bendir þó á að það sé erfitt að hafa atvinnu af listinni. „Þeir eru teljandi á fingrum beggja handa sem hafa atvinnu af þessu. Það er erfitt að koma sér upp nafni, og enn erfiðara að viðhalda því.“

## Auðvelt að kaupa málverk

Hér áður fyrr var það einungis efnað eldra fólk sem hafði efni á því að kaupa sér listaverk. Með tilkomu vaxtalausra lána til listkaupa og lágs verðlags á íslenski samtímalist geta fleiri komið sér upp listaverkasafni. Tryggvi P. Friðriksson segir vaxtalaus láni til listaverka kaupa hafa aukið eftirsóknina í myndlist og að þau geri fleirum auðveldara að eignast málverk. Hann bendir einnig á að Íslendingar séu gjarnari á að kaupa upprunalegu verkin í stað eftirprentana eins og tíðkist erlendis. „Núlifandi listamenn selja ekki mikið af verkum yfir eina milljón.“

Edda Jónsdóttir segist finna fyrir því að svokallað góðæri hafi haft áhrif. „Kröfur um gæði hafa verið að aukast og kaupgetan samfara því.“ Hún tekur þó undir með Tryggva að listaverkaláni hafi gert almennings auðveldara að eignast listaverk. „Listamenn eru ekki verðlagðir eftir gæðum, góðir listamenn eru að mínu mati of lágt verðlagðir á meðan fúskararr og minna þekktir listamenn eru á allt of háu verði,“ segir Edda og bendir á að erlendir safnarar reki oft upp stór augu þegar þeir sjá verðið á góðum listaverkum.

Jón Proppé segir það vera mjög erfitt að eiga við verðlag á íslenski myndlist. „Það er vegna þess að listamennirnir vilja að almenningur hér heima geti eignast verk þeirra. Ef þeir vilja koma verkum sínum á framfæri erlendis verða þeir að verðleggja verk sín í samræmi við það. Þetta skapar oft mikla togstreitu.“

## Breytt landslag

Stóra fölsunarmálið skók myndlistarheiminn fyrir átta árum og varð til þess

að myndlistarmarkaðurinn fór í hálfgerða gíslingu. Ekki eru þó allir sammála um hvers kyns áhrif þetta umfangsmikla mál hefur haft. „Þeir sem keyptu þessi málverk létu hégómanna hlaupa með sig í gönur, að því leyti að þeir keyptu ekki verk heldur nafn,“ segir Guðmundur Oddur og honum finnst þetta mál hafa styrkt stöðu þeirra sem hafi verið að skapa alvöru myndlist. „Málið hefur haft frekar jákvæð áhrif en neikvæð.“

Tryggvi P. Friðriksson er ekki sammála þessu og segir markaðinn hafa verið í gíslingu í átta ár, verðið sé of lágt



Tryggvi P. Friðriksson hjá Gallerí Fold „Íslendingar eiga upprunalegu verkin, en ekki eftirprentanir eða plaköt eins og tíðkast erlendis.“

og að hann sjái ekki að þetta hafi haft jákvæð áhrif. „Ég held að kaupendur séu mjög varir um sig, og verð á myndlist hefur ekki verið að hækka eins og við vonuðumst eftir.“ Honum þykir áhrifin, ef einhver eru, ekki hafa verið ungum listamönnum til góðs. „Ég held að það sé ekki rétt að ungu listamennirnir hafi tekið yfir markaðinn,“ segir hann.

Undir þetta tekur Edda Jónsdóttir. „Gömlu meistarnir hafa verið settir í salt og markaðurinn hefur verið í ákveðinni krísu, en mér finnst þetta vera að breytast.“ Hún viðurkennir þó að kaupendur séu varari um sig. „Það er mjög lágt verð á góðum Kjarval og við seljum til dæmis verk eftir Eggert Pétursson á sama verði og hann.“ Hún telur að þetta eigi eftir að breytast, þekkingin á verkum meistaranna eigi eftir að verða til þess að verðið hækki og samfara því muni verð á samtímalistamönnum einnig hækka.

Jón Proppé telur hins vegar að markaðurinn með eldri listamennina hafi verið í gangi of lengi. „Fólk var að kaupa hálfkláruð léleg verk sem erfitt var að sjá að væru ófölsuð.“ Hann telur þetta mál ekki hafa leitt til þess að sala á verkum eftir samtímalistamenn hafi dregist saman og styrkt stöðu þeirra ef eitthvað sé.

Edda Jónsdóttir segir að hér áður fyrr hafi það eingöngu verið á færi efnaðs eldra fólks að kaupa sér málverk og það hafi verið fast í fortíðinni, en ekkert horft í samtímann. „Sú kynslóð sem kaupir listaverk í dag er yngri og fjársterkari. Þetta fólk horfir fram á veginn

og hefur áttað sig á því að nútíminn er kominn, hann er í tísku og gömlu meistararnir fá að hvílast í bili,“ segir hún og segir jafnframt að kaupendur vilji vita meira um listamennina, hvar þeir hafi verið keyptir og hvar þeir hafi sýnt.

Jón Proppé er sammála þessu, og telur jafnframt að ekki sé einungis við fölsunarmálið að sakast þegar orsakar minnkandi sölu á verkum gömlu meistaranna sé leitað. „Þeir sem eru að kaupa listaverk í dag eru að kaupa eftir samtíamenn sína. Það er nú einu sinni þannig að hver kynslóð á sína kaup-



Jón Proppé „Fólk var að kaupa hálfkláruð léleg verk, sem erfitt var að sjá hvort væru ófölsuð.“

ingu og myndlistin er þar ekki undanskilin,“ segir hann og bætir við að raunverulegur listamaður þurfi ekki á þessari auglýsingamennsku að halda heldur láti dómgreind hjartans ráða.

Honum finnst Steingrímur Eyfjörð Kristmannsson hafa sýnt hverju mikil vinna geti skilað góðri myndlist og hrósar listamönnum Birgi Andrésyni og Rögnu Róberts fyrir að sýna hversu mikla þolinmæði þurfi til þess að halda út. Þá nefnir hann einnig Gabriellu Friðriksdóttur, sem honum finnst vera gott dæmi um listamann sem hafi staðið við það sem hún sé að



Guðmundur Oddur Magnússon „Sannur listamaður þarf ekki á markaðsvæðingu að halda.“



Edda Jónsdóttir hjá I8 „Góðir listamenn eru of lágt verðlagðir.“

endur.“ Hann bætir því við að inn í þetta spili einnig aukinn áhugi á listum almennt.

## Nýtt fólk í brúnni

„Almenningur vill oft fella dóma eftir skamman tíma, um samtíma sinn, en menn verða að gefa tímanum frið til þess að skilja kjarnann frá hisminu. List á hins vegar alltaf eftir að selja sig sjálf og drullan á alltaf eftir að setjast á botninn og þá fyrst fáum við að sjá hvað var í vatninu,“ segir Guðmundur Oddur. Hann segir að verðlagningu á myndlist sem skipti einhverju máli sé allt of lág og að sama skapi sé verðið allt of hátt á því sem skipti engu máli. „Það er því góður tími að kaupa góða list,“ segir hann og bætir því við að illa upplýstir kaupendur kaupi illa upplýsta list og öfugt. „Markaðsvæðingin og froðusnakkið er áberandi í íslenski menn-

gera. „Krúttkynslóðin svokallaða, sem hefur verið til í kreðsum undanfarin fimm ár, dúkkaði síðan upp sem markaðsvara á síðasta ári.“

Jón Proppé segir gæði íslenskrar myndlistar mjög mikil og margir listamenn séu að skapa sér gott nafn. „Það eru starfandi listamenn sem eru að búa til mjög flotta myndlist og eru ekki einhver bóla heldur hafa menningarlegt gildi.“ Hann tekur undir með Guðmundi um Gabriellu og Birgi Andrésyni en nefnir líka hjónin Huldu Hákon og Jón Óskar sem hafi verið ákaflega dugleg við setja upp sýningar. „Þá hafa meðal annars þær Anna Joelsdóttir og Þordís Aðalsteinsdóttir einnig verið að gera góða hluti erlendis.“

Edda Jónsdóttir er sammála hinum viðmælendum um Gabriellu. „Hún er gott dæmi um vinsælan listamann, vegna þess að hún er ung og hefur allt til brunns að bera til að geta orðið þekkt nafn. Hún þykir því mjög spennandi.“ Hún nefnir einnig Gjörminga-hópin og Eggert Pétursson, sem sé einn af þeim sem taki sér góðan tíma í verk sín og langur biðlisti sé eftir verkum hans. Ragna Róbertsdóttir og Finnþógi Pétursson eru einnig listamenn sem hafa verið seldir erlendis ásamt Þór Vigfússyni.

Myndlistarmarkaðurinn hefur því allt sem þarf til þess að geta orðið mjög fjögur, og ljóst að skiptar skoðanir eru um hvar hann standi. Á meðan sumum finnst hann vera í lægð finnst öðrum hann loksins vera sloppinn úr gíslingu gömlu meistaranna og nú loksins fá samtímalist að blómstra og seljast.

## Hvað kosta listaverk?

Verð listaverka fer að sjálfsögðu eftir höfundi en líka stærð. Algengasta stærðin sem fólk kaupir er 80x100 cm. Slíkt málverk eftir þekktan listamann fer sjaldnast undir tvö hundruð þúsund krónum og er oft nálægt einni milljón.

Hjá Gallerí Fold fengust þær upplýsingar að þrjú listamenn skeri sig nokkuð úr. Það eru þau Kristján Davíðsson, Karólína Lárusdóttir og Harald Bilson, en verk eftir þau seljast oft á um tvær milljónir. Aðrir núlifandi listamenn selja ekki mikið af verkum yfir einni milljón hjá Gallerí Fold, en hálf milljón þykir ekki óeðlilegt verð fyrir þekktan ungan listamann.

Hjá Gallerí I8 fengust þær upplýsingar að verk eftir Gabriellu Friðriksdóttur væru að seljast á bilinu fjögur hundruð þúsund til ein milljón. Dýrasta verk sem galleríið hefur selt er eftir Ólaf Eliasson, sem er í sérflokki, en verk eftir hann hafa selst á þrjár og hálf milljón. Þá hafa verk eftir Finnþógi Pétursson og Eggert Pétursson einnig selst á nokkuð háu verði.



„Eðal drottningarhunang eykur orku, vellíðan og úthald“

## Nýjung á Íslandi: Eðal drottningarhunang í töfluformi -Sannkölluð bætiefnabomba fyrir líkama og sál!

Eðal drottningarhunang í töfluformi er nú fáanlegt hér á landi. Það er nýjung því hingað til hefur drottningarhunang einungis fengist í fljótandi formi. Eðal drottningarhunang eykur orku, vellíðan og úthald. Það inniheldur fjölmörg vítamín, steinefni og efnahvata og er ennfremur mjög próteinríkt. Um er að ræða 100% náttúruvöru því engum aukaefnum er bætt í töflurnar. Töflurnar eru litlar og því auðveldar inntöku.

### Hvað gerir Eðal drottningarhunang?

Mikið hefur verið fjallað um eiginleika drottningarhunangs til að yngja líkamann upp, styrkja ónæmiskerfi hans og hjálpa honum þar með að vinna gegn sýkingum og berjast við ýmsa sjúkdóma. Drottningarhunang virkar einnig vel á innkirtlakerfið og hefur mjög góð áhrif á líðan kvenna á breytingaskeiði.

### Hvað er drottningarhunang?

Drottningarhunang inniheldur nær öll næringarefni sem við þurfum á að halda, þ. e. öll B-vítamínin, C-vítamín, ennfremur mikið af steinefnum og eggjahvítefnum, bæði einstakar amínósýrur og mikið af efnahvötum sem hjálpa líkamsstarfsemi. Þar má einnig finna fitusýrur, sykruna, sterol, kjarnasýrur og gammaglóbín, sem líkaminn notar til að styrkja eigið ónæmiskerfi.

Eðal drottningarhunang hentar öllum aldurshópum.

## Fáðu þér bætiefnabombu!

FÆST Í VERSLUNUM LYFJU

Helstu efni í Eðal drottningarhunangi eru eftirfarandi en um virkni þeirra má lesa nákvæmlega á heimasíðu okkar [www.rnp.is](http://www.rnp.is)

Tíamín (B-1 vítamín), Ribóflavín (B-2 vítamín), Níásín (B-3 vítamín), Pantótensýra (B-5 vítamín), Pýridoxín (B-6 vítamín), Inosítól (B-vítamín), Fólásín (B-vítamín), Sýanókóbalamín (B-12 vítamín), Ascorbínsýra (C-vítamín), Króm (Chromium), Fosfór, Járn (Iron), Kalíum (Potassium), Bíótín (H-vítamín, B-7 vítamín), Mangan (Manganese)

Innflytjandi: RNP

Taktu þátt í verðlaunagetrauninni sjá [www.rnp.is](http://www.rnp.is)



Royal Nature Products



Verlanir/söluaðilar ath! : Dreifingarsími RNP er 899 5688





**Prír frakkar:**  
**Plokkfiskur og hvalkjöt**

**Hver og hvar** Veitingastaðurinn Prír frakkar, Baldursgötu 14, 101 Reykjavík

**Hvernig er stemmingin?** Prír frakkar var opnaður 1989 af matreiðslumeistararum Úlfari Eysteinsyni og hefur hann rekið staðinn allar götur síðan. Staðurinn er vinalgur, í göngufæri frá miðbænum og tekur 44 gestu í sæti. Hann hefur verið með eindæmum vinsæll enda er staðurinn einn fárra sem bjóða upp á hvalkjöt, sem þykir hið mesta sælgæti, ásamt sjófugli og hefðbundnum fisktegundum. Staðurinn er opinn mánudaga til föstudaga frá hálf tólf til hálf þrjú, og frá sex til tíu. Um helgar eru Prír frakkar með opið frá sex til tíu á kvöldin.

**Matseðillinn** Þó að sjávarþema sé gegnumgangandi á matseðli Þriggja

frakka er hægt að fá þar hefðbundna kjötrétti á borð við lambakjöt og hann býður einnig upp á grænmetisrétti. Þá er hægt að fá fjölbreytta forrétti, eins og hrátt hvalkjöt að japönskum sið og súpur.

**Vinsælast** Plokkfiskurinn er án nokkurs vafa einn langvinsælasti réttur Þriggja frakka enda um mikið sælgæti að ræða. Þá er hvalkjötskiparsteikin alltaf vinsæl. Plokkfiskurinn kostar 1.990 krónur og fylgir rúgbrauð með en hvalkjötskiparsteikin kostar 2.990 krónur.

**Réttur dagsins** Í hádeginu er veittur fjörutíu prósentu afsláttur og fylgir þá súpa með. Þá býður staðurinn einnig upp á súpu dagsins sem kostar 890 krónur og forrétt dagsins en hann kostar 1.490.

**Vínskóli Eðalvína**

Víninnflutningsfyrirtækið Eðalvín var stofnað á sínum tíma með markmiðið „fræðsla og fagmennska“ að sögn stofnendanna. Í ljósi þessara háleitu markmiða standa Eðalvín fyrir athyglisverðum nám-

skaiðum fyrirhuguð í Reykjaneshæ. Nánari upplýsingar má finna á edalvin.is en eftirfarandi námskeið eru fyrirhuguð á næstunni:

- Janúar**
- 20. Matur og vín
- 27. Að smakka blint
- Febrúar**
- 3. Námskeið fyrir fagfólk veitingahúsa
- 4. Matur og vín (í Reykjaneshæ)
- 10. Matur og vín
- 17. Ítölsk vín
- 24. Matur og vín
- Mars**
- 3. Að smakka blint (í Reykjaneshæ)
- 10. Að smakka blint
- 17. Lífraen vín
- Apríl**
- 7. Chardonnay víða að
- 14. Matur og vín
- 28. Að velja vín í veisluna
- Mái**
- 12. Freyðivín og kampavín
- 19. Grillmatur og vín
- 26. Hvítvín og hvítvín!



fyrir námskeiðin er 1.500 kr en getur breyst við sérstök tækifæri, t.d. ef utanáðkomandi leiðbeinandi er fenginn. Að auki býðst öllum þátttakendum 20% afsláttur af veitingastöðum í Kvosinni en námskeiðin eru haldin á Vesturgötu 5 í jaðri Grjótaþorpsins. Stundum eru námskeið haldin annars staðar, t.d. eru



Spaghetti Bolognese „Bolognese að hætti veitingastaðarins Ítalíu sem hefur að sjálfsgöðu ítalskar matreiðslu hefðir í hávegum.“

Heimatilbúið Spaghetti Bolognese:  
**Góður réttur gegn kulda**

Flestir segjast þekkja ítalskan mat og matargerð. Helgi Björnsson stórsöngvari var um skeið búsettur í listaborginni Flórens á Ítalíu.

„Ég var reyndar það heppinn að ég fór með stelpuna mína á leikskóla á morgnana og fór svo að undirbúa næstu máltíð.“

Hann segir að þrátt fyrir að ítölsk matargerðarlist liti oft út fyrir að vera einföld liggja mikil hugsun að baki. „Það er kannski búíð að vera að hakka og baka allan daginn, en þegar þú færð þetta á diskinn lítur þetta út fyrir að vera mjög einfalt.“

Helgi segir að oft séu menn að troða rjúma í pastarétti, sem sé ekki mikið gert á Ítalíu. „Pasta er í raun hugsað sem forréttur, *prima*. Þú færð bara smá pasta á disk, svo kjötsneiðina eina með smá sósu, og loks grænmetið. Þá eru þeir búnir að fá öll vítamínin sem þeir þurfa.“

Ástæðan fyrir því að hann valdi þennan rétt er sú að nú er sá tími þegar það er kalt og menn þurfa að fá góða næringu. „Svo eru menn líka að fá sér sósuna úr einhverri dós í stað þess að gera þetta sjálfir. Það er hægt að búa til þessa sósu sjálfur og geyma hana inni í skáp.“

**Ragú alla bolognese/ Spaghetti Bolognese**

- 300 g kjóthakk
- 100 g beikon
- 4 msk. smjör
- 1 stór laukur
- 1-2 selleristilkar
- 1-2 gulrætur
- 2 negulnaglar
- 125 ml kjötsöðkraftur
- 1 tsk. tómatur puré
- svartur pipar grófmalaður
- salt

Að sögn Helga á að brúna kjötið á pönnunni í smjörinu ásamt beikon-sneiðunum og fintsöxuðu grænmetinu (saxað saman í matvinnsluvél ásamt neglinum).

„Þegar kjötið er farið að brúnast á að bæta kjötsöðinu við og lækka hitann. Þá er tómatakrafturinn settur út í, saltað og piprað og hellt vatni yfir þannig að fljóti yfir kjótkássuna.“ Þegar þessu er lokið er sett á lægsta hitann. „Hér liggur galdurinn; það á að láta þetta malla helst í þrjú tíma.“

Helgi segir að rétturinn ætti ekki að eyðileggjast þó hann væri eldaður skemur. „Finnið einhvern góðan hljómdisk eða vínplötu og farið að taka til



... eða eitthvað. Galdurinn við kjötsósuna er nefnilega að gefa sér tíma og láta hana malla lengi við vægan hita.“

Helgi segir að matgæðingar muni uppskera ríkulega þegar sest verður að borðum yfir rjúkandi spaghetti, söðnu „al dente“ (7 til 8 mínútur) með þessari dýrindis kjötsósu sem gefin hefur verið þessi tími og að síðustu er rifnum ferskum parmesanosti stráð yfir herlegheitin. „Ekki skemmir að skola þessum dýrindisrétti niður með rauðvínsglasi.“

**Matgæðingurinn Ellý Ármannsdóttir, þula og eigandi Spámaður.is**

**Með KEA-skyr á eyðieyju**

**Hvaða matar gætir þú síst verið án?** Ég gæti ekki lifað án grænmetis og brokkólí, paprika, blómkál og gulrætur eru í mestu uppáhaldi og ég fer nærri daglega á Salatbarinn.

**Finnst þér einhver matar vondur?** Já, ég fordást súrmat. En það er eingöngu af því að ég hef ekki alist upp við slíkan mat.

**Fyrsta minningin um mat?** Ég var mikið hjá ömmu Jónu á Kleppsveginum sem barn. Hún notaði mikið grænmeti og baunir í sína matargerð og var langt á undan sinni samtíð hvað það varðar. Hún var alger snillingur í gerð grænmetisréttanna og gerir það að verkum að ég kann að meta þennan mat.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?** Fyllt hveitortilla eins og Gummi á Tex-mex útbýr fyrir mig sérstaklega. Hún er með fersku salati, kryddhrisgrjónum, sýrðum rjúma,

guacamole og sterkri salsósú.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum?** Vatnsmelóna! Ég get ekki án hennar verið. Þegar maður læðist í ísskápinn á kvöldin eða eftir puluvaktirnar er best að ráðast á hana.

**Hvað borðar þú þegar þú þarft að láta þér líða betur?** Einhver spámaður hvíslaði því að mér að ferska grænmetið og stöðug vatnsdrykkja eflði orkuna hjá konum á mínum aldri og ég hef haldið mig við það. Vatn og litaríkt grænmeti er að mínu skapi.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?** KEA aloe vera skyr. Við (ég og strákarnir mínir) getum alls ekki verið án þess.

**Ef þú yrðir föst á eyði-**

**eyju, hvaða rétt myndir þú taka með þér?** KEA-skyr.

**Hvað er það skrytnasta sem þú hefur borðað?** Heill krabbi sem ég valdi sjálf úr stóru búri.



**SKÍÐAAFSLÁTTUR**  
**20-50%**  
Aðeins í nokkra daga

**ATOMIC**

Síðustu dagar útsölnnar

**Nýja SKÁTABUÐIN**  
SKÍÐAVERSLUN

Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • sími 534 2727 • e-mail: skatabudin@skatabudin.com • www.skatabudin.com



# Kampavín kvikmynda- stjarnanna

Fá kampavínshús hafa náð að skapa sér betri ímynd en Piper-Heidsieck. Ímyndin sem Piper-Heidsieck hefur skapað í kringum neyslu á kampavíninu sínu er að það skuli drekkast á sérstaklega spennandi stundum. Flaskan er merkt rauðum miða, lit ástríðna og lifandi stunda. Hughrifin vekja upp tengsl við munað (rauður rubí, Cartier og

Ferrari), rómantik og ástríður (rauðar rósir, naglalakk og varalitur). Einnig hefur Piper-Heidsieck löngum verið eftirlætiskampavín kvikmyndastjarnanna. Stjörnur eins og Humphrey Bogart og kynbomban Marilyn Monroe lýstu yfir dálæti sínu á Piper-Heidsieck og Marilyn gekk jafnvel svo langt að segja að hún væri ekki almennilega vöknud fyrr en hún hefði



notið fyrsta glassins af Piper yfir daginn!

Hjá Piper-Heidsieck rækta þeir og gerja vínber frá 50 mismunandi vénekrum. Þessi fjölbreytileiki í samvali gerir það að verkum að

Piper-Heidsieck Brut er ávallt fyllt ilmi. Piper-Heidsieck Cuveé Brut er í sérstaklega góðu jafnvægi, ferskt og liflegt, með léttum ilmi af sítrusávöxtum og vorblómum. Njóttu Piper-Heidsieck þegar þú vilt fagna líf-



inu í góðra vina hópi þar sem allt er leyfilegt!

Piper-Heidsieck fæst í hefðbundinni stærð, 750 ml en auk þess er hægt að sérpanta aðrar stærðir svo sem 187 ml, 375 ml og 1,5 l í gegnum sérþöntunarþjónustu Vínbúðanna.



## Kíktu við í kampavínshúsi!

Fjöldmörg kampavínshús í Champagne-héraði í Frakklandi taka á móti gestum og bjóða upp á smökkun og fræðslu um gerð kampavíns. Er vert að benda ferðalöngum sem hyggja á Frakklandsferð á að kíkja á þennan skemmtilega möguleika. Upplýsingar um opnunartíma og hvað er í boði í viðkomandi húsum er oftast að finna á heimasíðum húsanna en einnig geta innflutningsaðilar hérlendis veitt frekari upplýsingar.

Piper-Heidsieck kampavínshúsið tekur vel á móti gestum sem vilja fræðast um kampavín og franska menningu auk þess auðvitað að smakka á ýmsum gerðum kampavíns. Rúntað er um risastóra kjallara hússins í rafknúnum smáflum þar sem boðið er upp á leiðsögn á sjö tungumálum. Svo er skroppið í bíó enda Piper-Heidsieck kampavín kvikmyndastjarnanna og kampavínshúsið hefur komið við sögu í fjöldmörgum myndum. Ferðinni lýkur svo með smökkun og fyrir þá sem vilja kynna sér kampavínið betur er hægt að kaupa fjölmargar kampavínstegundir í verslun hússins. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni [www.piper-heidsieck.com](http://www.piper-heidsieck.com).

### Saga Piper Heidsieck

Florens-Louis Heidsieck var þýskur prestssonur sem flutti til Reims til að versla með fatnað en uppgötvaði víngerð og varð heltekinn af henni. Hann hóf eigin framleiðslu árið 1780 og stofnaði vínhús sitt fimm árum síðar. Eftir dauða hans tók frændi hans

Christian Heidsieck við ásamt Henri-Guillaume Piper. Giftist sá síðarnefndi ekkju þess fyrrnefnda og breyttist heiti fyrirtækisins þá í Piper-Heidsieck.

Henri-Guillaume Piper var mikill bismessmaður og duglegur við að kynna kampavínið meðal kóngafólks í Evrópu og yfirstéttarinnar. Hefur glamúr og stíll alltaf einkennt Piper-Heidsieck og fyrirtækið verið í upphaldi hjá stjórnnum hvers tíma. Þar hefur stíll kampavínsins og útlit spilað stóra rollu, ekki síst hinn munúðarfulli rauði einkennislitur kampavínshússins.


# Leiðir til léttara lífs

## Þú getur grennst og breytt um lífsstíl


Ásmundur Stefánsson segir hvernig hann fór að því að létta sig og halda sér í kjörþyngd. Guðmundur Björnsson læknir útskýrir hvað býr að baki aðferðinni m.a. hvað beri að varast á grundvelli læknisfræðinnar. Uppskriftir að gómsætum, kolvetnissnauðum réttum. Aðferð sem virkar!

Úr 120 kílóum í 80 kíló

Handhægu heilsuþækurnar á heilsusamlegu tilboði. Burt með verkina og kvillana - betri heilsa - betra líf.



Tilboðsbók mánaðarins 30% afsláttur



Tilboðsverð 1.990 kr.

Tilboðsverð 1.990 kr.

Tilboðsverð 1.990 kr.

Tilboðsverð 1.990 kr.



E d d a



# 3 dagar...

## Fimmtudagur...

... í hádeginu verða tónleikar í sal Tónlistarskóla Garðabæjar að Kirkjulundi. Gunnlaugur Þór Briem leikur á píanó, en þessir tónleikar eru hluti af tónleikaröð sem efnt er til nú í janúar og febrúar í tilefni af fertugsafmæli skólans.

... löggin hans **Sigvalda Kaldalóns** eiga sér djúpar rætur í Þjóðarsálinni. Í Salnum í Kópavogi ætla þau **Ólafur Kjartan Sigurðarson** barítón, **Sigrún Hjálmtýsdóttir** sópran, **Sigríður Aðalsteinsdóttir** mezzósópran, **Sesselja Kristjánsdóttir** mezzósópran,



**Jóhann Friðgeir Valdimarsson** tenór, **Snorri Wium** tenór og **Jónas Ingi-mundarson** píanóleikari að flytja lög Sigvalda á tónleikum, sem haldnir eru klukkan 20 í tilefni af útgáfu geisladisksins Svanasöngur á heiði.

... þeir sem hafa gaman af djassgítarleik ættu að bregða sér á Nasa við Austurvöll þar sem franskir gítarleikarinn **Sylvain Luc** kemur fram ásamt hinum íslenska **Birni Thoroddssen**.



## Föstudagur...

... rokkunendur ættu endilega að bregða sér á Grand Rokk þar sem

hljómsveitirnar **Darkhammer**, **Hot Damn** og **Shadow Parade** láta gamminn geisa. Tónleikarnir hefjast klukkan 23.

... listunendur gætu gert margt vitlausara en að leggja leið sína í Kubbin, sem er sýningarsalur Myndlistardeildar Listaháskóla Íslands að Laugarnesvegi 91. Klukkan 15 opnar **Þóra Gunnarsdóttir** sýningu sem ber heitið „Hvísla-Öskra“ og hefst með gjörningi. Í salnum verða síðan til sýnis skúlptúrar, sem verða til á gjörningnum.

... um kvöldið verða síðan opnaðar þrjár sýningar í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu. **Bjargey Ólafsdóttir** sýnir kvikmynd sína Láttu ekki viðkvæmt útlit mitt blekkja þig. Áhrifa-valdar nefnist yfirlitssýning á ljósmyndum eftir **Brian Griffin**. Loks sýnir **Þórður Ben Sveinsson** hugmyndir sínar um Borg náttúrunnar.

## Laugardagur...

... Íslenski dansflokkurinn efnir til fjölskyldusýningar í Borgarleikhúsinu þar sem sýnd verða þrjú verk sem öll ættu að geta höfðað



til yngri kynslóðarinnar ekki síður en hinna sem eldri eru. Verkin eru Bolti eftir **Katrínu Hall**, Æfing í Paradís eftir **Stijn Celis** og The Match eftir **Lonneke van Leth**. Sýningin hefst klukkan 14.

... **Salonhljómsveit Sigurðar Ingva Snorrasonar** efnir til nýárs-tónleika í Salnum í Kópavogi klukkan 17 á laugardaginn, eins og hefð hefur skapast fyrir undanfarin ár. Hljómsveitin flytur ásamt **Guðrúnu Ingi-marsdóttur** sópransöngkonu Vínarljóð, óperettuariur, polka, valsa og aðra gleðitónlist. **Sigrún Eðvaldsdóttir** leikur einleik og er jafnframt konsert-meistari.

Við leitum að manni með góða reynslu, karli eða konu, sem getur sýnt fram á góðan árangur í sölumennsku og ráðgjöf. Við leitum að þér sem ert afkastamikill, duglegur, röggssamur og stundvís. Þú verður auðvitað að vera hress og skemmtilegur með góða skipulags-hæfileika. Þú vinnur brosandir undir álagi og ert tilbúinn til að takast á við krefjandi verkefni með hámarks-árangur og þarfir viðskiptavinanna að leiðarljósi. Þú hefur gott vald á Microsoft Office eins og Word, Excel og Outlook. Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði. Og þú þarft að hafa áhuga á bifreiðum og hafa gilt bílpróf.

### Nánari upplýsingar

Vinnutími er frá 9:00 -18:00 alla virka daga. Þriðja hvern laugardag frá kl 11:45 -16:15. Brimborg leggur mikla áherslu á gott starfsumhverfi og góða vinnuaðstöðu fyrir starfsmenn sína. Aðeins reyklaust fólk er ráðið til starfa.

Umsóknareyðublað er hægt að nálgast hjá skiptiborði Brimborgar í síma: 515 7000 eða fá sent í tölvupósti.

Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá Margréti Rut Jóhannsdóttur, starfsmannastjóra Brimborgar á netfangi: margret@brimborg.is. Upplýsingar um kjör eru ekki gefin upp í síma.

Umsóknarfrestur er til 17. janúar 2005.  
Hringdu eða komdu. Strax.



Öruggur staður til að vera á

VOLVO Ford CITROËN LINCOLN DAIHATSU VOLVO PENTA MAB Örvaleiðir PIRELLI NOKIAN TYRE

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | www.brimborg.is | brimborg@brimborg.is

## Sölumaður Citroën bifreiða

Krefjandi starf og góðir tekjumöguleikar hjá sóknjörfu fyrirtæki

Með skilningi á þörfum fólks, alúð og góðum vörum vex hagur Brimborgar hratt. Á aðeins tveimur árum hefur fyrirtækið þrefaldast að stærð og stefnir það á að verða vinsælasta bílaumboð landsins þar sem traust og öryggi í viðskiptum er haft að leiðarljósi. Í Reykjavík, Reykjanesbæ og á Akureyri starfa yfir 100 manns við að veita viðskiptavinum Brimborgar faglega ráðgjöf og þjónustu fyrir Ford,

Volvo, Citroën, Lincoln, Daihatsu, Volvo vörubíla, Volvo vinnuvélar, Volvo Penta bátavélar, Volvo strætisvagna og Volvo rútur. Hiab bílkrana, Pirelli og Nokian hjólbarða.

Brimborg leitar að einstaklingi sem hefur metnað til að láta hæfileika sína njóta sín í stórum hópi frábærra fagmanna sem starfa undir fána Brimborgar.

### Stutt lýsing á starfi

Við leitum að góðum sölumanni og ráðgjafa fyrir Citroën á Íslandi, sölumanni sem er tilbúinn til að taka að sér mjög krefjandi en einstaklega skemmtilegt og spennandi starf. Launakerfið er árangurstengt og því mjög góðir tekjumöguleikar fyrir góðan sölumann sem hefur mikinn metnað.

### Hæfniskröfur og æskilegir eiginleikar

Við leitum að manni með góða reynslu, karli eða konu, sem getur sýnt fram á góðan árangur í sölumennsku og ráðgjöf. Við leitum að þér sem ert afkastamikill, duglegur, röggssamur og stundvís. Þú verður auðvitað að vera hress og skemmtilegur með góða skipulags-hæfileika. Þú vinnur brosandir undir álagi og ert tilbúinn til að takast á við krefjandi verkefni með hámarks-árangur og þarfir viðskiptavinanna að leiðarljósi. Þú hefur gott vald á Microsoft Office eins og Word, Excel og Outlook. Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði. Og þú þarft að hafa áhuga á bifreiðum og hafa gilt bílpróf.

### Nánari upplýsingar

Vinnutími er frá 9:00 -18:00 alla virka daga. Þriðja hvern laugardag frá kl 11:45 -16:15. Brimborg leggur mikla áherslu á gott starfsumhverfi og góða vinnuaðstöðu fyrir starfsmenn sína. Aðeins reyklaust fólk er ráðið til starfa.

Umsóknareyðublað er hægt að nálgast hjá skiptiborði Brimborgar í síma: 515 7000 eða fá sent í tölvupósti.

Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá Margréti Rut Jóhannsdóttur, starfsmannastjóra Brimborgar á netfangi: margret@brimborg.is. Upplýsingar um kjör eru ekki gefin upp í síma.

Umsóknarfrestur er til 17. janúar 2005.  
Hringdu eða komdu. Strax.



Öruggur staður til að vera á

VOLVO Ford CITROËN LINCOLN DAIHATSU VOLVO PENTA MAB Örvaleiðir PIRELLI NOKIAN TYRE

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | www.brimborg.is | brimborg@brimborg.is

## Styrktarfélag vangefinna Búseta



Proskafjálfi og stuðningsfulltrúi óskast til starfa á heimili í Fýlshólum. Um er að ræða hlutastörf eftir kl.14.00 á daginn og um helgar. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Hlutverk starfsfólks er fyrst og fremst fólgið í því að leiðbeina og styðja íbúa í daglegu lífi. Nánari upplýsingar veitir Aðalheiður Braga-dóttir í síma 662-0328 og Erna Einarsdóttir starfsmannastjóri, í síma 551-5941 milli kl.10.00 og 13.00.

Ofangreind störf taka laun samkvæmt gildandi kjarasamningum.



Fóðurland vort hátt er haldið

## Laus störf vélstjóra á varðskipum Landhelgisgæslu Íslands

Landhelgisgæsla Íslands auglýsir laus til umsóknar störf vélstjóra á varðskipum stofnunarinnar. Umsækjendur skulu hafa full réttindi, eða hafa lokið skóla og smiðjutíma.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi milli Vélstjórafélags Íslands og fjármálaráðherra um kaup og kjör vélstjóra á skipum Landhelgisgæslu Íslands.

Umsóknir, ásamt sakavottorði, skulu berast Landhelgisgæslu Íslands, Seljavegi 32, 101 Reykjavík, fyrir 25. janúar nk. Umsóknareyðublað má nálgast á heimasíðu Landhelgisgæslunnar; lhg.is

Nánari upplýsingar veitir Svanhildur Sverrisdóttir, starfsmannastjóri (svanhildur@lhg.is) í síma 545-2000.



Fóðurland vort hátt er haldið

## Laus störf háseta og smyrjara

á varðskipum Landhelgisgæslu Íslands

Landhelgisgæsla Íslands auglýsir laus til umsóknar störf háseta og smyrjara á varðskipum stofnunarinnar.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi milli Sjómannafélags Reykjavíkur og fjármálaráðherra vegna Landhelgisgæslu Íslands.

Umsóknir, ásamt sakavottorði, skulu berast Landhelgisgæslu Íslands, Seljavegi 32, 101 Reykjavík, fyrir 25. janúar nk. Umsóknareyðublað má nálgast á heimasíðu Landhelgisgæslunnar; lhg.is, eða í varðskýli Landhelgisgæslunnar við Faxagarð í Reykjavík. Þangað má jafnframt skila umsóknum.

Nánari upplýsingar veita Steinar Clausen, varðskýli Landhelgisgæslunnar í síma 545-2180 og Svanhildur Sverrisdóttir, starfsmannastjóri (svanhildur@lhg.is) í síma 545-2000.

**SMS 2 99kr.**  
LEIKUR 2 bíomiðar  
Sendu SMS skýtið JA OBF á númerið 1900 og þú gættir unnið  
oldboy  
99 kr/skeytið

### FYRIRTÆKI / LÉN TIL SÖLU:

www.leikur.is – www.netleikur.is

www.sumarleikur.is

Upplýsingar í 8615609 eða arena@simnet.is



# Dýrkeyptur forsætisráðherrastóll

UMRÆÐAN  
STJÓRNARSAMSTARFÍÐ



JÓN BJARNASON  
ALÞINGISMAÐUR

„**Það er oft vandi að sitja í annars manns skjóli. Það fær Halldór Ásgrímsson að reyna þessa dagana og er jafnvel kallaður „forsætisráðherra í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar“.**

Það er oft vandi að sitja í annars manns skjóli. Það fær Halldór Ásgrímsson að reyna þessa dagana og er jafnvel kallaður „forsætisráðherra í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar“. Þeir birtast sem pólitískir einægja tvíburar og sjálfstæðismenn ná öllum óskamálum sínum fram. Má heita að stefnumál framsóknarmanna séu fullkomlega fótum troðin í þessu samstarfi. Talað er um „Litla íhaldið“, hópinn sem nú ræður Framsóknarflokknum og fylgir formanninum í undirlægjuhættinum við Sjálfstæðisflokkinn.

Ef fram heldur sem horfir verður það hlutskipti Halldórs Ásgrímssonar sem yfirmanns einkavæðingarnefndar að selja Símann. Gallup gerði í mars 2002 skoðanakönnun um afstöðu þjóðarinnar til þeirrar sölu. Rétt 64% kjósenda Framsóknarflokksins voru henni andvíg og yfir 60% allra landsmanna vildu að Símann yrði áfram í opinberri eigu. Fjöldi framsóknarfélaga um allt land hefur ályktað gegn sölu.

Öllum ætti að vera ljóst að í svo fámennu og dreifbýlu landi verður aldrei raunveruleg samkeppni í grunnþjónustu fjarskipta. Símann skilar 2-3 milljarða arði í ríkissjóð árlega svo ekki er hann nú baggi á eigendunum. Þvert gegn vilja meginþorra framsóknarmanna og mikils meirihluta þjóðarinnar ætlar Halldór Ásgrímsson að lúta í gras fyrir frjálshyggjuöflum Sjálfstæðisflokksins og selja Símann. Framsóknarmenn ættu að stöðva formann sinn í þessu máli.

Pólitísku tvíburarnir tóku einir ákvörðun um stuðning við innrásina í Írak. Að þjóðinni forspurðri settu þeir Ísland á lista hinna vígfúsu ríkja. Aldrei áður hafa íslenskir ríkisborgarar þurft að skammast sín á alþjóðavettvangi og jafnvel leynt þjóðerni sínu til að tryggja öryggi sitt á ferðalögum eða í hjálparstörfum. Um þetta höfum við nú staðfest dæmi frá Írak auk fjölmargra landa Asíu og Afríku.

Samkvæmt nýrri skoðanakönnun Gallups eru 84% þjóðarinnar og um 80% framsóknarmanna á móti stuðningi Íslands við innrásina í Írak Halldór Ásgrímsson lét að því liggja í fréttum að almenningur skildi ekki málið. Hann er augljóslega orðinn viðskila við sinn eigin flokk eins og raunveruleikann.

Eftir hina makalaus framgöngu í fjölmiðlamálinu hefði mátt vænta þess að forystumenn ríkisstjórnarflokka reyndu að endurheimta sátt við þjóðina í umgengni við lýðræðið og stjórnarskrá landsins. Forysta Sjálfstæðisflokksins hefur þó valið að sniðganga stjórnsýslulega stöðu forsetaembættisins og sýna því lítillítil virðingu. Er skemmt að minnst ræðu forseta þingsins við setningu Alþingis í haust og fjarveru meginþorra þingmanna og ráðherra Sjálfstæðisflokksins í boði forseta á Bessastöðum 1. desember sl.

Um miðjan síðasta mánuð tilkynnti Halldór Ásgrímsson að hann hygðist skipa nefnd til að endurskoða stjórnarskrána. Í bréfi sem formönnum stjórnmalaflokka var sent með beiðni um tilnefningu voru engin skilyrði sett fyrir vinnu nefndarinnar. Eitthvað hefur þetta farið fyrir brjóstið á aftursætisbilstjóranum því í næsta bréfi sagði að stjórnarskránefndin ætti einkum að endurskoða þá kafla, sem lúta að stöðu forsetaembættisins. Forysta Sjálfstæðisflokksins ætlar sér að afnema málskotsrétt forsetans og herða svo á reglum um þjóðaratkvæðagreiðslur að þær verði óvirkar.

Það hlýtur að vera nóturlegt fyrir framsóknarmenn að einnig í stjórnarskrármálinu skuli formaðurinn ganga gegn vilja þeirra en fylgja kröfum sjálfstæðismanna, sem eru kampakátir. En margur framsóknarmaðurinn hlýtur að vera dapur og finnast forsætisráðherrastóllinn dýru verði keyptur. ■

# Fjölguum liðum í efstu deildinni

UMRÆÐAN  
KNATTSPYRNA



ÓMAR STEFÁNSSON  
FORSTÖÐUMAÐUR ÍÞRÓTTAVALLA Í KÓPAVOGI

Nú þegar nálgast 59. ársþing KSÍ, sem haldið verður laugardaginn 12. febrúar, er í lagi að taka þá umræðu um að fjölga liðum í efstu deild úr 10 í 12. Það er alveg ljóst í mínum huga að það er tímabært. Það er auðvelt að færa rök fyrir því. Undanfarin ár hefur KSÍ gert átak í þjálfaramálum og er það undantekning ef þjálfari yngri flokka eða meistaraflokks er ekki íþróttamenntaður á einhvern hátt eða hefur lokið einhverjum þjálfaranámskeiðum á vegum KSÍ. Þannig eru nú fleiri hæfir þjálfarar að búa til fleiri leikmenn. Aðstaðan hefur batnað og knattspyrnuhallir hafa gert góða hluti. Á síðustu árum hefur aðstaða flestra félaga batnað töluvert og auk þess hafa knattspyrnuhallir verið að bæta æfingaaðstöðu að vetri til. Iðkendum

hefur fjölgað margfalt síðustu ár. Eins og þeir vita sem fylgjast með knattspyrnu hefur iðkendum fjölgað mikið á síðustu árum og er knattspyrna vinsælasta íþróttin á Íslandi í dag. Þessi fjölgun iðkenda gerir það að verkum að fleiri góðir leikmenn eru til. Áhorfendum hefur fjölgað á leikjum í efstu deild og ekki spurning um að þeir fagna því að fá að sjá fleiri leiki með sínu liði. Síðast en ekki síst vilja knattspyrnumenn freka spila leiki en vera á æfingu. Það eru ýmsar leiðir sem hægt er að fara við að fjölga liðum í efstu deild. Hægt er að spila tímabilið þéttar en gert hefur. Það er hægt að lengja tímabilið fram á haustið eða byrja tímabilið fyrr og nota þá íþróttahallirnar í fyrstu umferðum. Blanda þessu saman og lengja jafnframt keppnistímabilið í heild. Fyrir stjórnarmann liðs og þá sem eru að vinna við leikina eru þetta tveir leikir sem spilaðir yrðu á heimavelli eða í knattspyrnuhöll. Fyrir stuðningsmann liðs er þetta fjölgun um fjóra leiki, það sama á við leikmenn og þjálfara. Það er ekki spurning hvort heldur hvenær á að fjölga liðum í efstu deild. Vonandi verður sú ákvörðun tekin á þessu ársþingi KSÍ. ■

# Betra en útsala!

Síðastliðið ár var hið besta í sögu The Body Shop á Íslandi.

Það eigum við góðum viðskiptavinum að þakka!

Við viljum því leyfa ykkur að njóta ávaxtanna með okkur

og bjóðum 25% afslátt af öllum vörum í verslunum okkar 13. - 16. janúar.

25%  
afsláttur  
í 4 daga



ATH! NÝTT KORTATÍMABIL



THE BODY SHOP

Kringlunni • Smáralind • Akureyri



# Hlýja og nærgætni fer þverrandi

UMRÆÐAN  
FRAMKOMA VIÐ  
FÓLK



ALBERT JENSEN  
TRÉSMÍÐUR

Öruggt má telja að Íslendingar hefðu komist í heimsmetabók Guinness sem veraldarinnar mestu nirflar, ef þeir hefðu látið sér nægja að bjóða eitt bílverð til hjálpar á hamfarasvæðunum. Menn spyrja nú hvað fötluð manneskja þurfi að vinna mörg

gull á heimsmótum til að vera kosin íþróttamaður ársins. Þrennt virðist há Kristínu Rós Hákonardóttur til að verða heiðruð með þeim hætti. Hún er kona, hún er fötluð og hún skyggir á annað afreksfólk. Víst er að hlýja fólks og nærgætni gagnvart öldruðu fólki, fötluðu og sjúku fer þverrandi. Borgarstjórn hefur breytt öryrkjum í gamalmenni og afhent einstaklingum aðstöðu og leyfi til að sjá um mat til þessa fólks og vantar talsvert á að þar sé því umbunað sem vert er. Fyrir nokkrum mánuðum gerði ég athugasemd við framkvæmd þessara mála og var því illa tekið. Stjórn heilsugæslunnar hefur sífellt

verið að áreita starfsfólk sitt og skjólstaðinga og nú tekur ólært fólk við umönnun ósjálfbjarga fólks.

Aldraður maður sem ég veit deili á hefur orðið að þola stórkerta þjónustu félagsþjónustunnar vegna samstarfsörðugleika við útlenda starfskonu. Víða í þjóðfélaginu eru sljóir stjórnendur sem ekki virðast skilja hvað til þeirra friðar heyrir. Hroki og yfirlæti er ekki það sem gott fólk vill á skjaldarmerki. Hjúkrunarforstjórnir og annað fyrirfólk eiga ekki að taka yfirmenn breska hernámsliðsins 1940 sér til fyrirmyndar. Þá var alatalað að kamrar offisera, sem óbreyttir notuðu í neyð, væru

brenndir og nýir byggðir. Sagt er að meiri menntun fylgi meiri skilvirkni. Því er stjórn heilsugæslunnar ósamála og sannar verklag hennar það. Menntun opnar leiðir, eykur færni og tekjur. Hún getur í einhverjum tilfellum haft áhrif til hins verra á viðhorf og framkomu. En það fer að sjálfsgöðu eftir efniviðnum hverju sinni. Fyrir nokkrum árum var ég á sjúkrahúsi með öldruðum bónda. Honum þótti lækni sinn hryssingslegur og stór uppá sig. Eitt sinn þegar lækniinn kom, sagði bóndinn við hann: *Betra er að vera af guði ger / greindur bóndastauli / heldur en að vera hvar sem er / hámenntaður auli.* ■



Skammast sín ekki

Það var algjör misskilningur þegar menn héldu að olíufélögin skömmuðust sín. Þau létu bara lítið fyrir sér fara meðan mesta fátíð gekk yfir – héldu svo nokkrum veginum upp-teknum hætti. Það var jafnvel farið að ræða um að þau myndu gefa spítala eða eitthvað slíkt til að sættast við þjóðina. Dream on. Nú eru þau með lögfræðingastóð til að þræta fyrir hvern einasta punkt í skýrslu Samkeppnisstofnunar. Þetta snýst auðvitað bara um peninga – gefa ekki eftir einasta einseyring án þess að berjast fyrir honum. Umræðan um að olíufélögunum hafi verið lofað einhverju vekur svo varla annað en hæðnishlátur. Þau vissu að rannsóknin stóð yfir, hlupu þá til og buðust til að hjálpa gegn því að þau yrðu undanþegin refsingu. Fyrir almúgan í þessu landi virkar dómkerfið að minnsta kosti ekki svoileiðis.

Egill Helgason á visir.is

## Aukum þorskveiðar á Íslandsmiðum

UMRÆÐAN  
ÞORSKVEIÐAR



KRISTINN PÉTURSSON  
FISKVERKANDI

Áætlanabúskapur Alþjóðahafrannsóknaráðsins er bara kommúnismi, vitlaus kenning á misskildum forsendum.

Ráðgjafar Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) og Hafrannsóknar

stofnunar í þorskveiðiráðgjöf virðast vitlaus menntaðir. Menntun þeirra byggir á þeim misskilningi að fæða í hafinu sé óendanlega mikil. Einnig þeim fráleita misskilningi að það sé löglegt að breyta birgðatalningu (stofnmælingu) aftur í tímann með ágiskunum. Þessar tvær misskildu forsendur eru grunnurinn að því að ákvarða náttúrulegan dánarstuðul sem fasta - 0,2 þ.e. 20% af hverjum árgang deyi náttúrulegum dauða árlega þá burtséð frá sjávarskilyrðum, eða fæðuframboði.

Þegar frávik verða svo frá áætlun í veiðiráðgjöf, eins og t.d. 1998-2000, þegar það „týndust“ 757 þúsund tonn af þorski - (sjá ástandsskýrslu Hafró 2003) þá er hurðinni skellt á líklegasta og rökréttasta möguleikann - að þessi týndi þorskur (757 þúsund tonn) hafi drepist, vegna hungurs og ótíma-

bærs kynþroska - sem rekja megi hugsanlega til offriðunar á smáþorski (vitlausri ráðgjöf). Allt að 90% af kynþroska smáþorski 4-6 ára virðist hafa drepist eftir fyrstu hrygningu (árgangurinn 1993) - í stað 20% eins og reikniliðan ráðgjafa gerir ráð fyrir - (skv. tilgátu - án vísindarannsóknna).

Alþjóðlegar grundvallarreglur um birgðatalningar hjá löggiltum endurskoðunarfyrtækjum eru skýrar: Bannað er að breyta áður töldum birgðum aftur í tímann án sannana úr gögnum þess árs þegar talið var. Stofnmæling botnfiska er árleg birgðatalning þeirra sem stranglega er bannað að breyta - hvað þá með ágiskun!

Verði hækkadur dánarstuðull viðurkenndur þessi ár, í stað falskenningarinnar „ofmat“, gerist það óvænta - þorskstofninn stækkar í birgðabókhalði Hafró, hugsan-

lega í 1.200 þúsund tonn. 25% aflaregla leyfir þá aukna veiði - 300 þúsund tonn. Aukna veiði á þorski í dag ber því að skilgreina sem minni áhættu, þar sem fæðuskortur virðist meiri áhætta (sbr. týndan þorsk) en aukinn sjálfdaði og sjálfát þorsks samfara lækandi kynþroska.

Hvorki Hafrannsóknastofnun eða ICES ljá máls á faglegru umræðu um þetta. Þessir aðilar - vitlaus menntaðir - virðast annað hvort heiláþvegnir af þessari vitlausu menntun eða halda að þeir geti þagað þessi mistök í hel! Nú er staðan sú að þorskstofninn héraendis hefur étið upp rækjustofninn, vaxtarhraði er fallandi og loðnan heldur sig meira fjarri þorski en áður. Hvað á þorskurinn að éta? Nú er fæðuskortur hjá þorskinum og af þeim ástæðum enn brýnna en áður að auka þorsk-

veiði. Samfara er sjávarhiti hærra, sem eykur brennslu og þar með fæðubörf þorsks! Margar fleiri staðreyndir eru til staðfestingar því að auka þorskveiði. Í Barentshafi er t.d. ný staðreynd að veitt hefur verið a.m.k. 200% umfram ráðgjöf undanfarin ár og þorskstofninn þar fer stækkandi - sem afleiðing aukinnar veiði! Frjósemi fiskistofna virðist vaxa við auknið veiðialag.

Stalín gekk aldrei svo langt að hann léti gera áætlanabúskapur fyrir neðan yfirborð sjávar. Áætlanabúskapur ICES er bara kommúnismi, vitlaus kenning á misskildum forsendum. 757 þúsund týnd tonn þorsks á þremur árum (1998-2000) eru til vitnis um þetta. Feigðin í ráðgjöf og einokun ICES birtist í ótal myndum. Hvenær ætla svo fjölmiðlar að fjalla um þetta sem alvarlegt málefni? ■

## Forvarnir og áfengisneysla

UMRÆÐAN  
UNGLINGAR OG  
VÍMUEFNI



RAFN M. JÓNSSON

Það voru ánægjulegar niðurstöður sem kynntar voru nýverið um vímuefnaneyslu íslenskra unglinga. Niðurstöðurnar voru afrakstur samstarfsverkefnis 35 landa í Evrópu, þar á meðal Íslands. Verkefnið er það þriðja í röðinni undir yfirskriftinni ESPAD (The European School Project on Alcohol and Other Drugs). Niðurstöðurnar sýna að heldur hefur dregið úr reykingum og áfengisneyslu íslenskra unglinga á aldrinum 15-16 ára og ber að fagna því. Neysla á kannabis virðist standa í stað og eina skuggann sem ber á æsku landsins er að aukning virðist eiga sér stað þegar um notkun sniffeina er að ræða. En í heildina er ástæða til að óska íslenskum unglungum og fjölskyldum þeirra til hamingju með þessar niðurstöður.

Þótt niðurstöðurnar séu góðar og hægt sé að líta á þær sem ákveðinn áfanga er sigur ekki unninn, mikið starf er enn óunnid og ekki má slaka á í forvarnir og fræðslu. Ákveðin umræða um tilslakanir á áfengiskaupaaldri og aðgengi að áfengi á sér stað í samfélaginu. Lögd hefur verið fram tillaga um að lækka áfengiskaupaaldurinn frá 20 í 18 ár og enn fremur er hávær umræða um að leyfa sölu áfengis í matvöruverslunum. Fyrir tillögunum hafa menn svo fært ýmis misgöð rök. Ein þeirra eru að þessi hópur ungmenna drekki hvort sem er, þannig að eins gott sé að leyfa það. Má þá ekki alveg eins leyfa

110 km hraða á þjóðvegum landsins og að fara yfir á rauðu ljósi, við gerum það hvort sem er?

Ef tillaga þessi nær fram að ganga leyfum við rúmlega átta þúsund ungmennum á aldrinum 18-20 ára að kaupa áfengi löglega. Ætla má að nú þegar geti hluti ungmenna á þessum aldri sjálfur keypt áfengi. Ef aldurinn verður lækkaður í 18 ár má gera ráð fyrir að sá hópur hliðrist um 1-2 ár. Þar af leiðandi gætu 15-17 ára unglingar keypt áfengi.

Samkvæmt niðurstöðum í ESPAD-rannsókninni segjast 88% 15-16 ára eiga auðvelt með að verða sér úti um bjór, 80% um vín og 71% um sterkt áfengi. 11% þeirra sem þátt tóku í könnunni höfðu sjálf keypt áfengi 1-2 sinnum á síðustu 30 dögum þegar könnunin var gerð (sjá mynd 1). Að mínu viti yrði lækking á áfengiskaupaaldri stórt skref aftur á bak í þeirri jákvæðu þróun sem virðist eiga sér stað hér á landi hvað varðar neyslu 15-16 ára unglinga og ein leið í andstöðu við heilbrigðisáætlun ríksisráðgjafarinnar.

Ef áfengi verður selt í matvöruverslunum fellur enn eitt verkfærið sem nýtist í forvarnastarfinu. Á norrænni ráðstefnu um rannsóknir á forvarnastarfi, sem haldin var í Stokkhólmi í byrjun desember 2004, komu fram áhugaverðar niðurstöður sem tengjast þessari umræðu. Meðal annars má nefna að þegar leyft var að selja bjór í búðum í Finnlandi 1969 jókst sala og neysla áfengis um 46% á landsvísi. Gerð var tilraun með sjálfafgreiðslu, eins og þekktist í verslunum héraendis, í

nokkrum tilraunasveitarfélögum í Svíþjóð. Sú tilraun leiddi til 17% sölu- og neysluaukningar í viðkomandi sveitarfélögum og alls 9% nettóaukningar á landsvísi. Frá því að Finnar lækkuðu áfengisskatta um 44% árið 2004, til að sporna við verslun yfir landamærin, hefur orðið 40% aukning á sölu áfengis, 100% aukning á einkainnflutningi áfengis og drykkja á sterku áfengi hefur stigið um 15%. Á árinu var einnig gerð könnun á því hvort unglingar, sem ekki höfðu aldur til, gætu keypt áfengi í verslunum í Finnlandi. Um var að ræða matvöruþjóf, bensinstöðvar og sjoppur. Niðurstöðurnar voru eftirfarandi: 46,6% þeirra gátu keypt áfengi, 53,4% ekki. 43,8% stúlka og 49,3% drengja fengu afgreitt áfengi. Af þessu má sjá að ef aðgengi að áfengi verður auðveldað má gera ráð fyrir aukinni neyslu þess. Þá sýndu niðurstöður að hækkun áfengiskaupaaldurs minnkar neyslu áfengis og að lækking aldursins eykur neyslu áfengis. Ítrekað var mikilvægi staðbundinna forvarna og er samvinna sveitarstjórnenda og annarra hagsmunaaðila mikilvæg svo hægt sé að byggja upp og viðhalda góðum forvörnum.

Gerum ekki afdrifarík mistök í þessum málaflökki án þess að skoða hvaða afleiðingar það getur haft í för með sér. Samþykking ekki unglindrykkju með því að auðvelda þeim aðgengi að áfengi, höldum uppi öflugum forvörnum áfram m.a. með því halda því söluformi sem nú er og með þeim aldurstakmörkunum sem nú gilda. Eyðileggjum ekki það starf og þann árangur sem nú virðist vera að skila sér í þeim niðurstöðum sem fyrr er getið.

Höfundur er verkefnastjóri áfengis- og vímuefnaráðsins á Lýðheilsustöð. ■

### Húsbréf

## Innlausn húsbréfa

Frá og með 15. janúar 2005 hefst innlausn á útdregnum húsbréfum í eftirtöldum flokkum:

- 1. flokki 1991 – 52. útdráttur
- 3. flokki 1991 – 49. útdráttur
- 1. flokki 1992 – 48. útdráttur
- 2. flokki 1992 – 47. útdráttur
- 1. flokki 1993 – 43. útdráttur
- 3. flokki 1993 – 41. útdráttur
- 1. flokki 1994 – 40. útdráttur
- 1. flokki 1995 – 37. útdráttur
- 1. flokki 1996 – 34. útdráttur
- 2. flokki 1996 – 34. útdráttur
- 3. flokki 1996 – 34. útdráttur

Innlausnarverðið er að finna í Morgunblaðinu fimmtudaginn 13. janúar.

Innlausn húsbréfa fer fram hjá Íbúðalánasjóði, í bönkum, sparisjóðum og verðbréfafyrirtækjum og liggja þar einnig frammi upplýsingar um útdregin húsbréf.



Íbúðalánasjóður







## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 3.474 +0,26%

Fjöldi viðskipta: 240  
Velta: 3.599 milljónir

## MESTA HÆKKUN

↑ Flugleiðir 2,71%  
Burðarás 1,65%  
Landsbankinn 1,24%

## MESTA LÆKKUN

↓ Og fjarskipti -1,43%  
Atorka -1,21%  
Bakkavör -1,15%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 38,70 -0,77% ... Atorka 5,73 -1,21% ... Bakkavör 25,80 -1,15% ... Burðarás 12,35 +1,65% ... Flugleiðir 11,35 +2,71% ... Íslandsbanki 11,25 +0,90% ... KB banki 470,50 +0,11% ... Kögun 47,00 -0,21% ... Landsbankinn 12,20 +1,24% ... Marel 49,50 -0,40% ... Medcare 6,05 - ... Og fjarskipti 3,45 -1,43% ... Samherji 11,15 +0,45% ... Straumur 9,45 +0,53% ... Össur 79,50 +0,63%

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

## Peningaskápurinn...

### Usual suspects

Bréf breska fjárfestingarbankans Durlacher tóku kipp í bresku kauphöllinni í vikunni. Breska blaðið Independent sagði frá því að orðrómur væri um yfirtöku félagsins. Á breska markaðnum var líklegast talið að þar væru á ferðinni KB banki eða Landsbankinn. Ólíklegt er þó að sá orðrómur sé réttur. Durlacher er lítill banki, jafnvel á íslenskan mælikvarða, metinn á 2,5 milljarða króna. Auk þess var tap af rekstri hans á síðasta starfsári. Íslensku bankarnir hafa fyrst og fremst leitað fjárfingarmálfyrirtækja sem eru þegar í góðum rekstri. Umræðan í Bretlandi bendir til þess að bankarnir séu að komast í svipaða stöðu þegar rætt er um yfirtöku og samruna og Baugur þegar smásölugeirinn er annars vegar. „Það er eins og enginn eigi dætur nema Þórður í Kjarna,” sagði Þórður stoltur þegar síðasta dóttirin gekk út og má heimfæra upp á orðróminn í Bretlandi um íslensk fyrirtæki.

### Markaðurinn ekki markhópur

Mánaðarskýrsla Íbúðalánasjóðs hefur ekki mælt sérstaklega vel fyrir á markaði. Greiningardeild KB banka er ekki skemmt yfir skýrslunni, nema ef vera skyldi að örlaði á þórðargleði. Greiningardeildin vísar til þess að Íbúðalánasjóður sé stærsti og mikilvægasti útgefandi skuldabréfa á markaði og myndi undirstöðu verðtrygga vaxtaferilsins. KB banki birtir síðan tilvitnun í mánaðarskýrslu sjóðsins þar sem skýrsluhöfundur fer mikinn um samfélagslega meðvitund sjóðsins í öllum ákvörðunum. Greiningardeild KB banka segir lítið sem ekkert fjallað um atriði sem skipta miklu máli fyrir verðmyndun bréfanna. „Fróðlegt væri að vita hver ætlaður markhópur skýrslunnar er,” spyr greiningardeildin og gefur í skyn að það sé allavega ekki markaðurinn.



### MARKAÐSFRÉTTIR ...

Gengi íslensku krónunnar veiktist lítillega í gær. **Gengisvísitalan** er nú 113,18 stig.

Gengi hlutabréfa í **Flugleiðum** heldur áfram að hækka. Nú hafa bréf í félaginu hækkað um 15,2 prósent frá áramótum. **Úrvalsvísitalan** hefur hækkað um 3,42 prósent á sama tíma.

**Hampiöjan** tilkynnti í gær að félagið myndi hér eftir ekki gefa út ársreikninga sína í **Íslenskum krónum** heldur **evrum**.

**FTSE vísitalan** í Lundunum lækkaði um 0,73 prósent í gær. **Dax** í Þýskalandi lækkaði um 1,16 prósent og **Nikkei** í Japan lækkaði um 0,75 prósent.

# Vill aukið gagnsæi

Halldór J. Kristjánsson vill aukið gagnsæi í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins en segir að birting niðurstaða í smærri málum þjóni ekki alltaf tilgangi skilvirkni eftirlits.

Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbanka Íslands, segir ekki mikinn áherslumun vera á afstöðu bankastjóra stóru bankanna þriggja varðandi þörf á auknu gagnsæi í starfi Fjármálaeftirlitsins.

Hann segir það ekki vera ósamrýmanleg sjónarmið að gagnsæi í starfi Fjármálaeftirlitsins aukist en að jafnframt geti stofnunin átt óformleg samskipti við markaðsaðila um

smærri mál. Hann segir birtingu umfjöllunar um smávægileg mál ekki alltaf þjóna markmiðum skilvirkis eftirlits.

„Landsbankinn hefur, eins og hinir bankarnir, stutt aukið gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins,” segir Halldór. Hann segir hins vegar að það sé mjög mikilvægt að trúnaður og traust ríki milli eftirlitsaðila og bankanna. Slíkt traust getur gert samskiptaleiðir greiðari.

„Of formleg samskipti þar sem erfitt gæti reynst að fá leiðbeiningar frá eftirlitsaðilum um viðhorf þeirra fyrirfram getur gert túlkun reglna erfiðari og skapað vanda fyrir fyrirtækin. Í tilvikum þar sem slík óformleg samskipti eru möguleg er ekki eins mikil þörf

á því að birta sérhverja niðurstöðu,” segir hann.

Hann segir að reynsla Landsbankans af samskiptum við fjármálaeftirlit í Bretlandi sýni að óformleg og greið tengsl milli eftirlits og banka auki líkur á því að sameiginlegur skilningur ríki um framkvæmd laga og reglna.

Halldór segir öðru máli gegna um mál þar sem Fjármálaeftirlitið rannsaki brot á reglum til dæmis varðandi verðbréfavíðskipti. „Enginn deilir um að fullt gagnsæi eigi að ríkja þegar kemur að endanlegum ákvörðunum um mál sem kunna að hafa áhrif á afstöðu til félaga á markaði eða verðmyndunar,” segir hann.

thkjart@frettabladid.is



**HALLDÓR J. KRISTJÁNSSON** Bankastjóri Landsbankans segir reynslu frá Bretlandi benda til þess að gott traust milli banka og eftirlitsaðila geti skilað góðum árangri við eftirlit.

# ÖFLUG OG LEIÐANDI

Lex – Nestor ehf. er ein stærsta lögmannsstofa landsins; leiðandi á sínu sviði og með öflugt starfsfólk innan sinna vébanda. Lögmennt stofunnar sérhæfa sig í þjónustu við fyrirtæki, opinberar stofnanir, sveitarfélög, banka og einstaklinga hér á landi. Meðal viðskiptavina er einnig fjöldi erlendra banka og fyrirtækja.



LÖGMANNSTOFURNAR LEX OG NESTOR HAFNA SAMEINAST UNDIR HEITINU LEX – NESTOR EHF.

ADILAR AÐ LEX – NESTOR EHF. ERU:  
BIRGIR MÁR RAGNARSSON HDL., EIRÍKUR ELÍÞ ÞORLÁKSSON HDL.,  
ERLA S. ÁRNADÓTTIR HRL., HALLDÓR JÓNSSON HRL., HEIÐRÚN JÓNSDÓTTIR HDL.,  
HEIMIR ÖRN HERBERTSSON HDL., HELGI JÓHANNESSON HRL., JÓNAS A. AÐALSTEINSSON HRL.,  
KARL AXELSSON HRL., KRISTÍN EDWALD HDL., LIJJA JÓNASDÓTTIR HRL., ÓLAFUR HARALDSSON HRL.,  
RAGNHEIÐUR M. ÓLAFSDÓTTIR HDL. OG ÞÓRÚNN GUÐMUNDSDÓTTIR HRL.



LEX – NESTOR EHF  
LÖGMANNSTOFA  
SUNDAGÖRÐUM 2  
104 REYKJAVÍK  
LEX@LEX.IS  
WWW.LEX.IS



# Óvæntur halli fellir dollarann

Líkur eru á því að dollarinn haldi áfram að veikjast eftir að kom í ljós að viðskiptahalli Bandaríkjanna var mun meiri en búist hafði verið við.

Viðskiptahalli Bandaríkjanna sló met í nóvember og var 60,3 milljarðar dollara eða 3.800 milljarðar króna. Tíðindin komu á óvart, en búist var við því að hallinn myndi minnka frá fyrra mánuði og verða 54 milljarðar dollara.

Fréttirnar felldu gengi dollarans, en mörgum kom á óvart að útflutningur Bandaríkjanna minnkaði milli mánaða, þrátt fyrir veikingu dollarans og aukna samkeppnishæfni bandarískra

útflutningsfyrirtækja. Útflutningur Bandaríkjanna dróst saman um 2,3 prósent.

Innflutningur jókst á móti um 1,3 prósent og olíuinnflutningur og innflutningur almennra neysluvara helsta ástæða aukins innflutnings. Búist hafði verið við því að lækkandi olíuverð myndi draga úr viðskiptahallanum.

Viðbrögð við fréttunum eru mismunandi. Stjórnvöld í Bandaríkjum leggja áherslu á að vöxtur efnahagslífsins sé meiri en í helstu viðskiptalöndum og muni það vinna á móti hallanum til lengdar. Fjármálaráðherra Bandaríkjanna, John Snow, segir hallann bera vott um sterkt efna-

hagslíf og vaxandi eftirspurn í hagkerfinu. Hann boðar óbreyttar áherslur í stjórn efnahagsmála og sagði Evrópu og Japan þurfa að örva efnahagslífið heima fyrir.

Hagfræðingar hafa efasemdir um að Bandaríkjamennti geti til langframa fjármagnað svo mikinn halla með meiri hagvexti en í helstu viðskiptalöndum. Flest benti því til þess að dollarinn muni veikjast enn frekar að óbreyttu. Markaðurinn virðist á sama máli og tekur ekki undir með ráðamönnum í Washington. Gengi dollarans féll um 0,78 prósent á fimm mínútum eftir að tölur um viðskiptajöfnuð Bandaríkjanna birtust.

Viðskiptahalli Bandaríkjanna



MYND AP  
**HVERT STEFNIR DOLLARINN** Stjórnvöld í Bandaríkjum og sérfræðingar á markaði eru ósammála um stöðu dollarans. Stjórnvöld veðja á að hagvöxtur muni vinna upp á móti viðskiptahallanum, en hagfræðingar telja líkur á því að dollarinn muni veikjast enn frekar vegna viðskiptahallans.

fyrstu ellefu mánuði ársins er kominn yfir 35 þúsund milljarða króna og er þegar orðinn mun

meiri en metárið 2003 þegar hann var 31 þúsund milljarðar króna.

hafliði@frettabladi.is



**LEIGJA TIL LITHÁEN** Flugleiðir hafa ásamt Gunnari Björgvinssyni og fleiri fjárfestum stofnað flugvéla-leigu sem keypt hefur þrjár vélar og leigt til Litháen.

## Ný flugvéla-leiga Flugleiða

Flugleiðir hafa haslað sér völl á nýju sviði flugvéla-leigu með stofnun fyrirtækis í samvinnu við Gunnar Björgvinsson og fleiri í Lichtenstein. Fyrirtækið hefur keypt þrjár notaðar Boeing 737-500 flugvélar af írsku flugfélaginu Aer Lingus og leigir þær til litháiska flugfélagsins Air Baltic Latwia sem er í eigu SAS og litháiska ríkisins, til fimm ára. Flugvéla-leiga voru fjármögguð af Íslandsbanka. Flugleiðir eiga 49 prósent hlutfjár.

Sigurður Helgason, forstjóri Flugleiða segir að á undanförunum árum hafi Flugleiðir byggt upp umtalsverða þekkingu á flugvéla-leigum og félagið hafi talið mikilvægt að nýta þessa þekkingu til að byggja upp nýja starfsemi innan Flugleiðasamstæðunnar. „Félagið hefur öðlast nauðsynlega reynslu og þekkingu við kaup, fjármögnun og endurfjármögnun á annan tug flugvéla sem það hefur notað í rekstri dótturfélaga sinna.“ Sigurður segir arðsemi verkefnisins mjög viðunandi.

- hh

## Hive eykur þjónustuna

Netþjónusta Hive býður áskrifendum sínum upp á að horfa á sjónvarpsstöðina PoppTívi í gegnum netið í mun betri gæðum heldur en áður hefur þekkt í netútsendingu.

Hive býður upp á margfaldan gagnaflutningshraða á við aðrar netveitur auk þess sem notendur þurfa ekki að greiða aukalega fyrir niðurhal gagna frá útlöndum.

Fyrirtækið hyggst bjóða viðskiptavinum sínum mun fleiri sjónvarpsstöðvar auk kvikmynda.

- þk



### Landssöfnun vegna hamfaranna í Asíu

Landsmönnum gefst kostur á að hringja í söfnunarsíma alla þessa viku og sjálfboðaliðar taka jafnframt við framlögum í Smáralind, í Kringlunni og á Glerártorgi. Söfnunin nær hámarki með beinni sjónvarpsútsendingu **Sjónvarpsins, Stöðvar 2** og **Skjás eins** sem hefst á laugardagskvöldið kl. 19.40. Verndari söfnunarinnar er **Vigdís Finnbogadóttir**, fyrrverandi forseti Íslands.

Hægt er að leggja beint inn á reikning söfnunarinnar sem **Landsbankinn** gætir. Kennitala Landssöfnunarinnar er **470105-3990**, bankanúmerið er **0101**, höfuðbók **26** og reikningsnúmer er **755500**. Notendur Einkabanka geta lagt beint inn á söfnunarreikninginn. Til að millifæra þarf fyrst að skrá sig inn í Einkabankann. Nánari upplýsingar um söfnunina er að finna á **visir.is** og á **mbl.is**.

Viljir þú nota söfnunarsímann getur þú látið 1.000, 3.000 eða 5.000 kr. af hendi rakna. Upphæðin bætist við símréikninginn þinn. Þú velur þér upphæð og hringir í viðeigandi númer:

**901-1000**  
1.000 kr.

**901-3000**  
3.000 kr.

**901-5000**  
5.000 kr.



### Neyðarhjálp úr norðri

Landssöfnun vegna hamfaranna í Asíu

Samtökin sem að þessari söfnun koma eru hver um sig aðilar að alþjóða hjálparneti sinna samtaka. Hjá þeim starfar fólk með mikla reynslu og faglega þekkingu á þeim vandamálum sem taka þarf á við svona hörmulegar aðstæður. Samtökin einbeita sér öll að því að hjálpa þeim sem verst eru settir. Þá skipta trúarbrögð ekki máli, stjórnmál, kyn eða hvað annað sem aðgreinir fólk. Þetta eru mannúðarsamtök með skýr markmið, siða- og starfsreglur, sem skila árangri.





JAMES JOYCE (1882-1941)  
dó þennan dag.



“Engin trúvillla né heimspeki vekur  
kirkjunni jafn mikinn viðbjóð og  
maðurinn sjálfur.”

Hann vakti ekki beinlínis fögnuð kirkjunnar manna.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## PETTA GERÐIST

### Sovétríkin hunsa öryggisráðið

Þennan dag 1950 rauk fastafulltrúi Sovétríkjanna í öryggisráði SP, Jakob Malik, á dyr í annað sinn á einni viku. Þetta voru viðbrögð við niðurstöðu atkvæðagreiðslu um brottvísun ríkis þjóðernissinna sem eftir valdatöku kommúnista var takmarkað við Taívan eða Formósu. Nokkrum dögum fyrr hafði Malik gengið á dyr eftir að tillaga um aðild Kinverska alþýðulýðveldisins að Sameinuðu þjóðunum var felld. Um leið og Malik gekk á dyr í seinna skiptið tilkynnti hann að Sovétríkin mundu hunsa fundi öryggisráðsins. Aðrir fulltrúar í ráðinu ákváðu að halda áfram

starfsemi þess, þrátt fyrir brott-hvarf Sovétríkjanna. Þessi afstaða Rússa átti eftir að koma þeim í koll. 27. júní 1950, eftir að Norður-Kórea réðst inn í Suður-Kóreu fluttu Bandaríkin tillögu um viðbrögð af hálfu Sameinuðu þjóðanna. Sovétmenn voru fjarverandi og gátu því ekki beitt neitunarvaldi sínu gegn tillögunni. Því var herliðið sem brást til varnar og Bandaríkin veittu forystu, undir fána Sameinuðu þjóðanna. Þetta sveið Sovétmönnum æ síðan. Samkvæmt stofnskrá Sameinuðu þjóðanna höfðu stórveldin neitunarvald í öryggisráðinu. Þau voru – og eru – auk Sovétríki-



Jakob Malik greiðir atkvæði á fundi í öryggisráði SP.

anna, Bandaríkin, Bretland, Frakkland og Kína. Þetta fyrirkomulag hefur sætt vaxandi gagnrýni á seinni árum en á sér líka einarða stuðningsmenn.

## MERKISATBURÐIR

- 1898 Grein Zola, J'accuse, birtist í frönsku blaði.
- 1942 Fulltrúar níu þjóða sem hersetnar voru af Þjóðverjum samþykkja að þeir verði lögsóttir fyrir stríðsglæpi að styrjöld lokinni.
- 1949 Fyrsta íslenska talmyndin í litum og fullri lengd, „Milli fjalls og fjöru“ eftir Loft Guðmundsson, frumsýnd.
- 1964 Karol Wojtyła verður biskup í Kraká. Hann varð seinna Jóhannes Páll páfi.
- 1968 Tet-sóknin hefst í Víetnam.
- 1975 Guðmundur Sigurjónsson verður stórmeistari í skák, 27 ára gamall. Hann var annar Íslendinga til þess að ná þessum titli. Fyrstur var Friðrik Ólafsson.
- 1976 Jarðskjálfti upp á 6,2 stig á Richter veldur skemmdum á Kópaskeri.



Útför frænda okkar

**Gunnars Páls Björnssonar**  
frá Grjótnesi,

fer fram frá Snartastaðakirkju  
laugardaginn 15. janúar kl. 14.

Aðstandendur.



Elskuleg eiginkona mín, móðir mín, dóttir, systir  
og mágkona,

**Krístrún Sigurvinsdóttir Georges**

Mentor, Ohio, USA, (Vesturbraut 11, Keflavík),

lést á Háskólasjúkrahúsi Fossvogi 9. janúar. Jarðarförin fer fram  
frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 14. janúar kl. 11.00.

Leo Georges, Christopher Georges, Jóhanna Karlsdóttir, systkini  
og makar.



Ástker móðir okkar, amma og langamma

**Maj-Britt Stefánsson**

fædd Bülow,

Lindargötu 66, 101 Reykjavík, áður Akureyri,  
lést á Landspítala-háskólasjúkrahúsi, þriðjudaginn 11. janúar.  
Jarðarför hennar fer fram í kyrrþey.

Percy B. Stefánsson, Stefán B. Sigtryggsson, Arnar, Alex, Sigtryggur,  
Stefanía, Maj-Britt, Aníta og Ilmur.



Elskulegur eigenmaður minn, stjúpfaðir, bróðir  
og mágur,

**Jóhann Ásmundsson**

safnstjóri Minjasafns Egils Ólafssonar,  
Hnjóti, Örlygshöfn,

sem andaðist á Líknardeild LSH í Kópavogi föstudaginn 31. desember  
síðastliðinn, verður jarðsönginn frá Grafarvogskirkju föstudaginn 14.  
janúar kl. 15. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð, en þeim sem  
vilja minnast hans er bent á safnreikning Minjasafns Egils Ólafssonar,  
Hnjóti, í Sparisjóði Vestfirðinga nr. 1118 05 402255, kt. 560184-0269.

Magnea Einarsdóttir

Árni Klemensson,  
Einar Dagfinnur Klemensson, Hildur Sonja Guðmundsdóttir  
Jenný Ásmundsdóttir, Guðmundur Benediktsson  
Hildur Hanna Ásmundsdóttir, Gylfi Jónsson  
Benedikt Grétar Ásmundsson, Kristín Jóhannesdóttir.



Henry Ford við plastbílinn sem hann fékk einkaleyfi á 1942.



Trabant 601 er eflaust þekktasti plastbílinn í Evrópu.

## Plast-Fordinn og sporgenglar hans

Þennan dag árið 1942 fékk Henry Ford einkaleyfi á bíl úr plasti. Plastið var tiltölulega nýtt efni á þessum árum en olli byltingu á mörgum sviðum samfélagsins. Plast er reyndar ekkert eitt efni, heldur fremur flokkur óskyldra efna sem flest eru unnin úr jarðolíu, þótt plastið í Fordinum væri gert úr sojólíu. Reyndar hafa þessi efni gengið undir þversagnakenndu nafni á íslensku: gerviefni. Ekki kom til framleiðslu á plastbíl Fords. Þótt yfirbygging hans væri úr plasti var hann aðeins 30% léttari en bræður hans sem gerðir voru úr stáli. Í hann var

notað mikið magn af málm og því var hann kannski ekkert sérstaklega hentugur til framleiðslu á stríðstímum. Seinna komu á markað bílar með yfirbyggingu úr plasti, af ýmsum tegundum, austan hafs og vestan. Chevrolet Corvette er sennilega frægasti ameríski plastbílinn, fyrst framleiddur 1953. Í Evrópu er þekktasti plastbílinn eflaust Trabant 601. Ingvar Helgason flutti hann til Íslands, fyrst árið 1963 og seldi hann hér alla tíð síðan, meðan hann var framleiddur í Austur-Þýskalandi. Trabant átti forföður, P-70, sem var fluttur hingað til

lands á sjötta áratugnum. P-70 entist ekki sérstaklega vel en Trabant var furðu seigur og enn eru gangfær eintök til. (Heimildir m.a. sóttar í bók Sigurðar Hreiðars, „Saga bílsins á Íslandi 1904 – 2004“.) ■

## AFMÆLI

- Margrét Nikulásdóttir**, frá Ási í Kelduhverfi, varð áttæð á þriðjudaginn, 11. janúar. Af því tilefni býður hún til kaffisamsætis í Laugaborg á laugardaginn kemur klukkan 14.00.
- Halldór J. Kristjánsson**, bankastjóri Landsbankans, er fimmtugur í dag.
- Ingimundur Sigfússon** sendiherra er 67 ára í dag.
- Sigrún Eðvaldsdóttir** fiðluleikari er 38 ára.

## ANDLÁT

- Dórothea Fr. Ólafsdóttir**, áður í Lönguhlíð 3, Reykjavík, lést mánudaginn 10. janúar.
- Karl Hannes Unnarsson** lést sunnudaginn 9. janúar.
- Magnús Eiríksson** vörubílstjóri lést sunnudaginn 2. janúar. Útförin hefur faríð fram í kyrrþey.

## JARÐARFARIR

- 13.00 **Óli Jóhannes Ragnarsson** frá Skálum, Langanesi, Gyðufelli 12, Reykjavík, verður jarðsönginn frá Bústaðakirkju.
- 13.30 **Víðis Jónsdóttir**, áður Dalsgerði 3b, Akureyri, verður jarðsöngin frá Akureyrarkirkju.
- 14.00 **Íris Birta Eyjólfsdóttir**, Þverholti 14, Keflavík, verður jarðsöngin frá Keflavíkurkirkju.




*Við þökkum innilega þeim fjölmörgu sem hafa sýnt okkur samúð og hlýbug vegna fráfalls ástkærar eiginnmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Ólafur Stefánssonar**  
lögfræðings, Engihjalla 1, Kópavogi,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 30. desember sl. Sérstakar þakkir færur við starfsfólki líknardeildar Landspítalans í Kópavogi og krabbameinsdeildar Landspítalans við Hringbraut.

Soffía M. Sigurjónsdóttir, Bragi Ólafsson, Sigrún Pálsdóttir, Helga Ólafsdóttir, Helgi Björn Kristinsson, Sigurjón Ólafsson, Arna Kristjánsdóttir og barnabörn.




*Elsku litli drengurinn okkar,*

**Karl Hannes Unnarson**  
lést á heimili sínu sunnudaginn 9. janúar,

Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 7. janúar kl. 13.

Unnur Karen Karlsdóttir, fjölskyldan Langagerði 9 og aðrir aðstandendur.

*Legsteinar*



Rein ehf. Steiniðnaður  
Lækjarmel 2, Síðumúla 17  
566-7878 WWW.rein.is



SONY

# Skýrari mynd en þú átt að venjast!



#### Digital Comb Filter

tryggir að þú sérð öll smáatriðin í myndinni skýrar. Sjáðu muninn.



#### Borð í kaupbæti

sem er hannað undir sjónvarpstækið að andvirði 24.950.



#### Mynd í mynd

Þú horfir á tvær stöðvar í einu, og missir ekki af neinu.



#### 12 mánaða greiðslur

Ekki spá í vextina því þú veist hvað þú borgar mikið á mánuði.

#### KV-32CS76

- 100 Hz Digital Plus
- 3 Scart tengi
- Stafræn myndleiðrétting (DNR)
- Virtual Dolby Surround BBE
- Forritanleg fjarstýring fylgir

Verð 131.940 krónur  
eða 10.995 krónur á mánuði\*



\*Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpigjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

You make it a Sony

Sony Center Kringlunni

www.sonycenter.is Sími 588 7669



## Við hrósum...

...Íslenska íshokkiliðinu skipað leikmönnum 20 ára og yngri fyrir frækna byrjun á æfingamóti í hitanum í Mexíkó. Liðið hefur tekið Búlgara og Tyrki í bakarið og verið sómi, sverð og skjöldur íslensks íshokkis á erlendra grundu.

## Við bjóðum...

...Valtý Björn Valtýsson, íþróttafrettamanninn góðkunnna, velkominn í sjónvarpið eftir nokkurt hlé. Valtýr, sem hefur verið með vinsælan útarvörp á Skonrokk undanfarið, stígur á stökk í kvöld á Sýn ásamt meðreiðarsveinum sínum, Hans Steinari Bjarnasyni og Böðvari Bergssyni, með þáttinn „Þú ert í beinni!“. Gangi ykkur vel!



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

10 11 12 13 14 15 16

### Fimmtudagur

#### LEIKIR

- 19.15 Skallagrímur og KR eigast við í Borgarnesi í Inter-sport-deildinni í körfuknattleik.
- 19.15 Fjölnir og KFÍ eigast við í Grafarvogi í Inter-sport-deildinni í körfuknattleik.
- 19.15 Hamar/Selfoss og Grindavík eigast við á Selfossi í Inter-sport-deildinni í körfuknattleik.
- 19.15 Njarðvík og ÍR eigast við í Njarðvík í Inter-sport-deildinni í körfuknattleik.
- 19.15 Tindastóll og Haukar eigast við á Sauðárkróki í Inter-sport-deildinni í körfuknattleik.
- 19.15 Stjarnan og Gróttu KR eigast við í Ásgarði í DHL-deild kvenna í handknattleik.

#### SJÓNVARP

- 20.15 Þú ert í beinni! á Sýn. Beinskýttur umræðuþáttur með Valtý Birni.
- 21.00 NFL-tilprif á Sýn. Svipmyndir úr leikjum helgarinnar í ameríska fótboltanum.
- 22.00 Olísíport á Sýn.

# Fylkir hafnaði tilboði Norrköping í Helga Val

Vilja fá meira fyrir þennan snjalla miðjumann sem á þó aðeins eitt ár eftir af samningi sínum við félagið.

**FÓTBOLTI** Fylkismenn hafa hafnað tilboði sænska 1. deildarliðsins Norrköping í miðjumanninn Helga Val Danielsson. Ásgeir Ásgeirsson, formaður meistara-flokksráðs Fylkis, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að tilboð sænska liðsins hefði verið langt undir því sem Fylkismenn vildu fá fyrir Helga Val og því hefði verið ákveðið að hafna því. Ásgeir sagði jafnframt að Fylkismenn hefðu ekki sent gagntilboð heldur hefðu forráðamenn Norrköping verið beðnir um að endurskoða tilboðið.

Helgi Valur á eitt ár eftir af samningi sínum og sagði Ásgeir að Fylkismenn vildu gjarnan halda honum. „Við vorum komnir að því að ræða nýjan samning en það er með Helga Val eins og margra aðra metnaðarfulla stráka að hann vill spila erlendis. Við vissum að við myndum ekki halda honum lengi þegar við keyptum hann frá Peterborough á sínum tíma en við viljum fá meira fyrir hann heldur en sænska liðið bauð,“ sagði Ásgeir. Michael Andersson, yfirmaður knattspyrnumála hjá Norrköping,



HELGI VALUR DANIELSSON Sænska liðið Norrköping vill kaupa hann en Fylkismenn höfnuðu tilboði þeirra í gær.

sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að félagið væri ekki búit að gera það upp við sig hvort get yrði nýtt tilboð í Helga Val. „Hann er góður leikmaður og við vitum hvað hann getur en við erum að

skoða fleiri leikmenn. Það er fullt af leikmönnum með lausa samninga og það hentar okkar betur en að þurfa að borga fyrir leikmenn eins og í tilfelli Helga,“ sagði Andersson. [oskar@frettabladid.is](mailto:oskar@frettabladid.is)

## Lið New Jersey Nets í NBA-deildinni varð fyrir áfalli: Jefferson frá út tímabilið

**KÖRFUBOLTI** Lið New Jersey Nets í NBA-körfuboltanum varð fyrir áfalli í leik gegn núverandi meistara, Detroit Pistons, þegar Richard Jefferson, stígahesti maður liðsins, meiddist á úlnlið. Chauncey Billups, leikmaður Pistons, braut á Jefferson í gegnumbroti og rannsókn leiddi í ljós að liðband hafði rifnað.

Jefferson mun ekki verða leikfær á ný fyrir en í maí og gæti því leiktíðin verið fyrir bí fyrir kappann ef Nets nælir sér ekki í sæti í úrslitum.

„Við ætlum að vinna án Richards, við verðum bara að

læra hvernig við förum að því,“ sagði Lawrence Frank, þjálfari Nets. „Þetta er áskorun fyrir okkur og nýtt tækifæri fyrir okkur sem lið.“

Jason Kidd, leikstjórnandi Nets, tók í sama streng og sagði að allir leikmenn liðsins þyrftu að leggja á eitt. „Eins mikið og við þurfum á Jefferson að halda á vellanum þurfa allir að taka sig saman og leggja sig fram,“ sagði Kidd.

New Jersey Nets er í þriðja neðsta sæti Austurdeildarinnar og hefur aðeins unnið 12 leiki af 34. ■



RICHARD JEFFERSON, LEIKMAÐUR NEW JERSEY NETS Meiddist illa á úlnlið og verður frá keppni fram í maí.

Keflvíkingar mæta svissneska liðinu Fribourg í Borgarkeppni Evrópu í kvöld:

## Allir innstilltir á þetta verkefni

**KÖRFUBOLTI** Keflvíkingar mæta svissneska liðinu Benetton Fribourg Olympic á útivelli í bikarkeppni Evrópu í körfuknattleik í kvöld. Leikið er heima og heiman og fer seinni leikurinn fram í Keflavík eftir viku. Ná bæði lið sér í sigur fer fram oddaleikur og er Keflavík með heimaleikjartíttinn.

Liðin tvö áttu svipuðu gengi að fagna í riðlaleikjum keppinnar og sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur, hafa miklar mætur á liðinu. „Þetta eru allt algjörir búðingar,“ sagði Sigurður og hló. „Nei, nei. Þetta var nú bara grín. Fribourg byrjaði frekar illa í sinni deild enda hefur Evrópukeppnin tekið töluverðan toll af liðinu eins og hjá svo mörgum öðrum,“ sagði Sigurður. „Liðið er ekki með stóra leikmenn eða miklar stjörnur og byggir mikið á liðshéildinni. Það eru þrír bandarískir leikmenn innan liðsins sem þarf að huga að sem og fáeinir Króatar sem verða erfiðir við að eiga. Þetta ætti að vera mjög áhuga-verður leikur,“ sagði Sigurður.



MAGNÚS ÞÓR GUNNARSSON LEIKMAÐUR KEFLAVÍKUR Magnús, eða „Maggi Gunn“, hefur leikið vel fyrir Keflavík í bikarkeppni Evrópu.

Leikmenn Keflavíkur eru allir án meiddla þó svo að álagið síðustu mánuði hafi verið umtalsvert. Sigurður fullyrti að markmið liðsins væri skýrt fyrir leikinn gegn Fribourg. „Við ætlum að ná fram hag-

stæðum úrslitum í kvöld til að standa vel að vígi heima. Það eru allir innstilltir á þetta verkefni,“ sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkurliðsins. ■

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### 1. deild kvenna í körfu

**NJARÐVÍK-GRINDAVÍK 80-65**  
Stíg Njarðvíkur: Jaime Woodstra 28 (12 frá.), Vera Janjic 19 (6 stoðs.), Ingibjörg Vilbergsdóttir 10, Helga Jónsdóttir 9 (17 frá.), Sigurlaug Guðmundsson 8, Petrunella Skúladóttir 5, aðrar færri.  
Stíg Grindavíkur: Myriah Spence 24, Svandís Sigurðarsdóttir 14 (16 frá.), Erna Magnúsdóttir 10, Sólveig Gunnlaugsdóttir 7, aðrar færri.

### Enski deildarbikarinn

**CHELSEA-MAN. UTD 0-0**

### Ítalski bikarinn

**PARMA-FIORENTINA 0-3**  
0-1 Fantini (54.), 0-2 Maresca (69.), 0-3 Maggio (79.).  
**BOLOGNA-INTERNAZIONALE 1-3**  
1-0 Binotto (45.), 1-1 Martins (55.), 1-2 Martins (82.), 1-3 Martins (87.).  
**AC MILAN-PALERMO 1-0**  
1-0 Brocchi (19).  
**SAMPDORIA-TORINO 1-2**  
0-1 Franco (49.), 1-1 Kutuzov (59.), 1-2 Franco (82.).

### Spænski Konungsbikarinn

**ELCHE-NUMANCIA 1-0**  
1-0 Ruben (48).  
**MIRANDES-REAL BETIS 1-3**  
1-0 Rodri (46.), 1-1 Edu (70.), 1-2 Oliveira (72.), 1-3 Israel (93).  
**OSASUNA-GETAFE 2-0**  
1-0 Munoz (71.), 2-0 Moha (83).  
**RECREATIVO-SEVILLA 0-2**  
0-1 Baptista, víti (70.), 0-2 Baptista, víti (77.).

### Franska 1. deildin

**CAEN-PSG 0-0**  
**BASTIA-NANTES 0-0**  
**ISTRES-MÓNAKÓ 0-1**  
0-1 Camara (16).  
**METZ-AJACCIO 1-0**  
1-0 Proment (87).  
**NICE-BORDEAUX 3-3**  
1-0 Taore (33.), 2-0 Vahirua (45.), 2-1 Cid (45.), 2-2 Francia (56.), 2-3 Chamakh (64.), 3-3 Vahirua v. (93).  
**RENNES-AUXERRE 1-0**  
1-0 Frei (61).  
**SOCHAUX-LYON 0-2**  
0-1 Bergougnoux (6.), 0-2 Diarra (42).  
**ST. ETIENNE-LENS 0-0**  
xxx  
**TOULOUSE-STRASBOURG 2-0**  
1-0 Psaume (20.), 2-0 Eduardo (93).  
**LILLE-MARSEILLE 1-2**  
0-1 Marlet (2.), 0-2 Nasri (21.), 1-2 Bruneil, víti (53.).



U20-landsliðið í íshokki:

## Auðveldir sigrar í Mexíkó

**ÍSHOKKI** Íslenska ungmennalandsliðið í íshokki er að gera góða hluti á móti sem fram fer í Mexíkó þessa dagana. Liðið hefur unnið fyrstu tvo leiki sína, gegn Búlgörum og Tyrkjum, með afgerandi hætti og lofar byrjunin góðu um framhaldið. Fyrsti leikur liðsins var gegn Tyrkjum og vannst hann 7-2 og Búlgarir reyndist strákunum engin fyrirstaða og endaði leikurinn gegn þeim 8-1.

Næstu leikir verða þó að líkindum talsvert erfiðari enda eiga Íslendingarnir eftir að mæta liðum Mexíkó, S-Afríku og Nýja-Sjálans sem öll eru talsvert sterkari á svellinu. Leiki íslensku strákarnir þá leiki af sömu lífs-gleði og þessa tvo byrjunarleiki þarf þó fátt að óttast. ■

Er mikið álag í vinnunni?

**LGG+**  
er fyrirbyggjandi vörn!



Oft koma fyrstu einkenni streitu fram sem stöðug þreyta og óþægindi í maganum og ónæmiskerfið starfar af minni krafti en áður. Rannsóknir sýna að LGG+ vinnur gegn þessum neikvæðu áhrifum og dagleg neysla þess tryggir fulla virkni.

[www.ms.is](http://www.ms.is)



ÚR ÍPRÓTTAHEIMINUM

Real Madrid í spænska boltanum mun ganga frá samningi við **Thomas Gravesen** hjá Everton, samkvæmt nýjustu fregnum frá Spáni. Kaupverðið er tvær milljónir punda eða um 236 milljónir íslenskra króna. Talsmaður Everton sagðist hins vegar ekki vita til þess að liðin hefðu rætt saman um hugsanlega sölu. **David Moyes**, framkvæmdastjóri Everton, sagði að Gravesen væri ekki á förum frá félaginu. „Við spjöllum reglulega saman og vitum hvar við stöndum. Við viljum ekki missa hann og ég held að komi ekki til þess,“ sagði Moyes.



Daninn **Henrik Pedersen** hjá Bolton var settur á lista yfir leikmenn sem verður skipt út, aðeins 5 vikum eftir að samningur hans við félagið var framlengdur. Pedersen, sem hefur skorað 9 mörk hjá Bolton, var vonsvikinn með ákvörðun félagsins. „Það er sérstaklega svekkjandi að heyra að liðið vilji selja mig eftir svona gott tímabil,“ sagði Pedersen. „Ég mun halda áfram að skora til að sýna það í verki að ég vilji vera áfram hér.“ Sjö aðrir leikmenn eru á listanum og samkvæmt **Phil Brown**, aðstoðarframkvæmdastjóra Bolton, má búast við miklum breytingum áður en lokað verður fyrir leikmannaskipti.

Það er ekki tekið út með sældinni að vera kylfusveinn hjá einum besta golfara heimsins. Þetta fullyrðir **Dave Renwick** sem hefur starfað sem kylfusveinn hjá Fíji-búanum **Vijay Singh**, sem er í efsta sæti heimslistans um þessar mundir. Renwick, sem er skoskur, er sagður hafa fengið 1 milljón dollara í laun á síðasta ári eða rúmlega 63 milljónir íslenskra króna. „Við erum ennþá ágætis vinir en þetta var enginn dans á rósum, þrátt fyrir að launin væru góð,“ sagði Renwick. „Eftir að metnaður Vijay jókst varð hann mjög harður húsbóndi. Þegar ég vaknaði á morgnana var ég mjög langt frá því að vera fullur tilhlökkunar að fara í vinnuna.“



Tveir keppendur í Dakar-mótór-hjólalakkstrinum í Afríku létu lífið á fyrstu tveimur dögum keppinnar. Spánverjinn **Jose Manuel Perez** lést af völdum áverka þegar hann lenti í árekstri. Ítalinn **Fabrizio Meoni** hneig niður af hjóli sínu og í ljós kom að hann hafði fengið hjartaáfall. Keppnin hefur farið fram árlega síðan 1979 og hafa rúmlega 30 manns látið lífið til þessa.

Ökumaðurinn **Juan Pablo Montoya** í Formúlu 1 kappakstrinum, hefur lofað félagi sínum hjá McLaren, **Kimi Raikkonen**, að hann muni veita honum harða keppni í vetur. „Það var mjög erfitt að eiga við Kimi þegar við vorum hvor í sínu liðinu. Núna erum við á sama báti en munum samt heyja harða baráttu hvor við annan,“ sagði Montoya. „Þegar ég var í sama liði og **Ralf Schumacher** þá héldu allir að hann væri aðalmaður liðsins. Hann fékk himinháar fjárhæðir og eftir það var ég miklu betri en hann,“ sagði hinn kólumbíski Montoya, kokhraustur að vanda.



Í ár heldur íslenska kraftlyftingasambandið upp á 20 ára afmælið sitt sem og keppnina Sterkasti maður Íslands. Að því tilefni hefur **Auðunn Jónsson** heitið því að taka 300 kíló á Íslandsmóttinu í bekkpressu sem fram fer 29. janúar í Valsheimilinu. Þá hefur sjónvarpsstöðin Sýn hafið sýningar á keppninni Sterkasti maður heims. Einnig má geta þess að kraftlyftingasambandið vinnur nú að heimildarmynd um **Jón Pál Sigmarsson** heitin en stefnt er að frumsýningu í lok þessa árs.

Spáð í spilin fyrir 13. umferð Intersportdeildarinnar

**KÖRFUBOLTI** Fimm leikir fara fram í kvöld í 13. umferð Intersportdeildarinnar í körfuknattleik. Skallagrímur mætir KR, Fjölnir tekur á móti KFÍ, Grindvíkingar sækja Hamar/Selfoss heim, Njarðvík etur kappi við ÍR og Tindastóll og Haukar eigast við á Sauðárkróki. Deildin hefur verið með fjörugra móti í vetur og er aðeins eitt lið af tólf sem virðist ekki eiga möguleika á sæti í úrslitakeppninni. KFÍ hefur átt í miklu basli í vetur og ekki enn náð að hala inn stigum enn sem komið er. Fjölnir er hins vegar búð að skipa sér í hóp bestu liða deildarinnar og fer auðveldlega með sigur af

hólmi gegn Ísfirðingum í Grafarvogi í kvöld. Viðureign Skallagríms og KR verður með jafnara móti en ekki er ólíklegt að Vesturbæjarliðið fari heim með sigur í farteskinu. Bæði lið eru með nýjan erlenda leikmann í sínum herbúðum og einhver verður aðlögunartíminn þangað til að þeir falla betur inn í lið sín. Gengi Grindavíkurliðsins hefur verið upp og ofan og það varð fyrir enn einu áfallinu í síðustu viku þegar Guðlaugur Eyjólfsson ákvað að hætta að leika með liðinu vegna óánægju með ráðningu erlends leikmanns. Hamar/Selfoss hefur gengið vel undir stjórn Péturs Ingvarssonar og

nær að leggja lið Grindavíkur að velli í kvöld. Lið ÍR er óútreiknanlegt og hefur boðið sínum stuðningsmönnum upp á mjög köflótt gengi í vetur. ÍR-ingar leika eins og stjórnur einn daginn en detta svo niður á botnssættisplan þess á milli. Njarðvíkingar eiga auðveldan sigur fyrir höndum ef þeir leika sinn leik. Stólarnir eru komnir með Kristinn Friðriksson á nýjan leik og menn þar á bæ sætta sig ekki við tap á eigin heimavelli. Kappinn vill vafalítið sanna að endurkoma hans er engin tilviljun og Haukarnir munu horfa dolfallnir á sýningu frá Kristni í kvöld sem leiðir Norðanmenn til sigurs.

Stórleikur umferðarinnar verður á mánudaginn þegar núverandi Íslandsmeistarar, Keflavíkingar, taka á móti Snæfelli.



ÚTSALA 30-50% Afsláttur

NÝTT KORTATÍMABIL



opið til 21:00 í kringlunni

<b>herrar:</b>	<b>dömur:</b>
Diesel gallabuxur 5.990	Diesel buxur frá: 4.990
4 You jakkaföt 15.990	Diesel bolir frá: -30%
4 You skyrtur 1.990	Laura Aime bolir frá: 990
Energie bolir -30%	Mia bolir frá: 990
Diesel skór 4.990	Mia úlpur 4.990
Mao bolir 990	Studio NY jakkar frá: 5.990
4 You gallabuxur 3.990	Diesel skór frá: 3.990
Diesel bolir -30%	Kookaí frá: -40%

galleri sautján

kringlunni s.568 9017 - laugavegi s.511 1717 - www.nto.is



# Einka-tímar



## Skráning stendur yfir

Sími 581 1281 • www.gitarskoli.is

www.lyfja.is

### Ráðgjöf og kynning í Lyfju

Lyfja Kringlunni fös.14. jan. kl. 13:30-16:30



**Voltaren Emulgel®**  
Díklófenak tvítylamín 11,6 mg/g  
Við vöðva- og liðverkjum

**LYFJA**

Voltaren Emulgel® er notað sem staðbundin útvortis meðferð við vöðva- og liðverkjum. Lyfið má ekki bera á skramur, opin sár eða á exem, varist snertingu við augu og slímhúðir, notist einungis útvortis og má aldrei taka inn. Á meðöngu skal ávallt leita ráða læknis eða lyfjafræðings áður en lyfið er notað, þó skal það ekki notað á síðasta þriðjungi meðöngu. Litil hættu er á afsökkumtun vegna útvortis notkunar lyfisins. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.



# MCP

MICROSOFT CERTIFIED PROFESSIONAL

## VIÐURKENND ÞEKING

### VEGUR ÞUNGT Í FERILSKRÁNNI!

~µXYJRA \ReJ RÓ dR Rdeí gZÓ  
dV^ ^ eVX`X\cVWR UZde`cW  
ÁVddf dgZÓZuXVW EG d^2 JR\_ f ^  
`X\V\_ f d ^ YR\_ de`aaVZ \f \_\_ y

8 c\Re 8 3dRd \_  
I <VWZ>Z X c ? EG



> V& > 4A\_ã^ dVZ\_Z f Vc^ Rc^ Z Z R& \_V^ V\_U f c  
ô» JZbWc\_Z`X\f \_\_ ãef eJ R& dVfR f aa `XYRWf^ dð\_  
^ V& eJgf^ dV^ \Vj dRã H Z U h d I A dñcZ V&Vf Z  
? V^ V\_U f c ô» JRebg» e\ R\_ dZ\_ Z Xã\_ V&V&V^ `X  
J©dR R& Jj dR gR\_UR^ aJ dV^ R& 3AZ\_ d\_øRZGZ\_ ZVc  
H Z U h d # ! S D V g V c j \_ \_ d Z

2» \_ã^ dVZ\_Z j`\_ f ã\_ V^ R\_ U Z R& X V R d&» f^ dV d f c  
^ Z\_ Z V R^ V& Rj d&c R eJgf\_ V&RZ? ã^ Z f\_ U Z S ü c  
\_V^ V\_U f c V&Z\_ a c V&V& X V&V Xã» f\_ R^ > Z c d W  
4 V c&Z U A c W d Z\_ R j y Z

▪ <g` J U\_ i^ d V Z Ó  
> i\_ Z\_ ^ Z Z` ) i # #` X R\_ R\_ Y g V c\_ J R` Z` S I` (   
3j d R c` % Z W S Z` X J \ f c` % Z R a c Z

**ntv.is**

F AA=ãD: ? 82C @ 8 D<CÔ?: ? 8 óD& 2 &ø%&! @ 8 Ò ? EGZD

### STUÐ MILLI STRÍÐA : Að færa björg í bú

SVANBORG SIGMARSÓTTIR FINNUR FYRIR VELVIJLA Á NÝJU ÁRI

Drátt fyrir að við mæðgurnar borðuðum á okkur gat nú um hátíðarnar og ég hafi stundum velt því fyrir mér hvort ég ætti að taka upp rómverska síði átveislana, til að troða meira góðgæti ofan í mig, komst ég að því að ekki voru allir meðlimir heimilisins sama sinnis um hversu veglegar veitingarnar voru. Kötturinn á heimilinu, sem rétt er nýkominn á það stig að breima og láta eins og andsetin vera, komst að þeirri niðurstöðu að hún væri orðin stór og ætti því að uppfylla þá skyldu að færa björg í bú.

Ég veit nú ekki hvort hún var með þessu að mótmæla fæðinu sínu eða hvort hún ætlaði bara að vera sérstaklega góð við mig. En snemma í janúar birtist dauður smáfugl á ganginum hjá mér.

Þóttist ég nú strax vita að kötturinn hefði fundið þessa brád á vappi sínu um húsbökinn í nágreininu. Þetta hafði hún nú reyndar aldrei gert áður, en þeim mun stoltari var hún yfir dugnaði sínum. Hún sat því þarna hjá fuglshræinu ofboðslega ánægð með sig og beið þess að ég tæki við þessari rausnargjöf og þakkaði henni vel fyrir.

Ég var nú ekki alveg jafn hrifin af gjöfinni og gefandinn, og sýndi jafnvel af mér nokkuð vanþakklæti þegar ég vafði hræið í eldhúspappír og henti í ruslið, án þess að sýna

nokkra tilburði til þess að hamfletta fuglinn og skella á pönnu. Kettir eru ekki þekktir fyrir skáksnilli sína, eða aðra þá list sem felst í að sjá hluti fyrir. Kötturinn minn er ekkert öðruvísi og starði því á mig í forundran yfir þessu vanþakklæti mínu.

En hún gafst ekki upp. Dóttir mín hringdi í mig í angist sinni daginn eftir. Kötturinn hafði breytt aðeins um taktík og kom nú færandi hendi með lifandi fugl. Skömmu síðar hafði fuglinn flogið út um gluggann og þar með var málið leyst. Kötturinn hefur ekki síðan reynt að aðstoða mig við að afla matar og gert sér kattamatinn að góðu. Við fyrstu tilraun lærði hún að vanþakklæti eru laun heimsins. ■

## myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli



Mamma! Er í lagi að ég fái nýtt gæludýr?

Nýtt gæludýr? Hvað með Bjarna?

YAP! YAP! YAP! YAP!

GLEFG!

ADDDO ADDDO

Hvaða dýr ertu með í huga?

### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Þegar ég var yngri virkaði allt svo augljóst...

Jabb

...en eftir því sem ég eldist því óruggari er ég.

Ég skil þig.

Veistu hvað ég á við?

Því lengur sem við lifum, því færri svör erum við örugg um...

...allavega spyrjið þig mig aldrei álits.

### PÚ OG PA

Eftir SÖB



Drátt fyrir 50% óskaskatt á óskabrunnin var hann mjög vinsæll.

Viltu hjálpa mér og kasta 50 kalli fyrir mig í brunnin?

Ég óska mér að fá nýjan kropp!

Allmáttugur! Hvað er þetta sem er fast á bakinu á mér!

Úps! Óskin virkar bara fyrir þann sem kastar aurnum!

### KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



Þetta líkist rigningu.

Jabb

### BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



Fyrst gleypir þú slatta af lofti, svona...

GULP! GULP! GULP!

Síðan bara ROOOOOPPP!

Solla! Þetta er ógeðslegt.

Sá sem gleypir loft svona viljandi er ógeðslegur, barnalegur og algjör dóni!

Mamma er þarna inni að uppnefna þig.



■ STYRKARTÓNLEIKAR

# Safnað fyrir fórnarlömb flóðbylgjunnar

Hljómsveitirnar Manic Street Preachers, Snow Patrol, Embrace og söngvarinn Badly Drawn Boy hafa öll staðfest mætingu á Live-Aid tónleikana á Þúsaldarleikvanginum í Cardiff til styrktar fórnarlömbum hamfaranna í Asíu. Einnig munu Eric Clapton, Feeder og Lemar koma fram á tónleikunum, sem haldnir verða þann 22. janúar.

Skipuleggjendur vonast til þess að safna einni milljón punda fyrir fórnarlömb hamfaranna. Nú þegar hafa 45.000 miðar verið seldir, þar af 20.000 á fyrsta klukkutíma söl-

unnar. „Viðtökurnar hafa verið stórkostlegar um helgina. Seldir miðar náðu 45.000 á sunnudeginum, sem er alveg stórkostlegt afrek,“ sagði Paul Sergeant, einn skipuleggjenda hátíðarinnar. „Við erum himinlifandi með viðtökurnar. Þessir tónleikar gefa fólki tækifæri til þess að koma saman og votta fórnarlömbum hamfaranna virðingu sína.“

Bandaríkjamenn munu einnig leggja sitt af mörkum fyrir málefnið og hyggjast senda út sjónvarpsþátt í þeim tilgangi að safna peningum til styrktar fórnarlömbanna. Í



**BADLY DRAWN BOY** Er einn þeirra tónlistarmanna sem koma fram á Live Aid-tónleikunum í Cardiff til styrktar fórnarlömbum flóðbylgjunnar.

þættinum munu koma fram listamenn eins og Madonna, Diana Ross og Maroon 5. Leikararnir láta ekki sitt eftir liggja og munu George Clooney, Kevin Spacey og Uma Thurman koma fram í þættinum, sem sýndur verður á NBC-sjónvarpsstöðinni þann 15. janúar næstkomandi. ■

■ TÓNLIST

# Ný plata frá Garbage

Hljómsveitin Garbage hefur sett útgáfudag nýrrar plötu sinnar á 11. apríl næstkomandi. Platan heitir *Bleed Like Me* og eru liðin fjögur ár frá því að síðasta plata hljómsveitarinnar kom út.

Söngkonan Shirley Manson sagði á heimasíðu sveitarinnar: „Þessi nýja plata kemur út tíu árum eftir útgáfu fyrstu plötunnar okkar. Tíu helvítis ár! Þetta er alveg ótrúlegt vegna þess að mér finnst það ennþá vera nýtt fyrir mér að vera söngkona í rokkhljómsveit.“ Manson bætti því við að hljómsveitin væri gríðarlega fegin og spennt og liti á það sem stórt afrek að hafa klárað plötuna. ■



**HLJÓMSVEITIN GARBAGE** Gefur út nýja plötu í apríl og mun sú bera nafnið *Bleed Like Me*.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Söngkonan **Madonna** verður Sýnnir í sjónvarpsútsendingu þann 15. janúar til styrktar hjálparstarfi í Asíu vegna flóðanna á annan í jólum. Madonna hefur verið gagnrýnd fyrir að hafa gefið 10 þúsund flöskur af Kabbalah-vatni til þeirra svæða sem urðu verst úti í flóðunum, en lætur það ekki á sig fá. Á meðal fleiri kynna verða Christina Aguilera, Diana Ross, George Clooney og Uma Thurman.



Rokkekkjan **Courtney Love** hefur fengið forræði yfir dóttur sinni Frances Bean Cobain á nýjan leik. Love missti forræðið á síðasta ári eftir að hún hafði fengið á sig fjölmargar kærur vegna ofbeldis og fíkniefnanotkunar. Dómstólar í Los Angeles töldu að Frances Bean væri best fyrir komið hjá móður sinni, en hún hefur undanfarið dvalið hjá ömmu sinni.



Hjartaknúsarinn **Jude Law** hefur gefið í skyn að trúlofun sín og unustunnar Sienna Miller gæti staðið yfir í mörg ár. Law bað Miller á jóladag en vill bíða þar til fjölmiðlar hafa róast vegna sambands þeirra. Telur hann að það gæti tekið nokkur ár og þá verði brúðkaupið haldið fjarri sviðsljósi fjölmiðlanna.



Leikarinn **Jamie Foxx** hefur verið tilnefndur til tveggja Screen Actors Guild-verðlauna. Annars vegar er hann tilnefndur fyrir aðalhlutverk sitt í myndinni *Ray* og hins vegar fyrir aukahlutverk í *Collateral*. Gamanmyndin *Sideways* fékk fjórar tilnefningar en verðlaunin verða afhent þann 5. febrúar í Los Angeles.



Leikkonan **Lucy Liu** hefur gefið fórnarlömbum flóðanna í Asíu tæpar 13 milljónir króna. Liu segist hafa ákveðið að gefa peningana eftir að milljónamæringurinn Mohamed Al Fayed gaf stórfé til styrktar málefni.



# ENN MEIRI VERÐLÆKKUN!

## 50-70%

### afsláttur af öllum útsöluvörum

**Nýtt kortatímabil Erum að taka upp nýjar vörur.**

UNITED COLORS OF BENETTON.

S I S L E Y

Smáralind

# F2

Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga



# tónlist

í spilaranum hjá ritstjórninni

**The Futureheads:** The Futureheads, **Devendra Banhart:** Ninorojo, **Clinic:** Winchester Cathedral og **Billie Holiday:** Lady in Satin.

„He's acting shy looking for an answer  
Come on honey let's spend the night together  
Now hold on a minute before we go much further  
Give me a dime so I can phone my mother.“

- Rod Stewart, sem varð sextugur á mánudag, segir að enginn eigi að gifta sig fyrir en eftir þrjú. Í laginu Do Ya Think I'm Sexy söng hann um skyndikynni.

## [ TÓNLISTARMOLAR ]

Söngvari **Super Furry Animals** sleggur sig nú allan fram við að kynna væntanlega sólóplötu sína. Þessi frumraun **Gruff Rhys** heitir **Yr Atal Genhed-laeth** og er að miklu leyti, eins og titillinn gefur til kynna, sungin á velsku. Hann byrjar tónleikaferð sína um Wales, enda fáir sem skilja hann annars staðar.



Rapparinn **Nas** og söngkonan **RKelis** giftu sig á laugardaginn síðasta. Athöfnin fór fram í Atlanta og var mjög nán og falleg, að sögn vina. Þau lögðu sig mikið fram til þess að sleppa við augu fjölmiðla til þess að brúðkaupið yrði algjörlega þeirra.

**Frank Black**, söngvari Pixies, varð nýlega pabbi. Hann eignaðist strák og er þetta hans fyrsta barn. Pixies hefur nú lokið tónleikaferð sinni og er í æfingabúðum að semja lög á nýja plötu.



## VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



**Miele fer betur með þvottinn**

**Miele W405 þvottavél**  
Verð áður kr. 128.428

Tilboð:  
**kr. 89.900**

**Miele T233C þurrkari**  
barkalaus

Verð áður kr. 115.400

Tilboð:  
**kr. 80.781**

**Miele T223 þurrkari**  
fyrir útblástur

Verð áður kr. 98.800

Tilboð  
**kr. 69.160**

# Miele



**Miele S371 Tango Plus ryksuga**  
með 1600W mótör  
Verð áður kr. 21.300

Tilboð:  
**kr. 14.910**

Miele Tango ryksuger, Miele W405 þvottavél ásamt Miele T233C og Miele T223 þurrkurum fást nú hjá eftirtöldum aðilum á tilboðsverði.

**GEISLI**

Flötum 29, Vestmannaeyjum  
Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

**LJÓSOJAFINN**

Glergötu 34, Akureyri

## Miele þvottavélar, þurrkarar og ryksuger á einstöku tilboðsverði

**30% afsláttur**

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

## EIRVÍK

– hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík  
Sími 588 0200 - www.eirvik.is



**WEEZER** Ný smáskífa er væntanleg frá sveitinni innan tíðar. Smáskífan heitir Beverly Hills.

## Weezer í Beverly Hills

Fyrsta smáskífa Weezer af væntanlegri fimmtu breiðskífu sveitarinnar heitir Beverly Hills. Enn hefur ekki verið ákveðið hvenær á að hleypa laginu í umferð þar sem sveitin er enn að vinna að gerð breiðskífunnar.

Sveitin hóf upptökur á plötunni í haust með upptökustjóranum Rick Rubin, sem er þekktastur fyrir störf sín með Red Hot Chili Peppers og Johnny Cash, en eftir nokkrar vikur í hljóðverinu var ákveðið að samstarfið gengi ekki nógu vel. Weezer byrjaði því alveg upp á nýtt með höfuðpaurinn Rivers

Cuomo að þessu sinni í stjórn á upptökunum.

Rivers og félagar höfðu vonast til þess að klára upptökur á plötunni fyrir jól en það tókst víst ekki. Eins og aðdáendur Weezer vita er Rivers frekar sérvitur maður og haldinn mikilli fullkonnunarárættu. Það er þó talið öruggt að platan skili sér í verslanir á fyrri hluta ársins.

Í öðrum fréttum af Weezer segir að trommuleikarinn Pat Wilson eignaðist nýlega son, auk þess sem hann hefur stofnað hljóðverkefni er hann kallar The Special Goodness. ■

## [ SMS ]

### UM NÝJUSTU PLÖTURNAR

#### Hoffman: Bad Seed

„Big Brother er að mínu mati langbesta lag plötunnar og gefur góða von um að Hoffman sé fær um að geta af sér breiðskífu af bestu gerð.“ **SJ**

#### Cex: Maryland Mansions

„Þetta er áttunda breiðskífa raftónlistarmannsins Cex á fimm árum en hann er rétt rúmlega tvítugur. Hann er frumlegur, hugmyndaríkur og beittur textahöfundur.“ **BÖS**

#### Pórir: I Believe in This

„Pórir fer gjörsamlega á kostum í upphagslaginu, So is this... og Canada oh Canada, sem eru bestu lög plötunnar. Honum tekst frábærlega til með frumraun sinni og verður spennandi að fylgjast með drengnum á komandi tíð.“ **KH**

#### Antlew/Maximum: Antlew/Maximum

„Þó svo að tónlistin sé ekki það frumlegasta sem er í boði í dag eru kapparnir fagmennskan uppmáluð og hæfileikarnir fara ekki á milli mála. Færni Anthony á rappsviðinu kemst vel til skila og snertir hann á mörgum viðkvæmum viðfangsefnum í textasmíðinni.“ **SJ**

#### Búdrýgindi: Juxtapose

„Skemmtileg plata eins og forveri hennar. Sveitin er orðin þéttari en áður og óhrædd við að þróa sig áfram.“ **FB**

#### The Polyphonic Spree: Together We are Heavy

„Önnur plata The Polyphonic Spree kemur manni í gott skap. Svöltið einseleit á köflum, en rennur þó ágætlega í gegn.“ **BÖS**

#### Dizze Rascal: Showtime

„Dizze Rascal er breskari en te, djúpsteiktur fiskur og franskur kartöflur í pappír. Hann er líka alinn upp í gettóinu í London. Flugbeittur og gallharður. Frábært afrek, ein af áhugaverðari plötunum frá Bretlandi í ár.“ **BÖS**

#### Nancy Sinatra: Nancy Sinatra

„Nancy Sinatra heldur kúlínu og gerir plötu með Bono, The Edge, Jarvis Cocker, Morrissey, Calixto og Thurston Moore. Frábær plata, þó að Geir Ólafsson eigi ekki eftir að samþykkja þetta.“ **BÖS**

## PLATA VIKUNNAR



#### Pinback: Summer in Abaddon

„Sætt nýbylgjupopp sem ætti ekki að geta gengið fram af neinum. Pinback tekst hið ótrúlega, að brúa bilið á milli Slint og Jimmy Eat World.“ **BÖS**

#### Hot Chip: Coming On Strong

„Ein áhugaverðasta raftónlistarplata ársins, aðallega vegna stórkostlegra lagasmíða og sálarfullra söngvara. Tónlistarárið þitt verður ekki fullkomnað fyrir en þú hefur tékkað á þessari plötu Hot Chip.“ **BÖS**

#### Destiny's Child: Destiny Full-filled

„Fjórdá eiginlega plata Destiny's Child er allt og ekkert. Mettir aðdáendur, en bætur líklegast ekki nýjum í hópin. Tími fyrir Beyoncé að einbeita sér alfarið að sólóferlinum?“ **BÖS**

#### Manhattan – Manhattan

„Þessi þröngskífa er eingöngu smá blóðbragð af steikinni sem verður í boði þegar Manhattan stigur næsta skref og býr til sína fyrstu breiðskífu.“ **SJ**

#### U2: How to Dismantle an Atomic Bomb

„Besta plata U2 í háa herrans tíð. Mörg prýðileg lög þar sem The Edge fer á kostum.“ **FB**

#### Bizzart – Ear Drung

„Á Ear Drung heyrst glögglega að það er hægt að gera fullt af spennandi hlutum í hiphop-tónlistinni þó svo að yfirborðið sé jafn ónýtt og raun ber vitni. Bizzart er kjörinn listamaður fyrir unnendur hiphops sem vilja heyra eitthvað öðruvísi.“ **SJ**



# Góðir tónlistarvefir á netinu

Peir sem lifa og hræst í tónlist sækja ekki lengur upplýsingar sínar á síður dagblaðanna. Fréttir dagsins í dag á netinu eru fréttir dagblaðanna daginn eftir.

Netið er ótæmandi brunnur visku og óskynsamlegra upplýsinga. Með tilkomu netsins breyttist þróun tónlistar til frambúðar. Útgáfurarnir misstu töluverða stjórn á markaðinum þar sem þeir gátu ekki lengur sent allt niður þann farveg sem þeir höfðu skapað. Tónlistarmenn höfðu nú aðrar leiðir til þess að ná til fólksins. Það virðist því sem útgáfurarnir hafi ekki verið búnir að kortleggja neytendur tónlistar eins vel og þeir héldu. Margt bendir nefnilega til þess að plötusala hafi ekki minnkad með tilkomu netsins, heldur hafi hún dreifst á fleiri söluaðila. Þannig hafa risarnir þurft að draga saman segl sín, á meðan fleiri minni fyrirtæki hafa komið vörum sínum á framfæri.

Hver sækir í sinn heim. Þannig er það líka með tónlist og á netinu getur hver orðið sérfræðingur á sínu sviði, sama hversu þröngt það er. Þetta var erfiðara hér áður fyrr, þar sem hingað bárust aðeins nokkur tímarit á mánuði. Fyrir 10 árum síðan leituðu grúskarar t.d. nær eingöngu í blöð á borð við NME, Melody Maker eða Wire til þess að fá vísendingar um ferskustu straumana í tónlist. Í dag getur hver sem er beintengt sig hafi hann nettengingu heima hjá sér.

Oft er erfitt að vita hvar á að byrja, en hér eru nokkrar ábendingar.

**Fréttir**

Flest tónlistarblöðin eru með vefi þar sem oftast er hægt að finna fréttir. Eðlilega eru fréttirnar á þeim oftast mjög bundnar því

hvar í heiminum skrifstofur þeirra eru. NME.com er gott dæmi um það, þar sem flestar greinarnar eru um breskar sveitir. Sumar þeirra eru nánast óþekktar í öðrum löndum. RollingStone.com gefur svo ágætis heildarmynd af því sem er að gerast á yfirborðinu í Bandaríkjunum. Þungarokkarar geta fengið sinn skammt á Kerrang.com. Vefurinn MTV.com gefur ágætis mynd af heimi unglinga, en „fréttir“ þar eru oftast bara orðréttar fréttatilkynningar frá plötufyrirtækjum. Sjónvarpsstöðin reynir svo að sinna foreldrum krakkanna með fréttatilkynningu á VH1.com sem tengir aðallega á fréttir annars staðar frá, oft frá viðurkenndum fréttastofum svo sem BBC. Þeir sem hafa frekar brennandi áhuga á tónlistarmarkaðnum en tónlist ættu að skoða Billboard.com.

Þeim sem líður best á yfirborðinu er bent á vefina Dotmusic.com, Soundgenerator.com og Popmatters.com. Þeir kafa ekki djúpt, en skila oftast faglegum fréttum af þeim tónlistarmönnum sem eru ofarlega á sölu-



**DOTMUSIC.COM** Fyrir þá sem líður best á yfirborðinu.

listum víðs vegar um heim. Vefurinn launch.yahoo.com er besti meginstraumsvefurinn því hann býður notendum upp á að skoða myndbönd og að heyra lagabúta. Þeir sem hafa einungis gaman af kántrítónlist geta fundið sér heimili á cmt.com.

**Plötudómur**

Með komu netsins hafa skapat nokkrir miðlar sem eru byrjaðir að hafa þó nokkur áhrif á markaðssetningu tónlistar. Þar má nefna Metacritic.com sem fjallar líka um kvikmyndir og tölvuleiki. Hann safnar saman dómum héðan og þaðan, svipað og Rottentomatoes.com gerir við kvikmyndir, og setur upp heildareinkunn. Shakingthrough.net er svipaður vefur gagnrýnenda sem tekur þó enga heildareinkunn saman.

Aðalfréttastofa grúskaranna er líklegast vefurinn Pitchfork-media.com. Hann er vel skrifaður og fréttaritarar þar eru duglegir í því að skubba öðrum með merklegar fréttir. Einnig virðist hann vera gjórsamlega óspilltur af „lögmalum“ stjórnfyrirtækjanna. Það sést best á því að vefurinn gerir engar tilraunir til þess að útiloka neitt, sama þótt útgefandinn sé stórlax, smálax eða graf-lax. Vefurinn býðir einnig gestum sínum að setja inn mp3 lög, sem aðrir grúskarar geta svo kynnt sér.

**Almennt grúsk og íslenskir vefir**

Annar slíkur grúskaravefur er breski vefurinn Drowned-insound.com. Þar eru fréttir ferskar auk þess sem vefurinn er frábær þegar kemur að því að



**DROWNEDINSOUND.COM** Þar eru fréttir ferskar auk þess sem vefurinn er frábær þegar kemur að því að finna athyglisverða tónleika í Bretlandi.

finna athyglisverða tónleika í Bretlandi. Aðalstöð grúskaranna hlýtur þó að vera Allmusic.com. Þar er hægt að fá sögu, dóma og upplýsingar um nær alla tónlistarmenn heims.



**METACRITIC** Fjallar um kvikmyndir og tölvuleiki. Þar má finna dóma allstaðar að.

Hér á Íslandi er þróunin komin styttra. Vefurinn Rokk.is virðist vera miðstöð yngri tónlistarmanna sem vilja koma sér á framfæri. Þar er þeim boðið að setja lög sín á netið og fá viðbrögð á spjallþráðum. Vefurinn mp3.is er eini íslenski vefurinn sem gerir tilraunir til þess að segja fréttir af íslensku tónlistarlífi á kantinum. Hiphop.is átti að gera slíkt hið sama fyrir íslenskt hiphopp en er sjaldan uppfærður. Á hugi.is skiptast menn á skoðunum um tónlist, en oft fara þær rökræður út í innantómt skítkast. Ekki má svo gleyma vefnum tonlist.is sem er fyrst og fremst tónlistarútdráttur sem selur stök lög og plötur. Þess vegna eru fréttirnar þar oft tengdar því sem selja á hverju sinni.

biggi@frettabladid.is


# NÝJAR BRAGÐTEGUNDIR

## GRANATEPLI OG APPELSÍNA

### Fegurðin kemur innan frá

Nú á dögum erum við almennt meðvituð um heilsusamlegt lífverni og þær náttúruafurðir sem löngum hafa verið nýttar til heilsueflingar. Dæmi um þetta er Aloe Vera plantan, eyðimerkurlijan, sem inniheldur yfir 100 virk efni sem geta verið mikilvæg fyrir heilsu og útlit. Njótið endurnærandi ferskleika MS Aloe Vera jógúrtar og jógúrtdrykkjar sem veita vellíðan og stuðla að innra jafnvægi.

### Aloe Vera – gefandi jógúrt



Himn og haf / SIA - 050002



www.ms.is/aloevera



## Raunveruleikagjörningur í beinni

Málþing um raunveruleikagjörning **Birgis Arnar Thoroddsen**, ÍBÚÐIN, verður haldið í beinni útsendingu á netinu í kvöld klukkan 20.00. Sent verður beint út frá íbúðinni sjálfri en þátttakendur í málþinginu eru; **Póroddur Bjarnason** myndlistarmaður, **Hjálmar Sveinsson** heimspekingur og **Póra Þórisdóttir** myndlistarmaður sem er sýningarstjóri ásamt listamanninum. Raunveruleikagjörningurinn er hluti af sýningu Listasafns Íslands, **Ný íslensk myndlist**, en verkið fer langt út fyrir veggi safnsins. Það gerist í raun í dægurmenningunni, fjölmiðlunum og í þjóðarvitundinni og líklega er þessi gjörningur fyrsta **al-íslenska raunveruleikasjónvarpið**. Hægt er að fylgjast með framgangi verksins til 16. janúar en þá lýkur sýningunni. Sem fyrr segir fer málþingið fram í kvöld frá **kl. 20.00 til 22.00** og hægt er að fylgjast með því í beinni útsendingu á heimasíðu **Listasafns Íslands**, [www listasafn.is](http://www listasafn.is).



## EKKI MISSA AF...



Tónleikum **Sinfóníuhljómsveitar Íslands** í Háskólabíói klukkan **19.30**. Á efnisskrá eru San Francisco Polyphony eftir **Ligeti** og Sjö síðustu orð Krists eftir **Haydn**. Hljómsveitarstjóri er **Ilan Volkov**...

Sýningu **Egils Sæbjörnssonar**, **Herra Píano** og **Frú Haugur**, í **101 gallery** við Hverfisgötu...

Leiksýningunni **Böndin á milli okkar** á Litla sviði Þjóðleikhússins. Sýning annað kvöld.

# menning

menning@frettabladid.is

## MIRALE

MIRALE er eini umboðsaðili Cassina á Íslandi

áður kr. 275.000  
nú kr. **233.000**

**MIRALE**  
Grensásvegi 8  
108 Reykjavík  
sími: 517 1020

**Opið:**  
mán. - föstud. 11-18  
laugard. 11-15

Cassina

## Stríðsmenn hjartans á Akureyri

Hundrað milljónir í seðlum, sjúkrarúm og eiturlyfjavíma, undir tibetskum munkasöng á Listasafni bæjarins.

Í Listasafninu á Akureyri verður opnuð sýning um helgina sem ber heitið Stríðsmenn hjartans; sýning sem ætti að snerta okkur öll, hvort sem við höfum áhuga á að fylgjast með stefnum og straumum í listalífnum eða erum of önnur kafin á stríðsvelli hversdagsins eins og forstöðumaður safnsins, Hannes Sigurðsson, orðar það en Hannes vinnur sýninguna í samvinnu við listamanninn og ljósmyndarann Ashkan Sahihi sem er fæddur í Íran, uppalinn í Þýskalandi og búsettur í New York. Þegar Fréttablaðið hafði samband við Hannes, hafði hann rétt fengið í hús tvær herjans miklar stálkistur fullar af peningum, eða nákvæmlega hundrað milljónir í reiðufé enda er meginuppistaðan 100 milljónir í reiðufé og tibetskur munkasöngur.

„Það er hrikaleg lykt af þessu,“ segir Hannes, „enda er alls konar fólk búið að fara höndum um þessa peninga.“

Hins vegar segir Hannes af og frá að sýningin snúist aðeins um þessa seðla. „Hún snýst um svo gríðarlega margt og það er hægt að koma að henni á svo mörgum stöðum. Ef við byrjum á listinni, þá manstu eftir Duchamp og klósettskálinni 1917. Hann sagði að þetta væri listaverk – „ready made“. Og það má segja að hér höfum við þróað hugmynd Duchamps til enda og erum með hið fullkomna „ready made“ og



**HANNES SIGURÐSSON** Hundrað milljónir eru fræðileg tala.

hið harðasta konkret sem við getum hugsað okkur á okkar tímum þar sem peningar ráða öllu. Án þess að ætla að guðlasta, myndu margir segja að peningar hefðu tekið við sem drottinn allsherjar, sem alfa/omega, í okkar lífi.

Þegar við vorum að velja töluna hundrað milljónir, þá var það bara fagurfræðileg tala. Það var hins vegar spurning hvert við ættum að leita eftir slíkri upphæð. Við þurftum að leita til Seðlabankans með seðlana, og blöndum saman gömlum og nýjum. Það er líka athyglisvert að það tekur meðal Íslending alla ævina að vinna fyrir þessari summu. Þú horfir á þessar peningahrúgur og getur látið þig dreyma um jeppa, utanlandsferð, allt sem hugurinn girnist. Er það ekki transport listanna, mál málanna, listin mikla?“

Sýningunni má lýsa sem eins konar innsetningu og afar nútímallegri konkretlist. „Á leið inn í miðsal safnsins mætirðu mikilli stálblökk,“ segir Hannes, „sem nemur opinu inn í innri salinn, því þröngar eru dyrnar – segi ég – inn í musteri mammons rétt eins og inn í himnaríki. Þar eru ellefu stöplur – þar sem við erum að reyna að halda okkur í fagurfræðinni – sem geyma peningana hundrað milljónir króna í seðlum. Á veggjum sem eru snjakahvítir, vegna þess að peningarnir eru búnir að taka við listinni, eru ellefu ljósmyndir, heljarstór portrett af ellefu einstaklingum sem eru á mismunandi fíkniefnum. Við erum að tala um LSD, kókaín, krakk, alsælu, allan pakkann. Þessar myndir gerði listamaðurinn með fólki sem ekki er fíklar, en hjálpuðu honum með verkefnið með því að láta ljósmynda sig í vinnunni. Á meðan á þessum myndatökum stóð var hjúkrunarkona á staðnum ef eitt-hvað kæmi upp

á. Sem sagt, við blasa einstaklingar á vissri tegund af vímu, því við skulum ekki gleyma því að peningar eru viss tegund af vímu.“

Þegar Hannes er spurður hvaða merkingu yfirskrift sýningarinnar, Stríðsmenn hjartans, hefur segir hann: „Við getum spurt: Hvar eru stríðsmennirnir? Eru þeir í Írak eða eru þeir innra með okkur?“

Yfir sýningunni svífur mikið bíókerfi í loftinu með tibetskum munkasöng í sérstakri útsetningu Hilmars Arnar Hilmarssonar. Inn á milli má heyrja reggígoðið Peter Tosh kyrja „Don't look back,“ ásamt Mick Jagger, sem breytir öllu í eina allsherjar stuðveisl.

„Í vestursalnum hefur verið komið fyrir ellefu eldgömlum sjúkrarúmum frá FSA sem ég fékk lánuð,“ segir Hannes. Þau eru frá um um það bil 1935 og uppabúin. Annað er ekki í salnum. Ljósíð er mjög dimmt þar inni. Ég var að hugsa um að bjóða fólki upp á heildstætt nudd eftir sjökkíð en sá fram á að líklega vildi fólk frekar hvíla lúin bein – eða bara gefa upp andann eftir ósköpin. Í litlum klesa er síðan hjólastóll og ekkert annað. Þegar ég var í Bandaríkjunum að læra horfði ég oft á sjónvarpsprettinn Bob Ross, blökkumann með afróhár. Hann varð ríkur á því að kenna fólki að mála litlar dísætar landslagsmyndir. Inni í klesanum er program, kennsla með Bob, þar sem hann er að sýna hvernig á að mála litlar sætar landslagsmyndir og ber heitið: Your private classroom with Bob Ross.“

Það er örugglega mikil lífsreynsla að skoða sýninguna á Akureyri, enda segir Hannes hana vera að vekja heimsathygli. „Það hefur aldrei verið gert annað eins í listaheiminum,“ segir hann. „Það hefur aldrei verið sýnd önnur eins upphæð af peningum.“ ■

**PENINGAR ERU VISS  
TEGUND AF VÍMU**  
í vímu

## Útsalan enn í fullum gangi 40% afsláttur af öllum vörum



Nýtt kortatímabil

## FRAMKOMU & FYRIRSAETU NÁMSKEIÐ

Sjö vikna námskeið hefjast 25. og 27. janúar.

Kennt verður einu sinni í viku, einn og hálfan tíma í senn. Umsjónarmaður námskeiðsins er Kristín Ásta Kristinsdóttir Umsjónarmaður Ford keppinnar, auk frábærra gestakennara.

Námskeiðinu lýkur með stórrí tiskusýningu í Kringlunni. Stúlkurnar verða farðaðar af nemendum fóðunarskóla NO NAME.

Allir þátttakendur fá Eskimo bol, viðurkenningarskjál, 16 sv/hv myndir og lykjakippu. Verð 15.500 kr..

Skráning er hafin í síma 533-4646 og á vefsíðunni [www.eskimo.is](http://www.eskimo.is).



eskimo  
models : casting : atmo

- Sjálfstyrking
- Framkoma og líkamsburður
- Innsýn í fyrirsætustörf
- Föðun
- Umhirða húðar og hárs
- Undirbúningur fyrir myndatöku
- Myndataka (16 sv/hv myndir)
- Tiskusýningaganga
- Fíkniefnafræðsla frá Götusmiðjunni
- Myndbandsupptökur
- Leikræn tjáning

Skráning er einnig hafin á framhalds-Framkomu og fyrirsætunámskeið.





# Mér finnst ég þjóðlegur

Finnur Arnar opnar sýningu í 8 í dag.

Finnur Arnar opnar í dag sýningu á nýjum verkum í 8 gallery við Klapparstíg. Á sýningunni verða myndbandsverk, ljósmyndir og ýmislegt fleira. Finnur útskrifaðist frá MHÍ 1991 og hefur eftir það starfað jöfnum höndum að myndlist og leikmyndahönnun. Í myndlist sinni hefur hann leitað við að gera hið hversdagslega að umfjöllunarefni og kannað mannlegt eðli.

„Þett er einhver existensíalismi sem hefur herjað á mig,“ segir Finnur. „Þetta eru vangaveltur um lífið og tilveruna, um sköpunarmáttinn til að búa til og sköpunarmáttinn til að búa eitt-

hvað til til þess að drepa; upphaf og endi og tímapælingar.“ Í grein sem Halldór Björn Runólfsson hefur ritað um Finn, segir hann verk hans einkennast af vangaveltum sem eru sprottnar úr könnun hans á skapandi krafti óreiðunnar bæði í náttúrunni og siðmenningunni – en sjálfur segir Finnur: „Mér finnst ég alltaf vera mjög þjóðlegur. Ég leita mikið efnisfanga í náttúruna og mannlegt eðli, allt sem er hluti af okkar arfleifð og býr í hjartanu á mér.“

Finnur segist ekki vera að halda því fram að við séum að tapa náttúrunni. „Ég held að við meðhöndlum hana öðruvísi. Kannski erum við að tapa tengslum á vissan hátt. Það er kannski

einn og einn karl sem kann að horfa í skýin og segja fyrir um veðrið. Tengsl okkar við náttúruna eru allt öðruvísi en þau voru fyrir, til dæmis, fimmtíu árum. Við treystum á jarðfræðinga og veðurfræðinga í dag.“

Á sýningunni er Finnur með tvö myndbandsverk, ljósmyndir og síðan með kindahausa. „Ég er líka með grænt gras sem ég rækta og eitt verkið bý ég til og sauma. Það er helgríma úr kindaskinni og það er það sem ég á við þegar ég segi að við búum til eitthvað í þeim tilgangi að drepa.“

Halldór segir einnig að Finnur fjalli um forsendur karlmennskunnar á okkar dögum. Sjálfur segist hann þó ekki gera það í eins



FINNUR ARNAR Tengsl okkar við náttúruna eru allt öðruvísi en þau voru fyrir, til dæmis, fimmtíu árum.

ríkum mæli í sýningunni sem opnar í dag og oft áður. En hverjar eru forsendur karlmennskunnar í dag?

„Þær mjúku og hörðu. Við lifum ekki í sama samfélagi og þegar

ég var lítill. Þegar ég kem heim eftir vinnudag, leggst ég ekki upp í sófa með Moggann. Ég sakna þess heldur ekki. Í dag erum við karlmenn betri fyrirmyndir að mörgu leyti en áður var.“ ■



HANDRIT SIGVALDA KALDALÓNS Nokkur handrita Sigvalda Kaldalóns verða til sýnis á ljóðatónleikum í Salnum í kvöld.

## Handrit Kaldalóns

Ellefu handrit að lögum Sigvalda Kaldalóns, rituð með hans eigin hendi, verða til sýnis á ljóðatónleikum í Salnum í kvöld ásamt nokkrum frumútgáfum að söngheftum með lögum Sigvalda.

Á tónleikunum flytja þau Ólafur Kjartan Sigurðarson barítón, Sigrún Hjálmtýsdóttir sópran, Sigríður Aðalsteinsdóttir mezzósópran, Sesselja Kristjánsdóttir mezzósópran, Jóhann Friðgeir Valdimarsson tenór, Snorri Wium tenór og Jónas Ingimundarson píanóleikari lög Sigvalda í tilefni af útkomu geisladisksins Svanasöngur á heiði.

Handritin eru í eigu Evu Ragnarsdóttur. Faðir hennar, Ragnar Ásgeirsson, var æskuvinur Sigvalda. Þeir skrifuðust á alla tíð og Sigvaldi sendi honum nokkur handrit með þekktum sönglögum eftir sig. ■



F Y N D I Ð • F E R S K T • F J Ö R U G T • F A R S A K E N N T

# HÉRI HÉRASSON

eftir Coline Serreau

Leikstjóri: Stefán Jónsson

„Ég hef sjaldan séð Hönnu María gera betur.“ María Kristjánsdóttir / Morgunblaðið

„...sýningin var ekki bara skemmtileg og glettilega sett saman heldur komst grafalvarlegur boðskapur hennar mjög vel til skila.“ Elisabet Brekkan / DV

„Það er mikill uppgangur í Borgarleikhúsinu þessa daga og sýningin á Héra Hérasoni er dæmi um hve leikhúpurinn í húsinu mætir gríðarlega sterkur til leiks.“ Valgeir Skagfjörð / Fréttablaðið

„Brilljant leikhús!“ Valgeir Skagfjörð / Fréttablaðið „Stefán Jónsson hefur, ásamt Berki Jónssyni og hinum, í stuttu máli sagt, gert farsann að listrænum viðburði. Geri aðrir betur.“ María Kristjánsdóttir / Morgunblaðið



LETTBJÖR

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3 • 103 Reykjavík  
Miðasala 568 8000 • www.borgarleikhus.is



# SAND

W O M A N

? f ] b [ ` i b b ] ` i ` ) ` ` ( % ( %



**VODKAKÚRINN**

Helga Braga Steinn Ármann  
**AUSTURBÆR**

Fös. 14/01 2005 kl. 20.00 Sæti laus  
Fös. 21/01 2005 kl. 20.00 Sæti laus  
Pantanir í síma 551 4700  
miðasala opin 14 - 18 virkadaga  
www.vodkakurinn.is og www.midi.is

**TOSCA**

Landsbankinn  
Banki allra landsmanna

Frumskýning 11. feb. kl. 20.00 – UPPSELT – 2. sýning 13. feb. kl. 19.00  
3. sýning 18. feb. kl. 20.00 – 4. sýning 20. feb. kl. 19.00 – FÁAR SÝNINGAR

Námskeið um Toscu og Puccini hjá Endurmenntun Háskóla Íslands  
Skráning í síma: 525 4444 – endurmenntun@hi.is

Miðasala á netinu: www.opera.is

www.opera.is | midasala@opera.is | Sími miðasölu: 511 4200 | ÍSLENSKA ÓPERAN

Miðasalan er opin kl. 14-18 virka daga, kl. 13-18 lau. og sun. og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 virka daga.

**TENÓRINN** **FADIR VOR**

fös. 4. feb. kl. 20.00  
sun. 13. feb. kl. 20.00  
sun. 20. feb. kl. 20.00  
**Sýningum fer fækkandi**

fim. 13. jan. kl. 20.00  
fös. 21. jan. kl. 20.00  
lau. 29. jan. kl. 20.00

**ÍÐNÓ** Miðasala í síma 562 9700  
www.idno.is

**ÖXIN OG JÖRÐIN ÖRFÁ SÆTI LAUS Í KVÖLD!**

Stóra sviðið kl. 20.00

**ÖXIN OG JÖRÐIN** - Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.  
5. sýn. í kvöld fim. 13/1 örfá sæti laus, 6. sýn. fös. 21/1 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 28/1 örfá sæti laus, 8. sýn. lau. 5/2 nokkur sæti laus, 9. sýn. lau. 12/2.

**ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA** - Hallgrímur Helgason Leikgerð: Baltasar Kormákur  
Fös. 14/1 örfá sæti laus, fim. 20/1 nokkur sæti laus, lau. 29/1 örfá sæti laus. Aðeins þessar þrjár sýningar eftir.

**EDITH PIAF** - Sigurður Pálsson  
Lau. 15/1 uppselt, sun. 16/1 örfá sæti laus, lau. 22/1 uppselt, sun. 23/1 örfá sæti laus, fös. 4/2 örfá sæti laus, sun. 13/2, lau. 19/2.

**DÝRIN Í HÁLSASKÓGI** - Thorbjörn Egner  
Sun. 16/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 23/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 30/1 kl. 14:00. Fáar sýningar eftir.

Smíðaverkstæðið kl. 20.00

**NÍTJÁNHUNDUR** - Kaffileikhús - Alessandro Barrico  
Lau. 15/1 nokkur sæti laus, lau. 22/1. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Litla sviðið kl. 20.00

**BÖNDIN Á MILLI OKKAR** - Kristján Þórður Hrafnsson  
Fös. 14/1 nokkur sæti laus, fim. 20/1 örfá sæti laus, fim. 27/1, lau. 29/1. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is Vefang: www.leikhusid.is  
Opnið kl. 13:00-18:00 mán.-þri. Aðra daga kl. 13:00-20:00. Simapantanir frá kl. 10:00 virka daga.  
Þjóðleikhúsið sími 551-1200

**BORGARLEIKHÚSIÐ**  
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

**STÓRA SVIÐ**

**HÍBYLI VINDANNA**  
leikgerð Bjarna Jónssonar á vesturfara-sögu Böðvars Guðmundssonar  
Lau 15/1 kl 20 - rauð kort - UPPSELT  
Su 16/1 kl 20 - græn kort - UPPSELT  
Fö 21/1 kl 20 - blá kort - UPPSELT  
Lau 22/1 kl 20 - UPPSELT  
Fim 27/1 kl 20 - Aukasýning  
Lau 29/1 kl 20 - UPPSELT, Su 30/1 kl 20  
Fi 3/2 kl 20 - UPPSELT  
Lau 5/2 kl. 20, Sun 6/2 kl 20  
Fö 11/2 kl 20, Lau 12/2 kl 20

**HÉRI HÉRASON**  
e. Coline Serreau  
Fö 14/1 kl 20, Su 23/1 kl 20, Fö 28/1 kl 20

**LÍNA LANGSOKKUR**  
e. Astrid Lindgren  
Su 16/1 kl 14, Su 23/1 kl 14, Su 30/1 kl 14,  
Su 6/2 kl 14, Su 13/2 kl 14 Síðustu sýningar

**ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN**  
Fjölskyldusýning  
THE MATCH, ÆFING Í PARADÍS, BOLTI  
Lau, 15/1 kl 14, Lau 22/1 kl 14

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**

**LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA**  
- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI -  
kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin  
kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið  
- kynning á verki kvöldsins  
kl 19:00 Matseðill kvöldsins  
kl 20:00 Leiksýning kvöldsins  
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKID Í TÍMA

**NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ**  
**BELGÍSKA KONGÓ**  
e. Braga Ólafsson  
Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki  
Fö 14/1 kl 20 - UPPSELT, Su 16/1 kl 20  
Fi 20/1 kl 10, Su 23/1 kl 20  
Su 30/1 Sýningum lýkur í febrúar

**AUSA eftir Lee Hall og STÓLARNIR eftir Ionesco**  
Í samstarfi við LA  
Í kvöld kl 20, Lau 15/1 kl 20  
Síðustu sýningar á Stólunum

**SVIK**  
eftir Harold Pinter  
Samstarf: Á SENUNNI, SÖGN ehf. og LA  
Fö 14/1 kl 20, Fi 20/1 kl 20, Fö 4/2 kl 20

**SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR**  
eftir Agnar Jón Egilsson  
Í samstarfi við TÓBIAS  
Frumskýning Su 16/1 kl 20 - UPPSELT  
Lau 22/1 kl 20, Fi 27/1 kl 20, Su 30/1 kl 20  
ATH: Bönnuð yngri en 12 ára

Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:  
10-18 mánudaga og þriðjudaga,  
10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga  
12-20 laugardaga og sunnudaga

Miðasölusími 568 8000  
midasala@borgarleikhus.is  
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA  
PÉTUR GUNNARSSON Les úr Passíusálmum Hallgríms Péturssonar á milli þátta í verki Haydns um Sjö síðustu orð Krists á krossinum.

## Jarðskjálfti í Háskólabíói

Pétur Gunnarsson rithöfundur kemur fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum í Háskólabíói í kvöld. Pétur les þar valda kafla úr Passíusálmum Hallgríms Péturssonar á milli þátta í verki Haydns um Sjö síðustu orð Krists á krossinum.

„Það sem við erum að gera er þannig í raun og veru hliðstætt við fyrsta flutning á verkinu,“ segir Pétur. „Þá var þetta flutt þannig að á milli þáttanna var lesið viðeigandi orð Krists og síðan var lagt út af því í stuttri predikun.“

Verk Haydns var frumflutt í dómkirkjunni í Cádiz í Andalúsíu árið 1786. Haydn stóð þá á hátindi ferils síns og hafði fengið þöntun frá kirkjunni um röð hljómsveitarverka sem byggðu á síðustu orðum Krists á krossinum. Verkið átti að flytja í rökkvaðri kirkju sem eins konar „passíu“ í dymbilviku.

Í Passíusálmunum orti Hallgrímur Péturssonar meðal annars út af sjö orðum Krists á krossinum. Hallgrímur helgar heilan sálm hverju orði, en allt of langt yrði að lesa heilan Passíusálm á milli þátta í verkinu.

„Ég hef valið úr hverjum sálmi það sem er hvað dæmigerðast fyrir viðkomandi orð Krists.“

Hljómsveitarstjóri á þessum tónleikum verður Ilan Volkov, en auk verksins eftir Haydn verður flutt verk eftir György Ligeti sem nefnist San Francisco Polyphony.

Pétur Gunnarsson hefur ekki áður komið fram með sinfóníuhljómsveit, og segist ekki hafa átt von á að það gerðist nokkurn tímann.

„Þetta var hugmynd sem þeir fengu hjá Sinfóníunni og nefndu við mig. Eg var svolítið huggsi yfir þessu fyrst í stað en svo fannst mér mjög uppörvandi að sjá að þetta hefði verið svona þegar Haydn var sjálfur við stjórnvölinn.“

Pétur hefur bæði lesið sér til um verkið og hlustað á það í sunginni útgáfu þar sem kór syngur orð Krists á krossinum við tónlistina.

„Þetta er mjög fallett verk og kraftmikið. Svo endar það í hamföllum, einhvers konar jarðskjálfta í lokatrúkkunum enda rifnaði tjaldið og himinninn myrkvaðist og jörðin skalf þegar Kristur gaf upp öndina.“

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

10 11 12 13 4 15 16

#### Fimmtudagur

### TÓNLEIKAR

- 12.15 Gunnlaugur Þór Briem leikur á píanó á hádegistónleikum í sal Tónlistarskóla Garðabæjar að Kirkjulundi.
- 19.30 Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur verk eftir Haydn og György Ligeti í Háskólabíói. Stjórnandi er Ilan Volkov en rithöfundurinn Pétur Gunnarsson les valda kafla úr Passíusálmum Hallgríms Péturssonar.
- 20.00 Ólafur Kjartan Sigurðarson barítón, Sigrún Hjálmtýsdóttir, sópran, Sigríður Aðalsteinsdóttir, mezzosópran, Sesselja Kristjánsdóttir, mezzosópran, Jóhann Friðgeir Valdimarsson, tenór, Snorri Wíum, tenór og Jónas Ingimundarson píanóleikari flytja lög Sigvalda Kaldalóns á tónleikum í Salnum, Kópavogi, sem haldnir eru í tilefni af útgáfu geisladisksins Svanasöngur á heiði.
- 20.30 Gítarleikaramir Sylvain Luc og Björn Thoroddsen koma fram á Nasa við Austurvöll.
- 22.00 Mike Pollock verður með tónleika á Café Rosenberg.
- 22.00 Hljómsveitin Mal-neirophrenia kemur fram á Grand Rokk.

### LISTOPNANIR

- 17.00 Finnur Arnar opnar sýningu á nýjum verkum í 8. Þetta er fyrsta sýning listamannsins í galleríinu.

### SKEMMTANIR

